



**Fegurðar-
drottning
fagnar með
vinkonunum
allt**



**Risarnir mætast
fótbolti 60**



spottið 12

**Úrval af málverkum
Frábært verð !**



Erum á móti IKEA

Gallery Art2b

Kauptún 3 - Garðabær - 5 33 22 00 - www.art2b.is


FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

28. maí 2011
123. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

**10
ÁRA**
2001 - 2011

*Sambærni eimil/Sáttunin, Genesent Cellun sjómur - maí 2011



Hálfgæð tímaskekkja
Einar Þorsteinn Ásgeirsson
hönnuður ræðir yfirlitssýn-
inguna Hugvit.
menning 22



Lífshættuleg ljósaböð
Katrín Vilhelmsdóttir
greindist með sortuæxli.
heilsa 24

Takk fyrir tókall

Körfubolta-
lýsingar Svala
Björgvins
vefja athygli.
körfubolti 36



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Heimili&Hönnun | Allt | Allt atvinna



TÍMAMÓT Í RÉTTINDABARÁTTU Hvert sæti var skipað á pöllum Alþingis í gær þegar samþykkt var frumvarp um stöðu íslenskrar tungu og tákn máls. Lögin staðfesta að tákn máls er fyrsta mál þeirra sem þurfa á því að halda. Tár féllu enda líkur þar með tuttugu ára baráttu fyrir viðurkenningu þessara grundvallarmannréttinda.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Öryrkjum fjölga hægar

Öryrkjum fjölgaði um 200 milli 2009 og 2010. Hefur fjölgað um 400 til 800 á ári um langt skeið. Úrræði hafa tryggt endurhæfingu og virkni. Tryggja verður að ekki verði vikið af þessari braut segir forstjóri TR.

SAMFÉLAGSMÁL Öryrkjum fjölgaði mun hægar í fyrra en árin á undan. Þetta er þvert á allar spár um mikla fjölgun öryrkja í kjölfar efnahags- hruns og aukins atvinnuleysis. Hlutfallsleg aukning milli árána 2009 og 2010 var aðeins 1,4 prósent, eða um 200 manns, í stað aukningar um 400 til 800 á ári um langt skeið. Skýringuna er líklegast að finna í aðgerðum stjórnvalda undanfarin ár, að sögn Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur, forstjóra Tryggingastofnunar.

„Stjórnmöld hafa gripið til

margvíslegra úrræða til þess að tryggja betur endurhæfingu og virkni í kjölfar atvinnuleysis og heilsuþrestra. Atvinnuleysisbætur hafa til dæmis verið hækkaðar og fólk getur verið lengur á bótum en áður,“ bendir Sigríður Lillý á.

Hún er jafnframt þeirrar skoðunar að Vinnumálastofnun hafi frá bankahruni unnið þrekvirki við að halda uppi virkni atvinnulausra með margvíslegu uppbygglegu starfi. „Í Tryggingastofnun höfum við svo endurskotið öll okkar vinnubrögð varðandi endur-

hæfingarmat, virk endurhæfingarárræði og örorkumat að fengnum lagabreytingum sem gerðu okkur það kleift.“

Sigríður Lillý segir ekkert benda til breytinga á fækkun öryrkja það sem af er þessu ári. „En auðvitað veit maður ekki hvað gerist. Það þarf að fylgjast vel með þessari þróun, ekki bara í örorkumálunum, heldur einnig atvinnulífnum. Það þarf að lesa þetta saman og skoða hvað við höfum gert vel svo að við víkjum ekki út af þessari braut.“

Fjöldi öryrkja í desember síðast-

liðnum var 14.714. Konur voru í meirihluta eða 9.025.

Örorkuþegum hefur fjölgað ár hvert en nokkuð mismunandi eftir tímabilum. Fyrri hluta tíunda áratugarins var fjölgunin hvað mest hlutfallslega og náði hámarki 1993 þegar hún var 11,5 prósent milli ára.

„Með minnkandi atvinnuleysi hægði nokkuð á þessari þróun þar til 1999 þegar fór í sama farið. Aukningin eftir það var hvað mest fram til ársins 2005,“ greinir Sigríður Lillý frá.

- ibs



**GERÐU VERÐSAMANBURÐ
LÆGRA LYFJAVERÐ Í 15 ÁR**

Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Setbergi • Akureyri

Apótekið
– einfalt og ódýrt

www.apotekid.is



Arnar, klikkaðir þú að á að toppa á hárréttum tíma?

„Það er alveg hárrétt hjá þér.“

Arnar Gunnlaugsson setti upp hárkollu í auglýsingu vegna þátttöku U21-landsliðs karla í úrslitakeppni EM í næsta mánuði. Í auglýsingunni eru eldri knattspyrnuheftur að reyna að smygja sér inn í hið sigursæla ungmenni.

Harma lokun hjá ja.is:

Já-menn ekki á fund bæjaráðs

ATVINNUMÁL Bæjarráð Akureyrar lýsti í gær megnri óánægju með ákvörðun Já Upplýsingaveitna að loka starfsstöð ja.is á Akureyri.

„Bæjarstjóri hefur óskað eftir því við stjórnarformann og for-



EIRÍKUR S. BJÖRGVINSSON

stjóra fyrir-tækisins að þær komi á fund bæjarráðs vegna þessarar lokunar, en þær hafa ekki séð sér fært að verða við þeirri ósk til þessa,“ sagði í bókun bæjarráðsins. Fyrirtækið hefði um áráraðir, bæði fyrir og eftir einkavæðingu, notið þjónustu góðs og trausts starfsfólks sem nú yrði fyrir barðinu á þeirri ákvörðun fyrir-tækisins að flytja störf á suð-vesturhorn landsins. „Bæjarráði þykir miður að fyrirtækið skuli ekki hafa samband við bæjar-yfirvöld, áður en ákvörðunin var tekin.“

- gar

Gervitungl mæla gróður:

Gróðursælla land en áður

NÁTTÚRA Mun gróðursælla er hér á landi nú heldur en á undanförunum árum. Greining á gögnum frá gervitunglum NOAA-stofnunarinnar í Bandaríkjunum, sem greina blaðgrænu og grósku gróðurs á yfirborði jarðar, sýna að gróður á Íslandi hefur aukist um tæp 50 prósent síðan árið 1982. Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þetta sé líklega fyrstu mæliniðurstöður af þessu tagi sem birtar eru fyrir landið í heild.

Líklegt er að aukningu gróðurs á landinu megi rekja til hlýnandi veðurfars, minnkandi búfjárbeitar og aukinnar landgræðslu og skógræktar.

- sv

Utanríkisráðherra í ræðustóli á Alþingi í gær um viðbúnað vegna komu kínverska forsetans árið 2002:

Össur bað iðkendur Falun Gong afsökunar

MANNRÉTTINDI Össur Skarphéðinson utanríkisráðherra baðst í gær afsökunar, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, á meðferð sem Falun Gong-iðkendur máttu þola í tengslum við Íslandsheimsókn Jiangs Zemins, forseta Kína sumarið 2002.

Afsökunarbeiðnin kom úr ræðustól Alþingis eftir fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur, þingkonu Hreyfingarinnar.

Hún sagði meðal annars í ræðu sinni: „Íslensk stjórnvöld brutu á mannréttindum, mál- og tjáningarfrelsi og ferðafrelsi þessa fólks og

bæði Persónuvernd og umboðsmaður Alþingis úrskurðuðu síðar að lög hefðu verið brotin um þessa gesti okkar.“

Hún spurði síðan hvort ekki væri tímabært að biðja viðkomandi formlega afsökunar.

Össur sagði alveg víst að svona nokkuð myndi ekki endurtaka sig á meðan þessi ríkisstjórn sæti og tók svo Margréti á orðinu.

„Ég get, fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, héðan úr þessum stóli, beðið þá sem þá komu og urðu fyrir brotum af þessu tagi, afsökunar.“



AFSÖKUNARBEIÐNI Össur bað iðkendur Falun Gong afsökunar á þingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Össur sagðist hafa talað gegn framferðinu gegn Falun Gong bæði í stjórnarandstöðu og sem ráðherra og taldi að þarna hefði verið farið út fyrir heimildir.

„Mér fannst þetta að öllu leyti vera mjög ranglega að farið,“ bætti hann við.

Margrét fagnaði orðum Össurar en hvatti ríkisstjórnina í heild til að biðja formlega afsökunar.

Össur svaraði því til að hann teldi að ekki væri til einlægari eða formlegri boðleið fyrir afsökunarbeiðni ríkisstjórnar en úr ræðustóli Alþingis.

- þj



BREIÐAVÍKURHEIMILIÐ Flestir vistmenn hafa samþykkt sáttaboðin sem þeim voru send.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Yfir 200 milljónir til Breiðavíkurdrengja

Meðalbætur til vistmanna eru um 3,6 milljónir. Alls barst 121 umsókn um bætur. Flestir hafa samþykkt sáttaboðin og er greiðslum að mestu lokið. Helm-ingur á Kumbaravogi sótti um og meirihlutinn úr Heyrnleysingjaskólanum.

SAMFÉLAGSMÁL Greiddar hafa verið á þriðja hundrad milljónir króna úr ríkissjóði til Breiðavíkurdrengja frá því að greiðslur hófust í apríl-byrjun. Meðalbæturnar til vistmanna eru um 3,6 milljónir króna, að sögn Halldórs Þormars Halldórssonar, lögfræðings hjá Sýslumanninum á Siglufirði sem ákvarðar bæturnar.

„Þessum greiðslum er að mestu lokið. Alls barst 121 umsókn en vistmenn á Breiðavíkurheimilinu, sem starfrækt var frá 1952 til 1979, voru að minnsta kosti 155 en jafnvel 159,“ greinir Halldór frá.

Hann segir sáttaboð hafa verið send út í mars en þar sem enn hafi ekki borist svör við þeim öllum sé óljóst um niðurstöðu í nokkrum málum. Eftir er að afgreiða fjórar umsóknir.

„Einn einstaklingur hefur þegar sent erindi til úrskurðanefndar um sanngirnibætur sem getur ákvarðað hærri bætur eða talið sáttaboð fullnægjandi. Óvíst er um nokkur sáttaboð en þau eru innan við tíu. Aðrir hafa samþykkt sáttaboðin.“

Að sögn Halldórs voru greiddar tvær milljónir strax til hvers einstaklings. „Samkvæmt lögum ber að geyma allt umfram tvær milljónir í 18 til 36 mánuði. Það fengu þó nokkrir sáttaboð upp á fjórar milljónir króna eða meira, en það er ekki útilokað að sumir fái síðar viðbótarbætur, hafi þeir orðið fyrir miska á öðrum vistheimilum.“

Áætlað var að heildarbætur gætu numið 300 milljónum króna. „Þessi tala hefur verið svölitið á reiki þar sem fjárþörfin hefur verið metin svölitið eftir því sem málið

hefur unnist. Þetta er á sérstökum fjárlagalið. Tengiliður vistheimila er á sama fjárlagalið. Rannsóknarnefndin er á öðrum fjárlagalið,“ tekur Halldór fram.

Hann getur þess jafnframt að sýslumannsembættið á Siglufirði hafi ekki fengið neina aukafjárveitingu vegna þessa verkefnis.

Á næstu dögum verða send sáttaboð til þeirra sem voru vistmenn á Kumbaravogi. „Vistmenn þar voru 32 en 15 sóttu um bætur. Sumir vistmanna greindu frá harðræði en aðrir sögðu vistina hafa verið ágæta.“

Alls hafa 120 af þeim 175 sem voru í Heyrnleysingjaskólanum sótt um bætur, segir Halldór.

Auglýst verður í sumar vegna bóta til þeirra sem dvöldu í Reykja-hlíð og á Bjargi. ibs@frettabladid.is

Grunaðir um misþyrmingar:

Félagar í Black Pistons verða áfram í haldi

LÖGREGLUMÁL Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, leiðtogi vélhjól-samtakanna Black Pistons, hefur hafið afplánun eftirstöðva tveggja ára fangelsisdóms sem hann hlaut fyrir brennu haustið 2009.

Ríkharð hafði setið í gæsluvarðhaldi í tvær vikur grunaður um hrottalega handrúkkun og fleiri brot. Með því er hann talinn hafa rofið skilyrði reynslulausnar sinnar.

Félagi Ríkharðs, Davíð Freyr Rúnarsson, hefur einnig setið í varðhaldi vegna málsins. Það var í gær framlengt til 23. júní.

- sh



TÓNLISTARHÚS Til stendur að laða fleiri gesti til landsins með viðtöku samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Icelandair og Harpa:

Fjölbreytt samvinna í tvö ár

FERÐAÞJÓNUSTA Harpa og Icelandair undirrituðu í gær samstarfs-samning til tveggja ára. Markmiðið er að fjölga ráðstefnu- og menningarferðamönnum sem koma til landsins og vekja athygli á Íslandi sem spennandi alþjóðlegum áfangastað.

Samningurinn felur það í sér að Icelandair verður aðalstyrktaraðili Hörpu næstu tvö árin og styður við tónlistarstarf og ráðstefnuhaldi í húsinu. Einnig verður náð samstarf með stjórnendum beggja aðila varðandi markaðssetningu og kynningarstarf erlendis.

- shá

Vill banna prófkjörsauglýsingar og setja þröngar reglur um fjármál flokksins:

Samfylkingin síðar fulltrúa sína

STJÓRNMÁL Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar leggur til að sett verði á laggirnar svokölluð síða- og sáttanefnd innan flokksins, sem eigi að hafa það hlutverk að fylgjast með því hvort flokksmenn, kjörnir fulltrúar og forystumenn viki frá stefnu flokksins með gjörðum sínum og taki að öðru leyti á erfiðum málum innan hans.

Þetta er meðal tillagna sem framkvæmdastjórnin hefur unnið upp úr starfi umbótanefndar flokksins, sem skilaði af sér skýrslu í desember síðastliðnum. Fréttablaðið hefur tillögurnar undir höndum, en þær verða kynntar á flokksstjórnarfundum nú um helgina.

Einnig er lagt til að nefnd verði falið að smíða síðareglur fyrir kjörna fulltrúa flokksins, þar sem kveðið verði á um skuldbindingu við grunnildi og samþykktu stefnu



SAMFYLKINGIN Framkvæmdastjórn flokksins vill vanda til mannaáðninga í stjórnsýslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

flokksins og vandaða stjórnsýslu-hætti, svo sem við mannaáðningar.

Tillögurnar snúa að miklu leyti að innra starfi flokksins, fundahöldum, nefndastarfi og félagslífi.

Einn kaflinn fjallar um stjórkmál flokksins og einstakra flokksmanna. Framkvæmdastjórnin tekur undir það með umbótanefndinni að bryn nauðsyn sé að setja skýrar og þröngar reglur um fjármál flokksins og fjáröflun prófkjörsframþjófenda.

Umbótanefndin lagði til að Samfylkingin bannaði auglýsingar í prófkjörsbaráttu og beitti sér einnig fyrir því að kosningaauglýsingar stjórnmalaflokka í ljósvakamiðlum yrðu bannaðar. Í umsögn framkvæmdastjórnar segir að mikil eining hafi verið um bann við prófkjörsauglýsingum, en ekki um hið síðarnefnda. Framkvæmdastjórnin vísar svo hvoru tveggja í nefnd. - sh

LAX
með strengjabaunum, tómtöum og kryddjurtasósu

Farðu inn á gottimatinn.is til að fá alla uppskriftina og hugmyndir að fleiri girnilegum réttum.

GOTT MATINN

TAX FREE*

SUMARBLÓM
alla helgina!



TAX FREE*

GRILL - SUMARBLÓM - VIÐARVÖRN



TAX FREE*

GRILL

alla helgina!

Eitt mesta
úrval landsins
af grillum!

TAX FREE*

**VIÐARVÖRN
OG PALLAOLÍA**

alla helgina!



Kaffi Garður Skútuvogi

Kaka og kaffi aðeins
290 kr

**LÆGST
LÁGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJAN

*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

**blómaval**

**HÚSASMÍÐJAN**

GENGIÐ 27.05.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	115,42	115,98
Sterlingspund	189,59	190,51
Evra	164,22	165,14
Dönsk króna	22,023	22,151
Norsk króna	21,131	21,255
Sænsk króna	18,431	18,539
Japanskt jen	1,4234	1,4318

SDR 183,84 184,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,7817

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



UPPREISNARMENN Í LÍBÍU Harðar loftárásir hafa verið á Trípolí undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP

Gaddafi sagður í felum:

Rússar bjóðast til milligöngu

LÍBÍA Múammar Gaddafi Líbíuleiðtogi er sagður vera á stanslausum flóttu í höfuðborginni Trípolí. Hann er sagður sofa á sjúkrahúsum til að forðast árástir Atlantshafsbandalagsins, og aldrei á sama sjúkrahúsinu tvær nætur í röð.

Breska leyniþjónustan MI6 hefur heimildir fyrir þessu og segir hann skelfingu lostinn vegna hertra árása á borgina.

Rússnesk stjórnvöld hafa nú boðist til að hafa milligöngu í samningaviðræðum um brott-hvarf Gaddafis frá Líbíu til annars lands, þar sem hann gæti fengið hæli. - gb

LEIÐRÉTTING

Tölur víxluðust í skífuriti sem fylgdi frétt um skoðanakönnun vegna kvótakerfisins í Fréttablaðinu í gær. Eins og lesa mátti í texta fréttarinnar vildu 67,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku að kvótinn yrði í ríkiseigu.

Forsætisráðherra spyr áleitinna spurninga vegna mengunar frá sorpbrennslum:

Efast um umhverfisuppeldið

UMHVERFISMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra varpaði þeirri spurningu fram á aðalfundi Landverndar á fimmtudag hvort það væri uppeldislegt atriði að umgengni við landið er ábótavant, eins og nýleg dæmi sönnuðu. Jóhanna sagði umgengnina við landið endurspeglast í því sem fólk skildi eftir sig á víðavangi, frágangi sorps, efnamenguðum jarðvegi, óhreinu vatni og því sem við slepptum út í andrúmsloftið.

Hún staldraði sérstaklega við mengun frá sorpbrennslustöðv-



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

um og frá einstökum verk-smiðjum sem hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum frá áramótum.

„Þegar slík mál koma upp er rétt að staldra við og spyrja hvað veldur. Hvers vegna umgengni okkar við landið er svo ábótavant sem raun ber vitni. Er það af hreinni græðgi eða kemur

hugsunarleysi eða þekkingarleysi við sögu? Hvað stýrir því að við erum á stundum skeytingarlaus og of værukær þegar kemur að okkar eigin umhverfi? Er eitthvað að viðhorfi okkar til náttúrunnar – eitthvað í uppeldinu sem skortir?“ spurði forsætisráðherra aðalfundargesti.

Hún bætti við að auðvitað væri uppeldi einstaklingsbundið og rangt að alhæfa um uppeldi heillar þjóðar í þessum efnum; skólarnir gegndu mikilvægu hlutverki og á síðustu árum hefði margt breyst til batnaðar. - shá

Bílar tíu slökkviliða við hreinsunarstörf

Hreinsunarstarf á hamfarasvæðinu á Suðurlandi gekk að óskum í gær. Slökkvilið frá mörgum sveitarfélögum voru við störf með hjálp björgunarsveita. Gosvirkni í Grímsvötnum dvínar enn og viðbúnaðarstig hefur verið lækkað.

ELDGOS Yfir hundrað manna lið slökkviliðs- og björgunarsveitanna víðs vegar að tóku þátt í hreinsunarstarfi á Kirkjubæjarklaustri og nærsveitum í gær. Hreinsa þarf hundruð húsa allt frá Álftaveri austur að Lómagnúpi. Gosvirkni í Grímsvötnum dvínar stöðugt en áfram er fólk ráðið frá því að fara nærri eldstöðinni.

Vagn Kristjánsson, verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar almannavarna á Klaustri, segir að hreinsunarstarfið hafi gengið vonum framár. „Hér er afar öflugt lið slökkviliðs- og björgunarsveitarmanna við störf. Þetta eru fagmenn og eins og þeir hafi aldrei gert annað; samstarfið er frábært.“

Vagn segir að hér sé samstillt átak á ferðinni því slökkvilið af höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Hveragerði, Selfossi, Hellu, Vík, Klaustri og Öræfum var að störfum í gær auk þess sem Mjólkursamsalan á Selfossi lánaði mjólkurbíl með tengivagni til að keyra vatn til að fylla á bílana.

Vagn segir verkefnið fram undan vera ærið. „Það þarf að skoða og þvo allt húsnæði frá Álftaveri austur að Lómagnúpi. Ég áætla að þetta séu nokkur hundruð hús sem gæta þarf að.“ Vagn segir útilokað að meta hvernær hægt sé að segja hreinsunarstörfum lokið enda sé það veður-guðanna að ákveða það. „Það fer eftir því hvað gerist þegar næst hreyfir vind, núna er rigning og allt gott.“



HERJÓLFSSTAÐIR HREINSAÐIR Slökkvilið og vatnsbíl Mjólkursamsölnarar við hreinsunarstörf í Skaftárhreppi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það þarf að skoða og þvo allt húsnæði frá Álftaveri austur að Lómagnúpi. Ég áætla að þetta séu nokkur hundruð hús sem gæta þarf að.

VAGN KRISTJÁNSSON
VERKEFNASTJÓRI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR
ALMANNAVARNA Á KLAUSTRI

Fólk á hamfarasvæðinu hefur nokkrar áhyggjur af því ef hversir úr óhagstæðri vindátt, enda kom það fram í viðtali við Magnús Tuma Guðmundsson jarðeðlisfræðing, í Fréttablaðinu í gær að óheyrilegt magn gjósku er á

jöklinum. Í átta kílómetra fjarlægð frá eldstöðinni er þykkt gjóskunnar 170 sentimetrar.

Samkvæmt stöðuskýrslu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í gær dvínar gosvirkni í Grímsvötnum enn. Þó komu fram stöku óróapúlsar á nokkurra klukkustunda fresti. Ekki hefur sést til gosmakkar frá því í fyrradag á ratsjám Veðurstofnunnar.

Viðbúnaðarstig hefur verið lækkað og ástand búfjár er metið almennt gott. Starfsmenn Landgræðslunnar og fleiri munu meta ástand afréttar í næstu viku og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fylgist með neysluvatni á svæðinu. svavar@frettabladid.is

Gæsluvarðhald framlengt:

Grunaður um tvær nauðganir

DÓMSTÓLAR Ungur maður sem setið hefur í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa nauðgað tveimur stúlkum, skal sitja áfram í varðhaldi til 24. júní samkvæmt úrskurði héraðsdóms. Hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Maðurinn er grunaður um að hafa, í félagi við annan mann, nauðgað níttján ára stúlkunni í heima-húsi og beitt hana öðru ofbeldi. Hafi hann haft frumkvæði að ofbeldisverkinu. Hann er einnig grunaður um að hafa nauðgað sautján ára stúlkunni í lok mars. - jss

Hillary Clinton í Pakistan:

Hafa ráðamenn ekki undir grun

PAKISTAN Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir bandarísk stjórnvöld ekki vita um neitt sem bendi til þess að einhverjir pakistanskra ráðamanna hafi vitað um fylgsmenn Osama bin Laden.



HILLARY CLINTON

Þetta sagði hún í Pakistan í gær, en samskipti þjóðanna höfðu versnað eftir að bandarískir sérsvaitarmenn réðust inn í landið og réðu þar hryðjuverkaleiðtogað bin Laden af dögum.

Hún sagði nýtt skeið nú hafið í samskiptum ríkjanna. Pakistan hefði eftir sem áður fullan stuðning Bandaríkjanna í baráttu við hryðjuverkahópa. - gb

Hreyfingin ASÍ-Ung stofnað:

Ungliðar ASÍ þetta raðirnar

FÉLAGSMÁL Stofnun ungliða-hreyfingar Alþýðusambands Íslands (ASÍ-UNG) var haldið í gær. Helgi Einarsson, frá Félagi nema í rafíðnum, var kjörinn formaður hreyfingarinnar sem er ætlað að efla og samræma starfs ungs launafólks innan aðildarféлага ASÍ.

Í ályktun fundarins um menntamál segir að skoða þurfi lengingu á skyldunámi um tvö ár, eða til 18 ára aldurs. Þá þurfi að efla starfsnámi í grunnskólum.

Í fjölskyldumálum var lögð áhersla á dregið væri úr tekju-tengingu barnabóta og minnkun á milli einstæðra foreldra og hjóna eða sambúðarfólks. - shá

Laugavegur – lifandi gata

- opinn fundur mánudaginn 30. maí kl. 18.10

Opinn fundur vegna tillögu Reykjavíkurborgar um að breyta Laugavegi frá Vatnsstíg að Skólavörðustíg í göngugötu hluta sumars í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarsal, mánudaginn 30. maí kl. 18.10.

Tillaga Reykjavíkurborgar verður kynnt og opnað fyrir umræður. Karl Sigurðsson formaður umhverfis- og samgönguráðs er fundarstjóri.

Allt áhugafólk um lifandi miðborg velkomioð.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

Borgartúni 12-14.

105 Reykjavík

www.umhverfissvid.is


VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BEST SYÐRA

Norðaustanáttin verður ríkjandi næstu daga með úrkomu einkum norðaustan og austan til á landinu og kólnar þar í veðri. Ögn sumar-legra sunnanlands en þá léttir til og hitinn fer líklega víða í 12-14°C.



HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	22°
Berlín	19°
Billund	14°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	22°
London	16°
Mallorca	29°
New York	27°
Orlando	32°
Ósló	13°
París	18°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	15°


Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.



Korfu

Börn fljúga frítt!

Einstakt fjölskyldutilboð
10-11 náttu ferðir 7. og 18. júní



Lukkulíf VITA 7. og 18. júní

Verð frá 123.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Gisting í tvíþýli með hálfu fæði og flugvallarskattar 7. júní.
*Verð án Vildarpunkta 133.900 kr.

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

Hálft fæði



Elea Beach

★★★★

Látlaust en gott 3ja stjörnu hótél, mjög vel staðsett við strönd og í aðeins í 5. mín. göngufjarlægð frá miðbæ Dassia.

Verð frá 96.250 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní með hálfu fæði og afslátt af flugverði barna.

*Verð án Vildarpunkta 106.250 kr. m.v. 2+2.

Innifalið: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

Allt innifalið



Lois Corcyra Beach

★★★★★

Gott 4ra stjörnu „allt innifalið“ hótél, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Á hótélinu er barnaklúbbur og skemmti dagskrá. Fallegt útsýni yfir Gouvia flóann.

Verð frá 130.625 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní með öllu inniföldu og afslátt af flugverði barna.

*Verð án Vildarpunkta 140.625 kr. m.v. 2+2.

Innifalið: Flug, skattar, gisting með öllu inniföldu og íslensk fararstjórn.

Ótal fleiri gistingmöguleikar á VITA.is

*Gildir eingöngu í ferðir 7. og 18. júní og þegar um pakkaferð er að ræða.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

KJÖRKASSINN



Telurðu mikilvægt að börn tekjulágra foreldra njóti niðurgreiddrar tannlæknaþjónustu?

Já	92%
Nei	8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætti að takmarka setutíma forsætisráðherra í stjórnarskrá?

Segðu skoðun þína á Visir.is.

6

Mál tekið af efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra vegna óvissu um skipan ákærvalds á næstunni:

Ríkissaksóknari útvistar sakamáli til Valtýs

DÓMSMÁL Valtýr Sigurðsson, lögmaður hjá LEX og fyrrverandi ríkissaksóknari, hefur verið fenginn til að reka fjádráttarmál á hendur fyrrverandi yfirmanni hjá Landsbankanum fyrir dómi. Ástæðan sem gefin er upp er óvissan sem ríkir um starfsemi efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, sem áður fór með málið.

Málið sem um ræðir er höfðað á hendur Hauki Þór Haraldssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs hjá Landsbankanum, fyrir fjádrátt. Haukur milli-færði 118 milljónir af reikningi

aflandsfélags bankans tveimur dögum eftir hrun og inn á eigin reikning. Hann hefur alla tíð borið að hafa með þessu reynt að bjarga fjármuninum.

Haukur var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur en Hæstiréttur vísaði málinu aftur heim í hérað. Málflutning ákærvaldsins fyrir Hæstarétti annaðist Valtýr Sigurðsson, þá ríkissaksóknari, enda hefur embætti Ríkissaksóknara eitt rétt til þess.

Þegar málareksturinn hófst síðan á nýjan leik fyrir héraðsdómi í lok apríl sótti það Alda Hrönn



VALTÝR SIGURÐSSON

SIGRÍÐUR FRIBJÓNSDÓTTIR

Jóhannsdóttir, settur saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

Mánuði síðar nýtti nýr ríkis-

saksóknari, Sigríður J. Friðjónsdóttir, sér heimild í lögum til að taka svipta efnahagsbrotadeildina forræði á saksókninni og taka hana í sínar hendur. Hún fól Valtý þá síðan í kjölfarið. Hann var þá horfinn til starfa á LEX en þekkti málið.

Þetta er rökstutt með því að óvissa ríki um skipan ákærvaldsins þegar aðalmeðferðin er áætluð, vegna fyrirhugaðrar sameiningar embætta efnahagsbrotadeildar og sérstaks saksóknara. Embættin sameinast formlega 1. júní.

-sh

MEISTARANÁM

OBTM ORGANISATIONAL BEHAVIOUR AND TALENT MANAGEMENT

Meistaránám fyrir fólk sem hefur metnað til að verða leiðtogar. Áhersla er lögð á skipulag, stjórnun og eflingu mannauðs.

Kynntu þér námið og bókaðu viðtal hjá verkefnastjóra.



Þóra Björk Eysteinsdóttir verkefnastjóri thorabe@hr.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

Sumaropnun

Viðskiptavinir Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands athugið breyttan opnunartíma í sumar.

Frá 1. júní til 31. ágúst

verða Þjónustumiðstöðin og Hjálpartækjamiðstöðin opin frá kl. 10.00 til 15.30, en skiptiborð frá kl. 10.00 til 16.00.



TRYGGINGASTOFNUN



Sjúkratryggingar Íslands

Hundruð milljóna króna ekki nýttar

Um 200 til 400 milljónir króna hafa verið afgang á undanförunum árum af þeirri fjárhæð sem ætluð er til endurgreiðslu tannlæknaeikninga. Staðan orðin óviðunandi, segir forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. Semja á um börn.

HEILBRIGÐISMÁL Undanfarnin ár hefur afgangur af fjárlögum sem nota má til endurgreiðslu tannlæknaeikninga numið um 200 til 400 milljónum króna á ári þar sem endurgreiðsluskrá Sjúkratrygginga Íslands hefur ekki hækkað samhliða hækkun á fjárlögum. Afgangurinn safnast ekki upp, að því er Steingrímur Ari Arason forstjóri greinir frá.

„Þessar fjárhæðir fara í hitina. Þegar tryggingarnar í heild eru gerðar upp er kostnaðurinn orðinn meiri en áætlað var.“

Steingrímur segir stöðuna orðna óviðunandi. „Það hafa ekki náðst samningar við tannlækna og ég þykist vita að menn hafi óttast að yrði endurgreiðslugjaldskráin hækkuð einhliða myndi það fyrst og fremst leiða til þess að tannlæknar hækkuðu verðið hjá sér þannig að sjúklingar nytu þá ekki góðs af. Nú hafa menn hins vegar einsett sér að horfa til barna og reyna að ná samningum um tannviðgerðir þeirra en halda hinum hópnum, öldruðum og öryrkjum, í óbreyttu kerfi til þess að byrja með.“

Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir tannlækna hafa gert athugasemdir vegna þessa mikla afgangsvið yfirvöld í mörg ár. „Samkvæmt lögum á að veita þessum fjármunum til fólksins í landinu en kerfið nær ekki að klára þetta. Við höfum rætt þetta við landlækni, umboðsmann barna, stjórnmalamenn og heilbrigðisráðherra. Nú fá börn endurgreitt 75 prósent af ráðherragjaldskrá. Við bentum á að ef þau fengu 100 prósent endurgreiðslu væri það leið til þess að klára afganginn en það þótti ómögulegt.“



HJÁ TANNLÆKNI Reyna á að ná samningum við tannlækna um tannviðgerðir barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er leiðinlegt að menn haldi að við séum að skemma fyrir þessu átaki því að viljum sannarlega leysa þetta.“

SIGURÐUR BENEDIKTSSON
FORMAÐUR TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

Það er mat Sigurðar að praktískar ástæður séu fyrir því að ekki hafi fengist nógu margir tannlæknar til þess að taka þátt í átaksverkefninu um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir börn tekjulágra foreldra sem standa á yfir í sumar.

„Menn skilja ekki stofuna sína eftir verkefnalausa. Það kostar að reka hana og greiða laun. Sjálfur er ég til dæmis bókaður einn til tvo mánuði fram í tímann. Þetta er öðruvísi en átakið sem við áttum frumkvæði að fyrir tveimur árum til þess að vekja athygli á vandamáli sem við vorum búin að horfa á í mörg ár. Þá unnum við á laugardögum og tókum ekkert gjald fyrir. Það er leiðinlegt að menn haldi að við séum að skemma fyrir þessu átaki því að viljum sannarlega leysa þetta, ekki bara í Reykjavík heldur um allt land.“

ibs@frettabladid.is

Lögreglan í Serbíu hafði enga vissu fyrir því að Ratko Mladic væri í húsinu:

Mladic náðist fyrir tilviljun

SERBÍA, AP Þegar hópur lögreglumanna réðst inn í íbúðarhús í bænum Lazareva klukkan fimm á fimmtudagsmorgun vissu þeir ekki hvort Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba, væri þar staddur.

Lögreglumennirnir gerðu samtímis leit í fjórum íbúðarhúsum þar í þorpinu, en sams konar leit hafa þeir gert reglulega síðustu fjögur árin víðs vegar um Serbíu í von um að rekast á þennan 69 ára gamla mann, sem eftirlýstur er fyrir verstu stríðsglæpi Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

Þrír lögreglumenn, sem ræddu við fréttastofuna AP, sögðu Mladic strax hafa viðurkennt hver hann væri, hálfhvíslandi að vísu. Hann



RATKO MLADIC Var vakandi þegar lögregluna bar að garði klukkan fimm að morgni.

NORDICPHOTOS/FP

hafi verið föður og ellilegur, með tvær skammbyssur á sér en afhenti þær lögreglunni umyrðalaust.

Mladic var vakandi þegar lögregluna bar að garði, þótt flestir þorpsbúar hafi verið í fastasvefni. Hann hafði átt erfitt með að sofa vegna verkja í líkamanum, sem hafa hrjád hann lengi.

Hann hefur verið í felum hjá ættingjum sínum í þessu þorpi í tvö ár, taldi sig nokkuð öruggan þar.

Serbesk stjórnvöld höfðu heitið rúmlega 1.100 milljónum í fundarlaun hverjum þeim sem gæti vísað lögreglunni á Mladic, en enginn fær þau verðlaun vegna þess að lögreglan hafði enga vísbendingu fengið um að hann gæti leynst þarna.

-gb

SKOPPA & SKRITLA

Nærbolur
st. 86/92-134/140
Vnr. 824169

1.299kr

SKOPPA & SKRITLA

Boxer
st. 86/92-134/140
Vnr. 824175

999kr

SKOPPA & SKRITLA

Buff
Vnr. 841357
2.499kr



SKOPPA & SKRITLA

Sokkabuxur
st. 80/86-128/134
Vnr. 823458

999kr



SKOPPA & SKRITLA

Bolur
Vnr. 840119
1.699kr



SKOPPA & SKRITLA



2.499
~~2.899~~



SKOPPA OG SKRITLA
ARITA OG SKEMMTA
í Hagkaup Smáralind
kl 15:00 Í DAG

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir fyrirverandi yfirmaður herliðs Bosnía-Serba sem hefur verið handsamaður eftir tíu ára leit?
2. Hver er nýr formaður SÁÁ?
3. Hvað heitir sigurvegari tíundu þáttaraðar American Idol?

SVÖR

1. Ratko Mladic 2. Gunnar Smári Egilsson
3. Scott McCree



BRAUTSKRÁÐIR Alls voru 187 nemendur útskrifaðir úr MR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

MR útskrifar 187 nemendur:

Dúxinn með 9,82 í einkunn

MENNTAMÁL Menntaskólinn í Reykjavík útskrifaði 187 nemendur í gær, 18 úr fornmáladeild, 19 úr nýmáladeild, 63 úr eðlisfræðideild og 87 úr náttúrufræðideild. Dúx skólans var Sigríður Lilja Magnúsdóttir með meðaleinkunnina 9,82. Semidúx var Arnar Guðjón Skúla-son með einkunnina 9,65.

Yngvi Pétursson rektor minnti á að sjaldan áður hefði íslensk þjóð haft meiri þörf fyrir vel menntað, heiðarlegt og bjartsýnt fólk.

„Aðeins með góðri menntun erum við fær um að taka vitræna afstöðu og skynsamlegar ákvarðanir landi og þjóð til heilla.“

SVEITARFÉLÖG

Vilja hert eftirlit í Kópavogi

Jafnréttis- og mannréttindanefnd Kópavogs segir brýnt að herða eftirlit með framkvæmd laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Jafnréttisráðgjafi á að afla upplýsinga um vinnuveitendastöðu og upplýsinga um hvernig eftirliti með þeim sé háttað.

Fjármálafyrirtæki endurreikna gengistryggð húsnæðislán með sömu aðferð:

Misræmi í endurreikningum bílalána

VIÐSKIPTI Fjármálafyrirtæki beita tveimur ólíkum aðferðum við endurreikninga á gengistryggðum bílalánunum. Skeikar þar á bilinu þrjú til fimm prósent af upphaflegum höfuðstóli.

Endurreikningar á gengistryggðum húsnæðislánunum eru hins vegar alls staðar eins. Þetta kemur fram í mati sem sérfræðingar á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hafa unnið fyrir Umboðsmann skuldara á endurútreikningum á gengislánunum.

„Margir lántakendur hafa leitað til embættisins og talið að fjármála-



KYNNING Niðurstöður matsins voru kynntar í höfuðstöðvum Umboðsmanns skuldara í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fyrirtæki hafi ekki staðið rétt að endurreikningum sínum. Við leit- uðum því til Raunvísindastofnunar

til að fá hlutlaust og faglegt mat á þessum útreikningum,“ segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara.

Í matinu kemur fram að ólík aðferðafræði við útreikningana byggir á mismunandi skilningi á lögum sem sett voru um slíka reikninga.

Drómi og Avant eru einu fyrirtækin sem beita sömu aðferð við útreikninga á bílalánunum og húsnæðislánunum en SP-fjármögnun, Lýsing og Íslandsbanki reikna bílalán með öðrum hætti sem gefur nokkuð hærri niðurstöðu. - mþl

LÍÚ segir alls ekki farið á svig við kjarasamningana

Útvegsmenn eru óánægðir með þá fullyrðingu Jóns Steinssonar hagfræðings að ýmislegt bendi til að fiskur sé seldur á undirverði til að fara á svig við kjarasamninga sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

SJÁVARÚTVEGUR „Í hverjum einasta mánuði hittast sjómenn og útvegsmenn og fara yfir þessi verð. Verðlagsstofa skiptaverðs fylgist auk þess með þeim. Ef grunur vaknar um að ekki sé verið að fylgja reglum um viðmiðunarverð þá er hægt að vísa því til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Þar hefur ekki fallið dómur í langan tíma,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ).

Þannig svarar hann fullyrðingum Jóns Steinssonar, dósents í hagfræði við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, sem segir ýmislegt benda til að útgerðin selji fisk á undirverði til tengdra aðila til að lækka hlut sjómanna samkvæmt kjarasamningum.

„Ef við tökum þorskind sem dæmi þá höfum við haft tólf mánaða viðmið um þessi verð frá árinu 2001 sem við eigum að reyna að liggja sem næst. Viðmiðið er vegið meðaltal af verði á fiskmarkaði og því sem borgað hefur verið þegar eigin aðili stundar vinnslu. Hið raunverulega verð hefur sveiflast í kringum viðmiðið eins og eðlilegt er en það



PORSKUR Frá því að viðmiðunarverð var tekið upp við sölu fisks til eigin vinnslu árið 2001 hefur verð þorsks sveiflast á bilinu 87 til 99 prósent af ákveðnu hlutfalli. Viðmiðunarverðið hefur á tímabilinu verið 92 til 95 prósent. Forsvarsmenn LÍÚ segja um mjög gegnsætt og skýrt ferli að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

er augljóst að því hefur ekki verið haldið kerfisbundið niðri,“ segir Friðrik.

Jón hefur skoðað samband fiskverðs og framlegðar í vinnslu á Íslandi. Hann telur sambandið óeðlilega mikið sem bendi til að fiskur

hafi verið seldur á undirverði. Þá sé þetta sennilega meira stundað í uppsjávarfiski en bolfiski þar sem virkari fiskmarkaður sé til staðar í bolfiski og þar með augljósari viðmiðunarverð.

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hag-

fræðingur LÍÚ, segir hins vegar margt geta valdið því að framlegð í vinnslu sé breytileg milli ára. Þau ár sem framlegðin hafi verið sérstaklega mikil hafi sama þróun verið hjá þeim fiskvinnslum sem hafa engja tengda aðila til að kaupa fisk af. Það bendi til þess að Jón hafi rangt fyrir sér.

„Það verð sem miðað er við þegar útgerðin greiðir sjómönnum laun í þeim tilvikum þar sem fiskurinn kemur frá eigin útgerð er yfirleitt í kringum 75 til 80 prósent af verði á fiskmarkaði en munurinn skýrist af sölukostnaði. Svona eru bara þeir kjarasamningar sem til eru og það er bara ekki rétt að farið hafi verið á svig við þá,“ segir Friðrik enn fremur.

Þá sé mjög mikilvægt að hafa það í huga að ef grunur vaknar um að menn séu ekki að fylgja þessum reglum þá hafa sjómenn úrræði til að bregðast við því. „Þetta er mikil ásökun og alvarleg en hún á ekki við rök að styðjast. Auðvitað eru alltaf einhverjir svartir sauðir í greininni eins og alls staðar en þessi fullyrðing stenst ekki skoðun,“ segir Friðrik. magnusi@frettabladid.is

Ráðstefna um kynbundið ofbeldi

Drögum tjöldin frá!

Askja, Háskóli Íslands 1. júní 2011

Jafnréttisstofa, Velferðarráðuneytið, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við HÍ og Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi við HA standa fyrir ráðstefnu og fræðsludegi um kynbundið ofbeldi. Sjónum verður beint að kynbundnu ofbeldi sem heilbrigðisvandamáli sem mikilvægt er að vinna bug á. Karlar eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Dagskrá

- | | |
|--------------|---|
| 13:00- 13:15 | Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra setur ráðstefnuna |
| 13:15- 13:35 | Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd: Niðurstöður rannsókna og hvað svo? |
| 13:35- 13:55 | Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri: Ofbeldi, konur og mannréttindi |
| 13:55- 14:15 | Ólafur Öm Bragason, sálfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra og Fangelsismálastofnun en starfar sjálfstætt við mat og meðferð ungra gerenda kynferðisbrota: Börn og unglingar sem sýna skaðlega kynhegðun |
| 14:15- 14:35 | Kaffi |
| 14:35- 14:55 | Magnús Ólason, læknir á Reykjalundi: Konur, verkir og ofbeldi |
| 14:55- 15:15 | Ástþóra Kristinsdóttir, ljósmóðir og hjúkrunarstjóri í Heilsumgæslunni Hvammí í Kópavogi: Áhrif heimilisofbeldis á barnshafandi konur, fóstur og börn þeirra. |
| 15:20- 15:40 | Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands: Notkun klínískra leiðbeininga við að greina ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum |
| 15:40-16:00 | Umræður |

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis en þátttakendur eru beðnir að skrá sig á: jafnretti@jafnretti.is

DRÖGUM
TJÖLDIN
FRÁ!



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi

Harmleikurinn í Heiðmörk: Meintur bana- maður á Sogn

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjanes úrskurðaði í gær að ungur maður sem grunaður er um að hafa orðið barnsmóður sinni að bana í Heiðmörk fyrir í mánuðinum skuli vistaður á víðeigandi stofnun til 23. júní. Hann verður vistaður á réttargeðdeildinni á Sogni.

Maðurinn kom með lík konunnar í skotti bifreiðar sinnar á Landspítalann í Fossvogi 12. maí síðasliðinn. Ljóst þykir að voðaverkið átti sér stað í Heiðmörk. Konan bar þess merki að þrengt hefði verið að öndunarfærum hennar, sem hafi leitt til þess að hún lést. - jss

A-HÝSIN FÁST Í ELLINGSEN

ALINER



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

ellingsen.is



NÝ GATA Í REYKJAVÍK: MANNRÉTTINDAVEGUR

Göngum Mannréttindaveginns í dag.

Í dag fagnar Amnesty International 50 ára baráttu fyrir mannréttindum. Af því tilefni hefur Reykjavíkurborg samþykkt að nefna Laugaveginns upp á nýtt og í dag mun hann heita **Mannréttindavegur**.

Fögnum því sem áunnist hefur í 50 ára sögu mannréttindabaráttunnar og höldum göngunni áfram.

Gakktu Mannréttindaveginns í átt að heimi þar sem allir fá notið mannréttinda.

Mannréttindagangann hefst klukkan 15.00.
Lúðrasveitin Svanur leiðir gönguna.

Gengið er frá Kjörgarði við Mannréttindaveg (Laugaveg).
Að göngu lokinni býðst öllum að taka þátt í afmælis dagskrá á Hótel Borg þar sem listamenn skemmta gestum.

50





PVEGINN Tígurinn Malea þvær einn af nýfæddum hvölpum sínum þar sem þau dvelja í dýragerði í þýsku borginni Frankfurt. NORDICPHOTO/AFP

Atvinnuleysi dróst saman um hálf þúsund prósentustig í apríl og eru nú alls ríflega þrettán þúsund án atvinnu:

Atvinnulausir fáí desemberuppþót

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi mældist 8,1 prósent í apríl. Atvinnulausum fækkaði því um 0,5 prósentustig milli mánaða. Atvinnulausir voru að meðaltali 13.262 í mánuðinum.

Á höfuðborgarsvæðinu mældist atvinnuleysi 8,7 prósent en á landsbyggðinni var það 6,9 prósent. Meðal karla var atvinnuleysi 8,6 prósent en kvenna 7,4 prósent. Þá hefur 59 prósent atvinnulausra verið það í meira en sex mánuði.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum tölum frá Vinnu-
málastofnun sem lagðar voru fyrir í ríkisstjórn í gær en staðan

á vinnumarkaði var til umræðu á ríkisstjórnarfundum í gærmorgun.

Dregið hefur hægar úr atvinnuleysi hér á landi en spár gerðu ráð fyrir en undanfarna mánuði hefur ríkisstjórnin sett fram ýmis úrræði til að vinna gegn atvinnuleysinu.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra mælti í gær fyrir frumvarpi um málefni atvinnulausra. Meðal þess sem þar kemur fram er að atvinnulausir fáí greidda desemberuppþót sem gæti orðið allt að 63 þúsund krónur á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir ríkari upplýsingaskilyldu atvinnulausra

og stofnana til Vinnu-
málastofnunar með það að markmiði að gera stofnuninni betur kleift að hafa eftirlit með réttmæti umsókna um bætur auk fleiri atriða.

Þá mun atvinnuleitandi sem tekur þátt í starfstengdu vinnumarkaðs-
úrræði ekki skerða rétt sinn til atvinnuleysisbóta með þátttöku, verði frumvarpið samþykkt. - mþl



FRUMVARP Desemberuppþót atvinnulausra gæti orðið 63 þúsund krónur að hámarki samkvæmt frumvarpi Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI VÍÐSKIPTI

vísir

Gunnar I. Birgisson spyr um heimasíðu Kópavogs:


Gunnar tali við vini sína

SVEITARSTJÓRNIR „Ég bendi Gunnari vinsamlega á að spyrja vini sína í Sjálfstæðisflokknum um þetta mál enda fór allur undirbúningur þess fram á valdatíma fyrri meirihluta í bæjarstjórn,“ bókaði Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, á síðasta fundi ráðsins.

Tilfnið var að Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri, lagði til að endurskoðunar-
fyrirtæki Deloitte færi yfir ferli við gerð heimasíðu og kostnað vegna hennar. Meirihluti bæjarráðs felldi tillögu Gunnars með fyrrgreindri athugasemd bæjarráðsformannsins. - gar

Vilja vinna í útlöndum

Vilji ungmenna til þess að flytja erlendis og stunda vinnu



Ungt fólk er skilgreint innan ESB sem einstaklingar á aldursbilinu 15 til 30 ára. Haft var samband símleidis við 812 manns á Íslandi, en í flestum ESB ríkjum var úrtækið 1.000 manns. Gallup sá um öll viðtöl, sem voru alls 30.312, í öllum 27 aðildarríkjum ásamt Íslandi, Króatíu, Noregi og Tyrklandi. Könnunin var gerð á tímabilinu 26. til 30. janúar 2011.

Heimild: Eurobarometer ESB

Ungt fólk vill vinna í Evrópu

Um 85 prósent íslenskra ungmenna vilja flytja til útlanda til að vinna. Um 40 prósent vilja flytja til lengri tíma. Hlutfall ungs fólks í Evrópu sem vill flytja til útlanda er hæst meðal Íslendinga.

ATVINNUMÁL Um 85 prósent íslenskra ungmenna hafa áhuga á því að vinna í öðru Evrópulandi í framtíðinni. Þar af hafa rúm fjóurtíu prósent áhuga á því að flytja til útlanda vegna vinnu til langs tíma. Þetta kemur fram í nýrri könnun Evrópusambandsins, Flash Eurobarometer on Youth, sem gerð var meðal ungs fólks í 31 Evrópulandi í byrjun ársins.

Hlutfall þeirra sem vilja flytja til útlanda vegna vinnu reyndist hæst meðal ungmenna á Íslandi, en Svíar, Búlgarar, Rúmenar og Finnar fylgja fast á hæla þeirra. Lægst var hlutfallið meðal ungra Tyrkja, en einungis fimmtán prósent þeirra hafa áhuga á því að flytja út landi.

Athygli vekur að 38 prósent ungra Íslendinga segjast hafa dvalið erlendis í að minnsta kosti mánuð vegna vinnu, náms eða sjálfbodastarfs. Þar eru ekki með talin ferðalög og frí. Hlutfallið er einungis hærra í Lúxemborg, þar sem 39 prósent hafa unnið erlendis. Ástæðurnar fyrir því að íslensk ungmenni höfðu ekki dvalið erlendis voru ýmist þær að áhuginn væri ekki fyrir hendi, fjárhagslegir erfiðleikar eða fjölskylduábyrgð.

Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, segir margar ástæður geta legið að baki því að svona hátt hlutfall ungs fólks vilji burt úr landi. Halldór hefur unnið mikið að rannsóknum á atvinnuleysi hérlendis og kennir á því sviði.

„Ísland er mjög alþjóðlegt land og það er ekkert nýtt. Við erum eyland, ferðumst mikið og erum snemma búin að gera ráð fyrir því að við munum líklega flytjast búferlum á einhverjum tímapunkti,“ segir Halldór. Hann segir þá umræðu sem hefur skapast um atvinnuleysi ungs fólks líka geta haft áhrif á löngunina til að leita á önnur mið. Hátt hlutfall þeirra sem eru tilbúnir til að flytja til útlanda til langs tíma bendi sérstaklega til þess.

„Það sem hefur einkennt ungt fólk án atvinnu, er að sá hópur hefur haft mjög lítið af tækifærum í allnokkurn tíma,“ segir Halldór. „Það sér ekki alveg í ljósið í göngunum hjá okkur enn þá eftir hrundið. En inn í þetta getur líka spilað ævintýraþrá og óskin um að komast í eitthvað betra og prófa eitthvað nýtt.“ sunna@frettabladid.is

Leiðtogar G8 vilja styrkja lýðræði í arabaríkjum:

Milljarðar fara í sjóð

FRANKLAND, AP Leiðtogar átta helstu hagvelda heims (G8) stofnuðu í gær sjóð til styrktar lýðræðisþróun í arabaríkjunum. Lagðar verða 40 milljarðar Bandaríkjadala í sjóðinn, en það samsvarar nærri fimm þúsund milljörðum króna.

Enn á eftir að útfæra úthlutunarreglur úr sjóðnum, en leiðtogar Túnis og Egyptalands gera sér vonir um væna upphæð til að festa í sessi þá lýðræðisþróun sem

hófst með því að einræðisherrum var steypt af stóli í vetur.

Túnis hefur óskað eftir að fá 25 milljarða dala á fimm árum, en Egyptaland segist þurfa tíf til tólf milljarða fyrir næsta fjárlagaár.

Á fundinum voru áttókin í Líbíu einnig rædd. Leiðtogarnir voru sammála um að Múammar Gaddafí yrði að fara frá völdum þar. Þá voru sýrlensk stjórnvöld hvött til þess að láta af kúgun íbúa sinna. - gb

VELKOMIN Á BIFRÖST

Viðskiptafræði BS-BBA

– áhersla á nýsköpun og frumkvöðlastarf



Alhliða viðskiptanam sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Boðið er upp á allar helstu greinar viðskiptafræðinnar, fjármál, stjórnun og markaðsmál, auk almennra námsgreina.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári.

Háskólinn á Bifröst býður einnig tvær námslínur í viðskiptafræði í fjarnámi.

Nánari upplýsingar á bifrost.is.

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

L I G G E R

S A A A

Nú erum við komin í algjöran sumarfling með **geggjaða lagersölu** þar sem við veitum allt að **90% afslátt**. Húsgögn, skrifstofuvörur, gjafavörur, dvd-diskar, tónlist, bækur o.fl. í **Holtagörðum** alla daga frá kl. 12-18.

- **Ekki sleppa þessu. Sjáumst í sumarskapi!**



& UPPBOÐ

Í DAG Í HOLTAGÖRÐUM

Fyrsta uppboðið byrjar kl. 13.00 og verður síðan með reglulegu millibili til kl. 17.00

Dæmi um vörur sem boðnar verða upp:



Dealer stólar að andvirði 17.999 kr. hver
- uppboðið byrjar á 5.000 kr.

Tertio stólar að andvirði 67.999 kr. hver
- uppboðið byrjar á 15.000 kr.

Rafmagnsskrifborð að andvirði 182.800 kr.
- uppboðið byrjar á 50.000 kr.

HP prentari að andvirði 23.000 kr.
- uppboðið byrjar á 4.000 kr.

Dokkur fyrir Ipod að andvirði 37.000 kr. hver
- uppboðið byrjar á 5.000 kr.

Bókapakkar (blanda af gjafabókum og kiljum) að andvirði 50.000 kr.
- uppboðið byrjar á 5.000 kr.

Pakkar af tónlist/dvd og tölvuleikjum að andvirði 50.000 kr.
- uppboðið byrjar á 5.000 kr.

Eymundsson

Bóksali frá 1872

PENNINN

Með þér í vinnunni

Mikilvæg hvatning frá Unicef:

Mesta ógnin við börn á Íslandi

Sagt er að staða barna sé góður mælikvarði á gæði og þroska samfélags, og má til sanns vegar færa. Meðal annars þess vegna ber að fagna því þegar teknar eru saman og birtar upplýsingar sem gefa mynd af stöðu barna.

Þetta hefur Unicef á Íslandi gert í skýrslu sem birt var nú í vikunni. Skýrslan er ítarleg og byggð á niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið síðustu ár. Í skýrslunni er leitast við að gefa heildstæða mynd af stöðu barna á Íslandi á mörgum sviðum og sömuleiðis helstu ógnum sem að þeim stöðja.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Að mati forsvarsmanna Unicef á Íslandi er kynferðisofbeldi helsta ógnin við velferð barna á Íslandi. Þegar skýrslan var kynnt á fimmtudag kölluðu samtökin eftir opinberum forvörnum gegn kynferðisofbeldi, auk þess sem þau bentu á að þörf væri á heildstæðari rannsóknum á kynferðisofbeldi gegn börnum.

Reynt hefur verið að varpa ljósi á umfang kynferðislegt ofbeldis gagnvart börnum í ýmsum rannsóknum. Þær sýna að allt að tuttugu prósent stúlkna og tíu prósent drengja verða fyrir slíku ofbeldi á barnsaldri og þótt farið sé í lægri mörkin er um meira en tíu prósent stúlkna og þrjú prósent drengja að ræða. Hér er því um verulegan fjölda barna að ræða.

„Það er mikið unnið í grasrótinni og ýmsum félagasamtökum og það fólk á heiður skilinn,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi, í frétt blaðsins í gær. Hann bendir hins vegar á að að þótt opinberir aðilar hafi gert ýmislegt gott í viðbrögðum sínum við kynferðisofbeldi gegn börnum skorti skýra forvarnarstefnu á sama hátt og til er skýr stefna um forvarnir gegn áfengisdrykkju og tóbaksnotkun, sem hefur skilað því að reykingar og áfengisdrykkja hafa dregist verulega saman síðustu ár.

Til skamms tíma lá kynferðislegt ofbeldi í algeru þagnargildi. Um það var ekki rætt og á því sjaldnast tekið, jafnvel þótt einhverjar vissu af því. Það hefur komið í hlut ýmissa grasrótarsamtaka að velta við steinum og benda á að þetta ofbeldi var og er raunverulega til staðar í samfélaginu. Þessi samtök hafa unnið framúrskarandi brautryjendastarf og framlag þeirra verður áfram mikilsvert í baráttunni gegn ofbeldinu. Hins vegar er hárrétt hjá Stefáni að brýnt er að yfirvöld móti sér markvissa stefnu í þessum efnun og áætlun um forvarnir gegn þeirri viðurstygð sem kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er.

Forvarnir og fræðsla á þessu sviði eiga fyrst og fremst að beinast að fullorðnum ábyrgðarmönnum barna; foreldrum, fjölskyldu, kennurum og öðrum þeim sem að uppeldinu koma. Það er á ábyrgð þessa fólks að verja barnið því enginn getur ætlast til að barn hafi tök á að verja sig sjálf gegn kynferðislegu ofbeldi, hvað þá þegar gerandinn er barninu nákominn og það treystir honum, eins og algengast er.

Baráttan gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum verður að vera markviss og ákveðin. Ábending Unicef um þessa brotalóm á annars að mjög mörgu leyti góðri stöðu barna á Íslandi á að vera stjórnvöldum hvatning til að taka enn frekari ábyrgð á málaflökknum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aðeins 300 kr/stk

Öll afskorin blóm í stykkjatali

EINGÖNGU ÍSLENSK BLÓM

Aðeins í Blómavali Skútuvogi

blómavali



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hefur eitthvað breyst?

G lögt má merkja að Evrópuandstæðingar telja sjálfir að þeir hafi náð undirtökum í aðildarumræðunni. Er það svo? Hefur eitthvað breyst frá því Alþingi ákvað að sækja um? Þetta þarf að skoða bæði í málefnalegu ljósi og eins í samhengi við pólitíska taflstöðu málsins.

Á taflborði valdanna hafa orðið nokkrar breytingar. Þjóðin valdi meirihluta þingmanna úr þeim þremur flokkum sem höfðu aðild á dagskrá. Þingmenn Framsóknarflokks og Borgarahreyfingar hafa að einhverju leyti snúið við blaðinu frá því sem þeir lofuðu kjósendum.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Að þessu leyti hafa andstæðingar aðildar sött í sig veðrið. Á hinn bóginn sýna skoðanakannanir ótvírætt að meirihluti þjóðarinnar vill að Alþingi standi við þá ákvörðun sem tekin var með aðildarumsókninni og láti á hana reyna til þrautar. Eftir stendur eins og áður að þjóðin getur ekki tekið endanlega afstöðu fyrir en fyrir liggur hverning viðræðum lyktar.

Andstæðingunum hefur einfaldlega ekki tekist að fá meirihluta þjóðarinnar á þá skoðun að stöðva viðræðurnar. Allur áróður og málflutningur hefur þó verið mjög einhliða frá þeirra hlið og án teljandi andsvara eins og þeir hafa sjálfir vakið athygli á. Þó að pólitíska taflstaðan hafi veikt á Alþingi vegna ístöðuleysis sýnist hún vera óbreytt úti á meðal fólksins.

Stuðningsmenn aðildar standa þannig nokkuð vel að vígi. Enginn þarf því að velkjast í vafa um að rétt er og skynsamlegt að ljúka þessu máli. Það væri glópska að snúa við í miðju straumvatninu.

Rökfærslan

R ökin fyrir aðild eru þau fyrst og fremst að halda áfram, í ljósi nýrra og breyttra aðstæðna, því samstarfi við Evrópuþjóðirnar sem við höfum með inngöngunni í Atlantshafsbandalagið. Markmiðið er að treysta viðskiptafrelsi og peningamálastjórnina í nánú samstarfi við þær þjóðir sem næst okkur standa í menningarlegum- og pólitískum efnun.

Slíkt samstarf er besta leiðin til að skapa stöðugleika og traust á markaðslegum forsendum. Það er leiðin til hagvaxtar. Þetta snýst um þá spurningu í hvaða umhverfi hagsmunir Íslands eru best tryggðir til framtíðar. Evrópuandstæðingar hafa í engu reynt

að tala gegn þessum grundvallar-röksemdum.

Þess í stað hafa þeir notast við hræðsluþesskrif, ýmist nýjar eða gamlar, frá neihreyfingum aðildarlandanna. Sú elsta hefur verið notuð í meira en hálföld í öllum aðildarríkjunum. Það er hræðsluáróður um Bandaríki Evrópu. Kjarni málsins er sá að þessi staðhæfing er ekki enn orðin að veruleika og er því ólíklegri sem aðildarríkjunum fjölga. Pólitískur og menningarlegur margbreytileiki aðildarríkjanna er nú meiri en áður og einsleitnin að sama skapi minni.

Nýrri innflutt hræðslukenning felst í því að benda á alvarlegan efnahagsvanda nokkurra aðildar-

ríkja. Síðan er aðstoð Evrópusambandsins við þau gerð tortryggileg. Hún á að sýna að þau hafi misst sjálfstæði sitt. Ísland lenti utan Evrópusambandsins í dýpri kreppu en nokkurt aðildarlandanna. Við þurftum á aðstoð að halda. Hún var bundin margs konar skilyrðum meðal annars um fjárlög og peningastefnu. Þetta eru örlög skuldugra þjóða hvort sem þær eru innan eða utan ríkjabandalaga.

Loks er þeim hræðsluvendi veifað að þjóðir Evrópu sitji um Ísland og bíði þess eins að geta beitt þýskættuðum meðulum frá fjórða áratugnum til að knésetja landið. Röksmdir af þessu tagi eru of barnalegar til að taka þær alvarlega.

Hvað annað?

A ndstæðingar aðildar viðurkenna að brýnt er fyrir Ísland að dýpka samvinnu og samstarf Íslands við aðrar þjóðir. Þeir andmæla því ekki að óbreytt staða er of þröng til að skapa sóknarmögleika. En hvað vilja þeir?

Flestir fylgdu þeir forseta Íslands þegar hann talaði um fríverslunarsamning við Kína í stað Evrópusambandsaðildar. Þær hugmyndir hafa ekki verið nefndar um

hríð. Í vetur sem leið fylgdu þeir formanni Heimssýnar í tillögugerð um að fríverslunarsamningur við Bandaríkin kæmi í stað Evrópusambandsaðildar. Frjáls innflutningur á landbúnaðarvörum var þá talinn sjálfsgáður fyrst hann kæmi vestan að en ekki austan að. Þessi málflutningur hefur nú gufað upp.

Eins og vindáttin stendur nú í sumarbyrjun er lausnarboðskapurinn sá að Ísland taki forystu í Norðurheimskautsráðinu og tryggi

þannig hagsmuni sína gegn óvinaríkjum í Evrópusambandinu. Þó að þátttaka Íslands í því samstarfi sé sjálfsgöð geta aðildarandstæðingar varla vænst þess að menn ræði þennan kost sem alvöruleið til að komast hjá Evrópusambandsaðild.

Þegar málefnaastaðan er vegin og metin í heild er niðurstaðan skýr: Aðildarviðræðunum er meiri hætta búin af innri veikleikum ríkisstjórnarinnar en röksemdum Evrópuandstæðinga.

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 30. maí

NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:



LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

GÆÐASTJÓRNUN

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR

- fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ

- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám

- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

FJÖLSKYLDUMÉÐFERÐ (NÁM Á MEISTARASTIGI)



NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA

LYKILÞÆTTIR ÞJÓNUSTU – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 29. september

REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 9. september

100%

jákvæðni



Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

Um stjórnlagaráð

Stjórnlagaráð

Sigurður
Gízurarson
hæstaréttarlögmaður



Í þremur greinum í Fréttablaðinu 17. marz og 9. og 15. apríl sl. ber Sigurður Líndal sakir á Alþingi fyrir að skipa 25 manna stjórnlagaráð, sem fengið hefur það verkefni – í stað stjórnlagabings – að semja lýðveldinu stjórnarskrá. Í síðustu grein sinni, „Um leikmenn og lögspekinga“, endurtekur hann staðhæfingar úr grein sinni í Fréttablaðinu 15. apríl sl:

„Nú liggur fyrir þingsályktun um að skipa 25 manna stjórnlagaráð (hún var síðar samþykkt) og binda skipun þeirra og varanna við þá sem hlutu kosningu til stjórnlagabings eða með öðrum orðum binda kjörð við hóp manna sem hlutu ógilda kosningu og eru því umboðslausir. Með þessu er Alþingi í reynd að fella ákvörðun Hæstaréttar úr gildi og ganga inn á svið dómssvaldsins. Jafnframt virðir Alþingi ekki þrískiptingu ríkisvaldsins og brýtur þannig gegn stjórnarskránni eða að minnsta kosti sniðgengur hana. Um leið ómerkir þingið eigin ákvörðun um að fella Hæstarétti endanlegt ákvörðunarvald. Ekki bætir úr þótt einhverjar málamyndabreytingar hafi verið gerðar á hlutverki stjórnlagaráðs frá því sem ákveðið var um stjórnlagabing.“

Sigurður Líndal finnur stjórnlagaráði allt til foráttu. En athygli vekur, hversu órökréttar og ólögfræðilegar ályktanir hans eru. Hann ber lögfræðingstitil, en skrif hans geta varla kallast annað en lýðskrum. Hann talar niðrandi um þá menn sem skipaðir hafa verið í stjórnlagaráð, alveg eins og þeir hafi ekki hreint mannorð eftir ógildingu Hæstaréttar á kosningunni til stjórnlagabings. Sú er auðvitað ekki raunin. Jafnframt talar hann eins og með skipun stjórnlagaráðs hafi verið vegið að virðingu og sjálfstæði Hæstaréttar og þar hafi verið brotið gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Sú er auðvitað ekki heldur raunin. Öll bera skrif

hans keim af skinhelgi, þar sem hann lætur sem hann sjálfur sé hinn grandvari og löghlýðni borgari, er sýnir lögum, stjórnarskrá og Hæstarétti tilhlýðilega virðingu. Hann kveðst „láta lesendum eftir að leggja mat á framangreind skrif“ sín. Sjálfsgagt er að þiggja þetta boð hans. Brigzl hans í garð Alþingis og stjórnlagaráðsmanna eru grimulaus, en að öðru leyti afhjúpar mat á skrifunum óráðvendni hans, sjálfsupphafningu og dylgjur.

Sigurður Líndal segir: „Með því að binda kjörð við þá sem voru ólöglega kjörnir og þar af leiðandi umboðslausir er ákvörðun Hæstaréttar hnekkt.“

Hann fer rangt með staðreyndir, þegar hann segir að þeir sem „skipaðir“ voru stjórnlagaráðsfulltrúar, hafi verið „kjörnir“ til þess starfs. „Umboðsleysi“ til setu á stjórnlagabingi sakir ógildingar Hæstaréttar útmálar hann sem persónulega ávirðingu, sem komi í veg fyrir, að þeir sem

Sigurður Líndal svarar athugasemdu Lýðs Árnasonar stjórnlagaráðsmanns á eftirfarandi hátt: „Bein skipan í stjórnlagaráð er að mati Lýðs einungis „önnur leið“ að markmiðinu – eða með öðrum orðum: Ef markmiði verður ekki náð löglega er lögbrot einungis „önnur leið“ til að ná því.“ S.L. kann sér ekki hóf og hefur uppi brigzl um lögbrot, sem er auðvitað hrein fjarstæða.

En það er hins vegar engin fjarstæða að brigzl hans má beinlínis heimfæra undir 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1941, sem kveður svo á, að hver sá sem verður ber að röngum sakargiftum skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Þá segir jafnframt í b. lið, 1. mgr. 242. gr. hegningarlaga, að hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að manni sem er opinber starfsmaður, og aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, skuli slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.

„Ef markmiði verður ekki náð löglega er lögbrot einungis „önnur leið“ til að ná því.“ S.L. kann sér ekki hóf og hefur uppi brigzl um lögbrot, sem er auðvitað hrein fjarstæða.

fyrir því urðu geti öðlazzt fullgilt umboð til setu í stjórnlagaráði. Þann dóm þykist hann stöðja við það, að með skipun stjórnlagaráðs sé ákvörðun Hæstaréttar „hnekkt“. Ekki verður þó séð að nein rökræn tengsl séu þar á milli. Hann gefur í skyn, að ógilding Hæstaréttar á umboði nefndra 25 manna til setu á stjórnlagabingi hafi gert þá vanhæfa til setu í stjórnlagaráði, sem auðvitað fær ekki staðizt. Í lagamáli er sagnorðið „að hnekkja“ notað um það þegar dómur er ógiltur/ómerktur á æðra dómstigi, svo sem þegar Hæstiréttur snýr við dómi undirréttar. Ógerlegt er að henda reiður á hvaða merkingu orðið skal hafa í texta S.L. Alþingi ógilti ekki ákvörðun Hæstaréttar, þegar það skipaði stjórnlagaráðið, heldur beinlínis tók mið af þeirri réttarstöðu sem upp var komin.

Enn fremur segir Sigurður Líndal: „Jafnframt virðir Alþingi ekki þrískiptingu ríkisvaldsins og brýtur þannig gegn stjórnarskránni eða að minnsta kosti sniðgengur hana.“ S.L. sér drauga um hábjartan dag og les út ur stjórnarskránni boð og bönn, sem þar er hvergi að finna. Stjórnlagaráð er vinnuhópur, sem hefur ekkert stjórnskipulegt vald, en hefur fengið það verkefni að semja tilögum að stjórnarskrá og skila henni til Alþingis.

Skipun ráðsins hróflar því á engan hátt við ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um skiptingu ríkisvaldsins í lög-gjafarvald, framkvæmdarvald og dómssvald. Það þarf meira en venjulegan lögfræðilegan loddara til að fá menn til að trúá því að skipun stjórnlagaráðs brjóti gegn stjórnarskránni og þrískiptingu ríkisvaldsins.

Kirkjugarðar og allt ruslið

Umhverfisvernd

Porgeir
Adamsson

garðyrkjustjóri
Kirkjugarða Reykjavíkur



Af samvisskusemi og elju hafa Astarfsmenn Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma undanfarnir misseri unnið að flokkun sorps. Flokkunin beinist fyrst og fremst að málmum, plasti, gleri, óendurvinnanlegum efnum og síðast en ekki síst lífrænum úrgangi. Einnig hefur rafhlöðum og kerta-vaxi verið komið í endurvinnslu. Undanfarnir 11 ár hefur allur garða-úrgangur verið settur í jarðgerð sem fram fer á staðnum og moltan sem til verður er notuð í ræktun og umhirðu garðanna. Þótt rusl sé flokkað eftir bestu getu fylgir kannski ekki mikil ánægja allri vinnunni við verkin sjálf en árangurinn er mjög ánægjulegur.

Öll förgun á sorpi verður dýrari með hverju árinu og sorpfjöllin hlaðast upp á sorphaugum sveitarfélaganna. Tilmæli frá opinberum aðilum eru skýr: flokkun og endurvinnslu sorps verður að auka og förgun að minnka! Hjá kirkjugörðunum hafa á undanförunum misserum sparast umtalsverðir fjármunir með aukinni flokkun og endurvinnslu. En betur má ef duga skal.

Aðstandendur látinna sem koma í kirkjugarðana til að hirða um leiði ástvina og ættingja sinna hafa gjarnan meðferðis blóm, ýmsar skreytingar eða kerti sem nýtast þeim við að prýða leiði og heiðra

„Mikilvægt er að aðstandendur leggi sitt af mörkum við flokkun úrgangs í gördunum.“

minningu hins látna. Einnig hafa aðstandendur meðferðis ótrúlega mikið af allskonar umbúðum sem þeir þurfa að losa sig við. Umbúðum og gömlum skreytingum sem áður hefur verið komið fyrir á leiðum er þá gjarnan kastað í ruslaflát í gördunum. Mikilvægt er að aðstandendur leggi sitt af mörkum við flokkun úrgangs í gördunum. Til þess að það gangi eftir þurfa þeir helst að vera meðvitaðir um það hver tilgangurinn er með flokkuninni og að kynna sér þær merkingar sem eru á ílátum undir úrgang í gördunum. Einnig er mikilvægt að aðstandendur takmarki allt það magn af umbúðum sem þeir flytja með sér bara til þess eins að kasta í ruslið.

Þess ber að geta að vissulega eru margir þeirra sem koma í kirkjugarðana meðvitaðir um það hvernig flokkun úrgangs er háttáð og eiga þeir þakki skildar sem gera eins og ætlast er til.

Hér með er þeim vinsamlegu til-mælum beint til aðstandenda sem þurfa að losa sig við rusl í kirkjugörðunum að gega það samkvæmt merkingum á ílátum og umfram allt að takmarka allt umbúðafarganið. Hafa ber í huga að það að kasta rusli hefur kostnað í för með sér. Flokkun rusl!

Mikilvægur stuðningur við nýja stofnun SP

Jafnréttismál

Aðalheiður Inga
Þorsteinsdóttir

ráðgjafi hjá
höfuðstöðvum UN
Women



Ný stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, tók formlega til starfa fyrir á þessu ári. Hún varð til við sameiningu fjögurra stofnana innan SP sem fengist höfðu við jafnréttismál, en þeirra stærst var Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, UNIFEM.

Lengi hafði verið rætt um að efla þyrfti starf Sameinuðu þjóðanna við að bæta réttindi og stöðu kvenna, enda höfðu stofnanirnar sem UN Women byggir á umtalsvert minni fjárrád, mannafla og aðkomu að ákvarðanatöku en margar sambærilegar stofnanir innan SP kerfisins. Miklar vonir eru því bundnar við tilkomu UN Women, sem ætlað er að hafa stór- aukin umsvif og áhrif. Víst er að verkefnið eru bæði næg og brýn, sér í lagi í þróunarlöndum og á stríðshráðum svæðum.

Starfsemi UN Women byggir að verulegu leyti á frjálsum fram-lögum aðildarríkja SP. Íslendingar voru meðal dyggustu stuðnings-þjóða UNIFEM, bæði hvað varðar málefnalegan stuðning og fjárframlög miðað við höfðatölu. Áætlun sem fyrir liggur um alþjóðlega þróunarsamvinnu gerir ráð fyrir að Ísland muni áfram standa ótul-lega að baki UN Women og óskandi er að það gangi eftir.

Sem fyrrverandi starfsmaður í höfuðstöðvum UNIFEM í New York og núverandi ráðgjafi hjá UN Women hef ég kynnst mikilvægi þess starfs sem unnið er á vegum stofnunarinnar um allan heim. Þegar þetta er ritað rekur UN Women fimmtán heimshluta-miðstöðvar og samtals um sextíu verkefnaskrifstofur í samstarfs-löndum, þar sem stofnunin veitir fjárhagslega og tæknilega aðstoð til að bæta lagalega og samfélags-lega stöðu kvenna, í samvinnu við

yfirvöld, kvennahreyfingar og frjáls félagasamtök.

Aðildarríki SP hafa markað hinni nýju stofnun áherslusvið, en þau eru barátta gegn kynbundnu ofbeldi; stuðningur við þátttöku kvenna í friðarferlum og uppbyggingu eftir átök; stuðningur við þátttöku kvenna í stjórnmálum og athafnalífi; efling efnahagslegrar stöðu kvenna; aðstoð við að samþætta kynjasjónarmið í hagstjórn og áætlanagerð; stuðningur við ríki til að uppfylla skuldbindingar þeirra samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum; og loks kynjajafnrétti sem hluti af Þúsaldarmarkmiðum SP.

Jafnframt er UN Women ætlað að gegna mikilvægu hlutverki við þekkingaröflun, samhæfingu og stefnumótun, sem leiðandi stofnun á sviði jafnréttismála innan SP, auk þess að hafa eftirlit með því hvernig alþjóðasamfélaginu gengur að framfylgja settum markmiðum.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2011-2014. Það er vel að UN Women er þar tilgreind sem ein af fjórum lykilstofnunum í marghliða þróunarsamvinnu Íslands, ásamt Alþjóðabankanum, UNICEF og Háskóla SP. Auk þess eru jafnrétti og umhverfismál skilgreind sem þverlæg málefni, sem allt þróunars-tarf skuli taka mið af. Bent er á að reynslan sýni að þróunarsamvinnu sem grundvallast á jöfnum rétti og þátttöku kvenna og karla, og tekur tillit til hagsmuna og sjónarmiða beggja kynja, sé líklegri til að skila varanlegum árangri.

Í umsögn sinni til þingsins lýsti Landsnefnd UN Women á Íslandi almennri ánægju með áætlunina og þá áherslu sem þróunarsamvinnu fær í utanríkisstefnu Íslands. Ég vil hvetja þingmenn til að fylkja sér að baki áætluninni um alþjóðlega þróunarsamvinnu eins og hún liggur fyrir, og tryggja að Ísland leggi sitt lóð á vogarskálar-nar til þess að UN Women megi verða það hreyfiafl í jafnréttismálum sem vonir standa til.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



Dr. Françoise Barré-Sinoussi, Nóbelsverðlaunahafi og öndvegis-fyrirlsari Heilbrigðisvísindasviðs á aldarafmæli Háskóla Íslands, flytur erindið.

UPPGÖTVUN HIV-VEIRUNNAR

DÆMI UM HVERNIG GRUNNRANNSÓKNIR ERU HAGNÝTTAR Í BARÁTTU GEGN NÝRRI FARSÓTT

The discovery of HIV: An Example of Translational Research in Response to an Emerging Epidemic

Dr. Barré-Sinoussi hlaut Nóbelsverðlaun í líf- og læknávisindum 2008 ásamt samlanda sínum dr. Luc Montagnier fyrir uppgötvun HIV-veirunnar. Erindið, sem haldið er í samstarfi við franska sendiráðið á Íslandi, er hluti af málþingi til heiðurs Birni Sigurðssyni, fyrsta forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Málþingið fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, miðvikudaginn 1. júní kl. 14.00–16.30.

Allir velkomnir



ÁRANGUR TEKUR



Sparnaðarþjónusta fyrir alla

VÍB veitir sparifjáreigendum og fagfjárfestum alhliða þjónustu

VÍB - Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfabjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu.

Eigna- og lífeyrisþjónusta

Hefðbundin ávöxtun, sparnaður í áskrift, stakar fjárfestingar og lífeyrissparnaður með aðstoð sérfræðinga okkar.

Einkabankþjónusta

Viðskiptavinum sem gera ríkar kröfur býðst sérsniðin einkabankþjónusta þar sem viðskiptastjóri annast stýringu eignasafnsins og veitir margvíslega ráðgjöf.

Netbanki

Aðgangur að kauphöll og eitt breiðasta sjóðaúrval landsins fyrir þá sem stýra eignasafni sínu sjálfir.

Fáðu nánari upplýsingar á www.vib.is eða pantaðu viðtal við ráðgjafa í síma 440 4900.

Uppbygging samfélagsins byggist á menntun

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir

mennta- og menningar-
málaráðgjafi



Nú í vor verða kynntar nýjar námskrár sem byggjast á þeim nýju menntalögum sem samþykkt voru árið 2008. Við gerð námskrána er einnig unnið að því að leggja nýjar áherslur varðandi inntak í námi og skólastarfi sem meðal annars er ætlað að koma til móts við þá gagnrýni sem sett er fram í Rannsóknaskýrslu Alþingis þar sem lögð er áhersla á það hlutverk stjórnvalda hverju sinni að mennta hinn almenna borgara nægilega vel svo hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvar sem þeir standa í litrófi stjórnmalanna eða á vettvangi atvinnulífs.

Mína viðleitni til að bregðast við þessu má finna í þeim sex grunnþáttum sem lagðir eru til grundvallar í námskrám allra skólaklassa. Þeir eru læsi, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og lýðræðismenntun með áherslu á siðfræði og mannréttindi. Í læsinu felst m.a. áhersla á gagnrýni miðlálæsi sem þarf að vera samfaglegur þáttur í öllu námi, bæði í formlega skólakerfinu og innan fullorðinsfræðisunnar og efla þannig læsi á „hvers kyns áróður og innistæðulausa ímyndarmið“ (eins og segir í skýrslu þingmannanefndar).

Á þjóðfundi um menntamál og á menntaþingi var kallað eftir aukinni áherslu á lýðræðismenntun og siðfræði og að mínu mati höfum við núna einstakt tækifæri til að efla lýðræðismenntun, ekki aðeins með fræðslu um lýðræði heldur einnig að efla lýðræðisleg vinnubrögð í öllu skólastarfi. Hvað varðar jafnréttismenntun þá hefur núna í vetur verið tilraunakennt námsefni um jafnréttismál, Kynungabók, þar sem lögð er áhersla á gagnrýna nálgun á staðalmyndir og valdahlutföll kynjanna. Þetta er spennandi tilraunastarf sem vonandi leggur grunn að enn jafnréttissinnaðra samfélagi en við eigum nú.

Menntun til sjálfbærni er að halda innreið sína víða í hinum vestra heimi og skilningur á mikilvægi hennar fer jafnt og þétt vaxandi enda lykilþáttur í að ná jafnvægi samfélagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta við mótun samfélagsins. Sama

má segja um skilning á mikilvægi skapandi starfs fer vaxandi, enda átta æ fleiri sig á því að skapandi hugsun er nauðsynleg til að byggja upp nýja og fjölbreytta atvinnustefnu þar sem byggt er á þekkingu og skapandi hugsun.

Mikilvægi velferðar og heilbrigðis, hvort sem er líkamlegs, félagslegs eða andlegs verður seint nægilega ítrekað. Fljótlega eftir hrun var sett á fót svokölluð velferðarvakt sem starfar þvert á ráðuneyti og er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins. Sérstaklega hefur verið tekið á eineltismálum og samþykktu ríkisstjórnin í fyrra sérstaka fjárveitingu til þriggja ára til að berjast gegn einelti. Þá hafa ráðuneyti velferðar og menntamála unnið

í stefnu skóla, starfsháttum, við gerð starfs- og rekstraráætla og í tengslum við samstarf heimila og skóla.

Við Íslendingar höfum lært það af kreppunni að menntun skiptir miklu og það má meðal annars sjá á menntaáttaki stjórnvalda en á undanförunum misserum hafa stjórnvöld haft víðtækt samráð þar sem menntamálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og forsætisráðuneytið hafa verið í samstarfi við fulltrúa á opinberum og almennum vinnumarkaði og stjórnarandstöðu til að bregðast við bráðavanda á vinnumarkaði og í menntakerfinu.

Afurð þess samstarfs er áttak í Nám er vinnandi vegur. Fjármögnun áttaksins er tryggð í samráði ríkisstjórnar og aðila

Viða má sjá að skólakerfi hafa verið endurskipulögð með það í huga að efla faglegt sjálfræði og ábyrgð kennara, bæta aðbúnað þeirra og möguleika til endurmenntunar fyrir utan kjörin sem þarna skipta auðvitað miklu.

ad heilsuefningu og forvörnum í framhaldsskólum og er ætlunin að halda því starfi áfram og víkka ennfremur út.

En lykilatriðið í að innleiða og þróa menntastefnu eru öflugir kennarar. Við Íslendingar eigum sem betur fer frábært fagfólk á öllum skólastigum. Það hefur svo sannarlega sannast nú í efnahagskreppunni þar sem fjölskyldur landsins hafa reitt sig á skólana sem samfélagslegar stoðir þar sem börnin sækja ekki einungis menntun heldur líka traust og umhyggju. Það er mikilvægt að hafa það í huga við uppbygginguna framundan að þau menntakerfi sem búa vel að kennurum standa sterkt. Viða má sjá að skólakerfi hafa verið endurskipulögð með það í huga að efla faglegt sjálfræði og ábyrgð kennara, bæta aðbúnað þeirra og möguleika til endurmenntunar fyrir utan kjörin sem þarna skipta auðvitað miklu. Eins skiptir miklu máli að aðstoða kennara við að takast á við verkefni sem fylgja nýjum námskrám. Í þeim anda er nú unnið að útgáfu þemahefta um hvern grunnþátt þar sem m.a. verða hagnýtar ábendingar fyrir skólastjórnendur og kennara um hvernig grunnþættir geti verið leiðarvísir í skólastarfi, s.s.

vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga en í heild verða framlög til menntamála með áttakinu aukin um sjö milljarða króna næstu þrjú ár. Framhaldsskólinn verður eflður, atvinnuleitendur verða gefin aukin tækifæri til að mennta sig, sérstakur þróunarsjóður stofnaður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Lög um LÍN og framfærslukerfi námsmanna verða endurskoðuð, skil framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu verða gerð sveigjanlegri, námsráðgjöf eflð og vinnustaðanámssjóður styrktur þar sem m.a. á að opna framhaldsskólana fyrir umsækjendum yngri en 25 ára en vegna fjárskorts á síðustu misserum hefur það ekki reynst mögulegt.

Þessi markmið stjórnvalda byggjast meðal annars á sóknar-áætlun fyrir Ísland sem mótuð hefur verið á undanförunum misserum þar sem sett eru fram háleit markmið um að efla menntunarskipti í landinu og sem flestir ljúki að lágmarki prófi úr framhaldsskóla. Ef við höldum rétt á spöðunum mun menntakerfi gegna lykilhlutverki við uppbyggingu öflugra samfélags á Íslandi.

Samtök um tónlistarhús 1983-2011

Menning

Egill Ólafsson
formaður SUT



Samtök um tónlistarhús – SUT, hafa starfað í 28 ár. Samtökin hafa haldið á lofti mikilvægi byggingar tónlistarhúss í Reykjavík. Barátta fyrir tónlistarhúsi er þó enn lengri og má segja að hún hefjist á ofanverðri 19. öld.

Þannig hefur hún staðið í rúm eitt hundrað ár. Baráttunnar sér m.a. stað í Stefnuskrá Bandalags Íslenskra listamanna 1937, þar sem hvatt er til að komið verði upp fullkomnu hljómleikahúsi í Reykjavík. Oft voru áformin kveðin niður af ráðamönnum, sem vildu niður með fjöllin og upp með dalina. Enn dreymdi framfarumenn um tónlistarhús við stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1950, áfram var því mætt af ámóta dalamennsku og fyrr. Andsnúnir sögðu slík mont-hús ekki vera fyrir Íslendinga.

Áfram sýndu stjórnvöld hugmyndum um tónlistarhús lítinn áhuga – hlutverk SUT fólst í að þoka ráðamönnum og almenningi til skilnings á málefni. Undir aldamótin 2000 fór að rofa til, baráttan eignaðist talsmann í Birni Bjarnasyni þ.v. menntamálaráðgjafi og í kjölfarið lýsti ríkisstjórnin stuðningi við málið. Árið 2002, hinn 11. apríl, var undirritað samkomulag milli ríkis og borgar um að vinna að því að reisa tónlistarhús, húsið yrði tilbúið í lok árs 2006. Þar var kveðið á um að einkaaðilar skyldu byggja og reka húsið, en borg og ríki leggðu fjármuni til rekstrars árlaga.

Þá hófst forvinna að byggingunni. Samkeppni um útlit, byggingarframkvæmd og rekstur – nýjar tímasetningar sem miðuðu við að húsið opnaði 2009. Portus, félag Björgólfs Guðmundssonar varð fyrir valinu. Byggingahraðinn varð annar en ætlað var og hrúnið kom í veg fyrir opnun 2009. Til stóð að hætta framkvæmdum, en þá kom til dirfska, sem fólst í ákvörðun yfirvalda um að halda áfram, þar fóru fyrir; Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðgjafi og Hanna Birna Kristjánsdóttur borgarstjóri. Þá verður að geta samstöðu margra, sem héldu réttilega fram að byggingin eyðilegðist við að standa sem gapandi stekkur um ókomin ár.

Traustir stuðningsaðilar Samtakanna

Samtök um tónlistarhús hafa frá byrjun átt að trausta stuðningsaðila. Þar í flokki eru einlægir áhugamenn um tónlist, fjöldi listamanna, sem gefið hafa vinnu sína á tónleikum, við upptökur sem gefnar hafa verið út í nafni SUT. Þá gleymist ekki fjöldi fyrirtækja og einstaklinga, sem styrkt hafa Samtökin með stórum fjárhæðum af ýmsu tilefni. Ekki verður og litið framhjá þeim sem í ræðu og riti héldu uppi baráttu fyrir húsinu.

Ekki má heldur gleyma öllum formönnum og stjórnum samtakanna frá upphafi, sem unnið hafa mikið starf í sjálfböðavinnu.

SUT slitit – nýr styrktarsjóður

Nú eru tímamót; með tilkomu Hörpu er hlutverki SUT lokið. Þeir peningar sem safnast hafa á löngum tíma verða að styrktarsjóði, sem styrkja mun sköpunarstarf í Hörpu, þetta er ákvörðun aðal- og fulltrúaráðsfundar Samtakanna frá því í október 2009. Sjóðurinn mun heita; Styrktarsjóður SUT og Ruth Hermanns, en Ruth ánaftaði öllum eignum sínum málstaðnum.



Harpan ber með sér vortíð og nýja tíma – tíma sem færa okkur áður óþekkt viðmið og lífsgæði. Nú berst tónlistin til okkar óhindrað í glæstum söllum.

Sjóðurinn mun starfa innan Hörpu og í stjórn eru fulltrúar þriggja fagfélaga tónlistarmanna; FÍH, STEF, FÍT, fulltrúi frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarstjóri Hörpu. Sjóðurinn veitir tvo styrki árlega til tónlistarmanns eða hóps. Styrkþegi er skuldbundinn til að halda tónleika í viðeigandi sal Hörpu. Fyrstu tónleikar af þessu tilefni verða að vori 2012. Það er mat stjórnar SUT, að þannig sé peningunum best varið; til sköpunar nýrra landvinnna í tónlist.

Stofnfé Styrktarsjóðsins verður um 120.000.000 kr. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðum FÍH, FÍT, STEFS og Hörpu.

Stuðningsaðilum boðið á tónleika í Hörpu

Nú er ástæða til að gleðjast yfir glæsilegu tónlistarhúsi. Það er ánægjulegt að segja frá því að 19. ágúst. nk. kl. 20:00, verður styrktaraðilum SUT boðið á tónleika í Hörpu. Á efnisskrá er m.a. Mozart flautukonsert með Stefáni Ragnari Höskuldssyni, flautuleikara hjá Metropolitan óperunni í New York. Þá verður og afhjúpaður minnisvörð, koparskjöldur þar sem Samtökum um tónlistarhús - stuðningsaðilum er færðar þakkir fyrir 28 ára baráttu. Næstu daga mun þeim berast boðsbréf á þennan viðburð og nánari upplýsingar um slit Samtakanna og stofnun Styrktarsjóðsins.

Ný viðmið

Það eru tímar sundurþykkju í gjörvallri veröld – tilgangssleysi og fátækt eru hlutskipti margra – við snúum ekki til baka með það sem íþyngir okkur í veraldlegum og andlegum efnum – en til að halda vöku okkar er mikilvægt að við missum ekki sjónar á því sem við þó höfum. Þetta er inntak tónlistar – og tónlistin ber í sér eðli viljans. Sá sem kynnist því eðli, veit að hann getur breytt sjálfum sér til hins betra og þannig verður til afl sem leiðir til betra samfélags.

Harpan ber með sér vortíð og nýja tíma – tíma sem færa okkur áður óþekkt viðmið og lífsgæði. Nú berst tónlistin til okkar óhindrað í glæstum söllum. Nú þarf að efla sköpun tónlistar í húsi sem við öll gerum tilkall til, þangað getum við sótt styrk, sem eflir okkur til nýrra átaka. Til hamingju með Hörpu – heiðskíra von um framtíð.

Til leigu!

Verslunar- eða skrifstofurými til leigu í Bildshöfða 20 á einum besta stað höfuðborgarsvæðisins.



Nánari upplýsingar veitir Benedikt Ingi Tómasson
í síma 842 4907 eða bit@smaragardur.is



Smáragarður, Bildshöfða 20, 110 Reykjavík, sími 585 2900, www.smaragardur.is

SMÁRAGARÐUR

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Komdu
núna

Frábær
sumar
tilboð!

Nú er fjör!

Full búð af nýjum vörum

Alex sófasett 3 plús 2

Einnig til í svörtu og brúnu taui.
Fullt verð 261.000,-

Nú
aðeins
169.650
35% afsl!

Aðeins 40 sett!



Passar í bústaðinn:
3ja sæta: 190x90x85(h) cm
2ja sæta: 136x90x85(h) cm

Nature's Rest

Dýna, botn og lappir:

90x200 cm kr. 65.900,-

100x200 cm kr. 69.900,-

120x200 cm kr. 75.900,-

140x200 cm kr. 79.900,-



Vönduð heilsurúm með
svæðaskiptu pokagormakerfi.

Nature's Comfort

Dýna, botn og lappir:

100x200 cm kr. 85.900,-

120x200 cm kr. 95.900,-

140x200 cm kr. 105.900,-

160x200 cm kr. 119.900,-

180x200 cm kr. 135.900,-



OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-17

Sun frá kl. 13-17



DORMA

- býður góða nótt

Molly svefnsófi

Aðeins

kr. 59.900,-



Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Ísland, Evrópusambandið, norðurslóðir og Kína

Utánríkismál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðgjafi



Mér hefur fundist athyglisvert að skoða fullyrðingar ýmissa mótherja Evrópusambandsins um að umsókn okkar þjóni ekki íslenskum hagsmunum af því hún komi í veg fyrir nánari samvinnu Íslands við lönd norðurskautsins, og skaði möguleika okkar á auknum tengslum við Alþýðulýðveldið Kína. Þessu er einkum haldið fram af gildum Sjálfstæðismönnum sem hafa sumir skilgreint sig sem „innmúraða og innvígða“ og leita samnálarleitt að pólitískum rökum gegn aðild. Báðar staðhæfingarnar eru þó rangar. Um norðurslóðir er auðvelt að sýna fram á, að umsókn um aðild að Evrópusambandinu styrkir hagsmunum Íslands á norðurslóðum. Hún dregur ekki úr tækifærum í norðrinu heldur eflir þau. Fullyrðingunni um Alþýðulýðveldið hafa Kínverjar svarað sjálfir, því aldrei hefur Kína sýnt Íslandi jafnmikinn áhuga og einmitt eftir að Alþingi samþykkti umsókn um aðild.

Hagsmunir Íslands

Bæði almenn og sértæk rök má færa fyrir að aðild Íslands að Evrópusambandinu falli vel að vaxandi hagsmunum Íslendinga á norðurslóðum.

Áhugi ESB hefur sprottið

einkum af umhyggju fyrir náttúru og loftslagi. Stefna sambandsins er langt frá fullmótuð. Því er ákjósanlegt fyrir Ísland að sækja um aðild núna, og tryggja að Ísland geti í samningaviðræðum og síðar sem aðildarþjóð haft rík áhrif á stefnu þess til að styðja við hagsmuni Íslendinga. Á leikvangi alþjóðamála er sambandið einn öflugasti málsvári loftslagsverndar og þéttra alþjóðareglna um siglingar og mengunarvarnir. Það þjónar því Íslandi að hafa afl þess á bak við hagsmuni sína í norðrinu.

Nálgun Evrópusambandsins einkennist í senn af forystuhlutverki þess um loftslagsvernd og sterkari viðleitni en flestra til að vernda hina ofurviðkvæmu náttúru norðurheimskautsins. Áhugi annarra hefur vaxið í réttu hlutfalli við auknar líkur á nýtingu olfu og gass. Nálgun ESB gagnvart norðurslóðum slær hins vegar nákvæmlega í takt við hina íslensku afstöðu: Kapp er best með forsjá.

Sameiginlegar þarfir

Hinir sértæku hagsmunir, sem Ísland á sameiginlega með Evrópusambandinu, eru margvíslegir. Fyrir okkur er brýnt að styrkja Norðurskautsráðið sem vettvang fyrir sameiginlega stefnumótun um hagsmuni á norðurslóðum. Við höfum lagst gegn hinu svokallaða fimm-ríkja samráði, sem efnt hefur verið til án þátttöku Íslands. Það kynni að muna um bakfisk Evrópu í sókn fyrir málstað Íslands.

Fyrir Íslendinga skiptir gríðarmiklu að ráðist verði sem allra

fyrst í alþjóðlegan samning um varnir gegn afleiðingum olúslysa, ekki síst þar sem pólsiglingar eru taldar hefjast fyrir en áður. Þar eigum við sameiginlegar þarfir með Evrópu. Fyrir brýna hagsmuni Íslands varðar því miklu að hafa liðsinni hennar til að þrýsta á um slíka samninga. Sama gildir um uppbyggingu alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar á Íslandi. Sambandið skiptir meginmáli um ýmiss

Ekki töpuðu Bretar og Írar olíulindum sínum í Norðursjó. Um lifandi auðlindir í hafinu gildir regla, sem kennd er við hlutfallslegan stöðugleika. Hún þýðir á mæltu máli að ríki Evrópusambandsins geta ekki gert kröfu um aflaheimildir nema þau byggi á sögulegri veiðireynslu. Henni er ekki til að dreifa í tilvikni nokkurrar þjóðar síðustu 35 árin eða svo.

Besta vitnið um þetta er þó

Um norðurslóðir er auðvelt að sýna fram á að umsókn um aðild að Evrópusambandinu styrkir hagsmuni Íslands á norðurslóðum. Hún dregur ekki úr tækifærum í norðrinu heldur eflir þau.

konar svæðasamvinnu við uppbyggingu flutninganeta, s.s. hafnir, gervihnattaefirlit og viðbrögð við vá. Innan þess ættum við því bæði móralska og efnislega kröfu á stuðning við alþjóðlega björgunargetu á Íslandi.

Auðlindarökin og Eva Joly

Þeir sem mest styggð kemur að vegna Evrópusambandsins sarga stundum á því að bak við velvild Evrópu liggja svartar hvatir ágrindar á auðlindum Íslendinga. Það er þó fjarri veruleikanum.

Ekkert í reglum sambandsins leiðir til þess að möguleikar evrópskra fjárfesta til að sælsta í orkuna í fallvötnum eða háhitasvæðum Íslands ykjast við aðild.

kannski norska konan sem situr fyrir franska græningja á Evrópuþinginu; Eva Joly. Í Silfrinu fyrir í vetur vísaði hún algjörlega á bug að Evrópuríkin myndu hvoma í sig auðlindir Íslands. Frú Joly, sem mælti eindregið með aðild var ómyrk: Við hvorki getum né viljum taka auðlindir ykkar.

Alþýðulýðveldið og Ísland

Skondnast er að heyra þá sem eytt hafa ævi í að berjast gegn kommúnistastjórnnum, og uppálfing þeirra á Alþingi, fjargviðrast yfir að nánari tengsl við Evrópu myndu torvelða fram-tíðarviðskipti Íslands og Kína. Sú fjöður stendur í þeim fugli,

að í gangi eru fríverslunarsamningar við Kína, en ganga hægt. Íslendingar vilja ekki fallast á tímabundna frjálsa för kínversks vinnuafli til Íslands enda atvinnuleysi úr hófi keyrt, og Kínverjar ekki á kröfur fiskiþjóðarinnar um tafarlaust tollfrelsi á fiski. Tvær vinabjóðir gætu þó lokið þeim handlegg. En gengju samningar til lúkningar, myndi aðild að ESB leysa þá upp og fríverslun milli Íslands og Kína tækist ekki fyrir en samningar næðust milli Alþýðulýðveldisins og sambandsins.

Berum nú saman blákalda hagsmuni. Þegar hefðbundnar tölur um viðskipti eru skoðaðar sést að 0,6% af öllum útflutningi okkar fer til Kína en 77,6% til ríkja ESB. Hér er meira en sjónarmunur þó líklegt sé að fríverslun bætti smám saman í útflutning til Kína. Inn í þennan reikning ber að taka þá reynslu smærri þjóða að erlendar fjárfestingar stórukast við aðild, einkum úr ríkjum Evrópu. Það er skýrt hvert hagsmunavogin hallast.

Aðild útilokar hins vegar fráleitt aukin viðskiptatengsl við Kína. Það er undirstrikað af stóru aukinni áherslu Kínverja á fjárfestingar í löndum Evrópu. Enginn þarf að tapa svefni vegna kvíða fyrir því að aðild fæli stórveldið frá Íslandi.

Ólygnastur er þó veruleikinn. Hann segir okkur, að aldrei hafa Kínverjar haft uppi jafnsterka viðleitni til að efla tengsl á sviði viðskipta og einmitt eftir að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu.

Mikið úrval skemmtisiglinga fyrir einstaklinga og hópa.

26.000 kr.
AFSLÁTTUR PR. MANN
SÉRTILBOÐ 10. SEPTEMBER MEÐ
NORWEGIAN EPIC NÝJASTA
SKIPI NORWEGIAN CRUISE

LINE MIÐJARÐAR-HAFIÐ, BARCELONA, LIVORNO, FLÓRENS, PISA, RÓM, NAPÓLI, POMPEI OG PALMA MALLORKA

10 FYRSTU SÆTIN MEÐ 26.000 AFSLÆTTI EÐA KR.52.000 Á HJÓN VIKU SIGLING OG ÞRJAR NÆTUR Í BARSELÓNA
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

Verð frá kr. 299.000
með afslætti

FERÐALÝSING
10. sept: Keflavík - Barcelona.
11. sept: Farið um borð í Epic um hádegi og lagt úr höfn kl. 18:00.
12. sept: Skemmtisigling.
13. sept: Livorno, Flórens og Pisa.
14. sept: Civitavecchia(Róm)
15. sept: Napoli og Pompei.
16. sept: Skemmtisigling
17. sept: Palma Mallorca
18. sept: Barcelona
19. sept: Barcelona.
20. sept: Barcelona -Keflavík

SKEMMTISIGLING MEÐ GLÆSISKIPI

Norwegian EPIC er nýjasta skipið í flota NCL skipafélagsins og er það 156.000 tonn, 329 metra langt og 40 metra breitt. Sannkallað fljóttandi lúxushótel þar sem veitingastaðir og barir eru á hverju horni ef svo má segja. NCL var fyrst skipafélaga til að bjóða upp á svokallað Freestyle Cruising en slík skemmtisigling er um margt frábrugðin þeim sem hingað til hafa verið viðhafðar, til dæmis getur fólk farið og borðað þegar það vill og gert það sem það langar til, þegar því hentar. Um borð eru fjöldi veitingastaða, asískur, japanskur, bandarískt steikihús, sushi, franskur og þannig mætti lengi telja.

FULLT FÆÐI OG ÖLL AFÞREYING UM BORÐ INNIFALIÐ Í VERÐI

JÓLAFERÐ TIL BHAMA
17 - 27. desember
Verð frá kr. **280.000**
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

RÓM, GRIKKLAND, TYRKLAND OG EGYPTALAND
25. október til 6. nóvember
10 daga sigling og 2 nætur í Róm
Verð frá kr. **340.000**
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

ÁÐEINS 8 SÆTILAUS

Lágmarksþátttaka er 16 manns. Norræna ferðaskrifstofan áskilur sér rétt til að fella niður ferðina ef ekki er næg þátttaka.

Er í tísku að nota munntóbak?

Heilbrigðismál

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

verkefnisstjóri
Ráðgjafar í
reykbindindi



Margar ástæður eru taldar fyrir því að ungmenni byrji að fíka við vímuefni eins og tóbak, til að mynda forvitni, félagabrystingur, feimni eða ævintýralöngun. Á unglingsárunum vilja margir taka áhættu, prófa eitthvað nýtt og spennandi. Það sem getur hvatt til neyslu eru tiskubylgjur og ýmis menningaráhrif. Fiktið leiðir þó ekki alltaf til ánetjunar, en er oftast en ekki fyrsta skrefið í þá átt. Margt hefur breyst í tímanna rás og skýrir aukningu á neyslu vímuefna meðal ungmenna, þar má nefna aukið framboð vímuefna, meiri fjárráð ungmenna, breytt unglíngamenning sem hvetur til neyslu og svo aukið kynslóðabil þar sem ungmenni taka meiri ákvarðanir um lífshætti sína en áður fyrr. Neysla tóbaks er oft fyrsta skrefið í átt að neyslu annarra vímuefna.

Hvað er munntóbak?

Munntóbak er sambland af tjöru og nikótíni, sem telja um 2.500 efni og eru a.m.k. 28 þekktir krabbameinsvaldar. Munntóbak er mjög sterkt í samanburði við sigarettuna, þ.e. sum eiturefni eru í hærri hlutfalli í munntóbakinu heldur en í sigarettunni. Nikótín-magn getur verið allt að fjórfalt meira í munntóbaki heldur en í sigarettu. Nikótín er ávanabindandi efni og veldur mikilli fíkn. Samkvæmt nýlegri rannsókn er nikótínfíknin sterkari en hass- og heróínfíknin. Þeir sem byrja að nota tóbak í vör verða mjög fljótt háðir því vegna mikils magns nikótíns í tóbakinu. Flestir Íslendingar nota íslenska neftóbakið í vör í sinni munntóbaksneyslu. Margir þjappa tóbakinu í afklippta sprautu og setja það svo upp undir efri vör. Þó nokkuð er um að notað sé ólöglegt munntóbak sem er í pokum og kallast snus. Í rannsókn Capacent Gallup frá 2010 á tóbaksnotkun ungmenna á aldrinum 16-23 ára kemur í ljós að um 80% nota einungis íslenska neftóbakið í vör, en 4,8% snusið. Um 15% nota svo bæði íslenska neftóbakið og snusið í vör.

Tíðnin og forvarnir

Munntóbaksnotkun í aldurshópnum 16-23 ára hefur aukist á síðustu árum, en árið 2005 notuðu 5,6% munntóbak í þessum aldurshóp, 10,7% árið 2009 og 11% árið 2010. Stúlkur skekkja þessar notkunartölur verulega, en árið 2009-2010 notuðu um 20% drengja munntóbak, en einungis 1-2% stúlkna. Ljóst er að þessi ungmenni nota aðallega íslenska neftóbakið í vör, en sala á því hefur jafnframt aukist verulega undanfarin ár, eða úr 11,6 tonnum árið 2003 í 25,5 tonn árið 2010. Í könnunum Rannsóknar og greiningar við Háskólann í Reykjavík kemur fram að hlutfall nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftast á síðustu 30 dögum árið 2010 var um 5% í 8. bekk, um 7% í 9. bekk og ríflega 12% í 10. bekk. Í ljós kom að nemendur í þessum bekkjum sem stunda íþróttir nota ekkert síður munntóbak en þeir sem eru ekki í neinum íþróttum. Jafnframt kom í ljós að þeir nemendur sem stunduðu íþróttir notuðu mun síður áfengi og sigarettur en þeir sem voru ekki í neinum íþróttum. Forvarnir virðast því hafa skilad sér til íþróttakrakka varðandi áfengi og sigarettur, en ekki varðandi munntóbakið.

Ætli munntóbaksnotkun sé „inn“ í dag, það sé „cool“ og flott að nota það, eða vita krakkarnir ekki hvaða áhrif munntóbak hefur? Veit þorri Íslendinga hvað reyklaust tóbak er í raun og veru? Miðað við þessa „tískutíma“ munntóbaks þurfa forvarnirnar að snúast að verulegu leyti um reyklusa tóbakið, þó svo forvarnir gagnvart reykingum megi ekki falla niður.

Samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var á tóbaksvörnum í grunnskólum landsins fær þriðjungur 10. bekkinga engar tóbaksvarnir í skólum sínum. Ef lítið er til rannsókna sem gerðar hafa verið í Háskóla Reykjavíkur á nemendum 10. bekkjar, þá aukast daglegar reykingar um þriðjung frá lokum 10. bekkjar til fyrstu mánaða í framhaldsskóla sama ár. Forvarnir eru því mjög mikilvægar í grunnskólum landsins og þurfa að halda út allan 10. bekkinn, ásamt því að byrja strax á yngsta stigi grunnskólans. Það er ekki nóg að nemendur taki upplýsta ákvörðun um að velja eða hafna ávana- og

fíkniefnum eins og tóbaki, þegar þau eru byrjuð að fíka við það og jafnvel farin að nota það að verulegu marki. Tóbaksvarnir þurfa því að vera til staðar á öllum stigum skólastarfsins, sem og halda áfram í framhaldsskólum landsins.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna eiga tóbaksvarnir að vera reglulega upp í gegnum skólagönguna, þó svo margir skólar framfylgi því ekki. Tóbaksvarnir eru hins vegar ekki einungis á herðum skóla landsins, heldur einnig á vegum okkar allra sem þjóðfélagsþegna þessa lands. Við erum öll fyrirmyndir og höfum öll áhrif á annað fólk í

kringum okkur og sérstaklega þá sem eru ungir og enn í mótun. Við erum fyrirmyndir í leik og starfi og ekki síst sem foreldrar. Börn og unglíngar undir 18 ára aldri hafa ekki leyfi, lögum samkvæmt, að kaupa tóbak. Kennum börnum og unglíngum þessa lands að virða þau lög sem við setjum. Ljóst er að því yngri sem einstaklingurinn er þegar tóbaksnotkun hefst, því meiri heilsufarsleg áhrif hefur tóbakið. Líkami og líffæri sem eru í vexti eru mjög næm fyrir áhrifum tóbaksnotkunar. Jafnframt eru þeir sem byrja að nota tóbak ungir mun líklegri en aðrir til að nota mikið tóbak og til frambúðar. Hver

mánuður og hvert ár sem börn og unglíngar sleppa ávana- og fíkniefnum og þ.m.t. tóbakinu, skiptir verulegu máli fyrir heilbrigði og framtíð þeirra.

Ísland hefur alla burði til að verða tóbakslaust í komandi framtíð, en til þess þurfum við öll að standa saman og segja „nei“ við tóbakinu. Þeir sem hafa orðið tóbakinu að bráð hafa alla burði til að hætta notkuninni og hinn 31. maí á „Degi án tóbaks“ eru línur Ráðgjafar í reykbindingu, sem hjálpar ekkert síður við að hætta munntóbaksnotkun sem og nikótínlyfjum, opnar frá kl. 10-22 í númerinu 800-6030 ykkur að kostnaðarlausu.

Frábær gisting!

Hotel Palmasol
með „öllu inniföldu“
Önnur frábær gisting í boði.

4. júní í 10 nætur
14. júní í 11 nætur

frá aðeins kr. **119.900**
– með „öllu inniföldu“

Beint morgunflug
með Icelandair

Costa del Sol

Ótrúlegt sértíloboð!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum í 10 og 11 náttu ferðir til Costa del Sol 4. og 14. júní. Í boði er frábært sértíloboð á Hotel Palmasol með „öllu inniföldu“ á ótrúlegum kjörum. Hotel Palmasol er gott og vel staðsett hótél sem býður fjölbreytta þjónustu og góðan aðbúnað. Sjá fleiri gístmöguleika á heimsferdir.is. Griptu þetta einstæða tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum.

Kr. **119.900** – 10 nætur með „öllu inniföldu“

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2-11 ára á Hotel Palmasol í 10 nætur með „öllu inniföldu“. Verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn kr. 129.900. Verð m.v. gistingu í tvíþýli kr. 144.900. Aukagjald fyrir einþýli kr. 29.900. Sértíloboð 4. júní.

Kr. **134.900** – 11 nætur með „öllu inniföldu“

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2-11 ára á Hotel Palmasol í 11 nætur með „öllu inniföldu“. Verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn kr. 139.900. Verð m.v. gistingu í tvíþýli kr. 159.900. Aukagjald fyrir einþýli kr. 29.900.

Aðeins örfá sæti í boði og takmörkuð gisting
- tryggðu þér sæti strax!



Hotel Palmasol

Mjög gott þriggja stjörnu hótél með 269 herbergjum á Benalmadena ströndinni, rétt hjá Puerto Marina snekkjubátahöfninni. Á hótélinu eru góður sundlaugargarður með sundlaug, líkamsræktaraðstaða, sauna, nuddepottur og einnig er góður garður umhverfis hótelið. Öll herbergin eru með loftkælingu, gervihnattasjónvarpi, síma, öryggishólfi og á baðherbergjum er háþurrka. Nær öll herbergi eru með svölum eða verönd. Á hótélinu eru barir og veitingastaður, hægt að spila borðtennis og fara í billiard og á kvöldin er skemmtidagskrá fyrir hótélgesti. Einnig er þvottaaðstaða og internetaðstaða fyrir gesti. Ath. að fjölskylduherbergin eru eitt stórt herbergi með tveimur tvíberðum rúmum (135 cm) þar sem gert er ráð fyrir að 2 fullorðnir og 2 börn geti sofði. Örstutt er á ströndina eða einungis um 250 metrar.

Sjá nánar á www.heimsferdir.is.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498 KR. POKINN

FROSIN JARÐARBER 1,2 KG. /FROSINIR MANGÓBITAR 1 KG.



**FROSID BROKKOLÍ
FROSIN GRÆNMETISBLANDA
298 KR. 1 KG.**



129 KR. 350g

EUROSHOPPER
TVÖ FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 350g



298 KR. 1000g

EUROSHOPPER
FROSID BROKKOLÍ 1 KG. - FROSIN BROKKOLÍ/GRÆNMETISBLANDA 1 KG.

HÉR ER ALLT TIL AÐ MATREIÐA BESTU PIZZUNA HEIMA



BÓNUS PIZZADEIG 400g
198 KR



BÓNUS *SPELT*-PIZZADEIG 400g
259 KR



BÓNUS PIZZASÓSA 430g
179 KR



K.F. PIZZASKINKA 125g
129 KR



EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
98 KR.

25000
DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI



NÝBAKAÐ Í,
VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK



BÓNUS MARGNOTA BURÐARPOKINN
200 KR.STK.



129 KR. 385g
MYLLU
HEIMILISBRAUÐ HÁLFT



195 KR. 150g
NÝ STÆRÐ DALA
FETAOSTUR Í OLÍU



Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.



Gosdrykkir í 33cl dósum **69 kr.ds**

527 9000

UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍM

Þarftu að ná
sambandi
við Bónus?



Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUÐ: 12-18

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



995 KR.KG

BÓNUS
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR



995 KR.KG

BÓNUS Grill úrbeinaðar
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



3598 KR.KG

ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBAFILLET



Ali
25%
AFSLÁTTUR

1498 KR.KG

Ali grill úrb. HUNANGSKRYDDAÐAR
GRÍSAKÓTILETTUR Merkt verð 1998 kr.kg -



Nr. 1

VINSÆLASTA
LAMBALÆRIÐ
Í BÓNUS

1359 KR.KG

Sérskorið ferskt Bónus lambalæri. Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI



Ali
25%
AFSLÁTTUR

1498 KR.KG

Ali grill úrb. BBQ kryddaðar
GRÍSAKÓTILETTUR Merkt verð 1998 kr.kg -



STEIKTUR LAUKUR 100g
129 KR



STEIKTUR LAUKUR 200g
159 KR



VALS TÓMATSÓSA 430g
198 KR



HEINZ TÓMATSÓSA 570g
198 KR



SÆTT SINNEP 460g
179 KR



REMÓLADI 400g
179 KR



BÓNUS PYLSUR 10 STK **599 KR.KG**
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **129 KR.**



RISA HAMBORGARI Í BRAUÐI
FYRIR AÐEINS **200 KR.**



298 KR.700g

PYKKVABÆJAR GRILL-KARTÖFLUR 700G

ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!

FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA
Í OFNINN AÐEINS AÐ HITA



ALI BABYBACK GRÍSARIF **1498 KR.KG.**



ALI SPARERIBS **1198 KR.KG.**



459 KR.960g

HOLTA ELDAÐIR
KJUKLINGAVÆNGIR



1298 KR.KG

K.S FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



GRILLOLÍA
500ml
ÓMISSANDI
Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.



1198 KR.KG

K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18



EINAR ÞORSTEINN „Ef maður trúir, eins og ég geri, að fólk eigi að ráða sér sjálft get ég ekki látið það draga úr mér kjark þótt aðrir fylgi mér ekki að málum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég er hálfgerð tímasekkja

Einar Þorsteinn Ásgeirsson er einn framsæknasti hönnuður Íslendinga, þótt hugmyndir hans hafi ekki alltaf hlotið brautargengi. Um þessar mundir stendur yfir yfirlitssýning á ferli hans í Hafnarborg. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Einar Þorstein.

Það hafði staðið til lengi að gera þessa sýningu og ég er feginn að þetta er búíð. Maður vill helst ekkert líta yfir farinn veg, þetta er dálítið eins og að skrifa eigin minningargrein,“ segir Einar Þorsteinn Ásgeirsson hönnuður um yfirlitssýninguna Hugvit í Hafnarborg. Þar má sjá teikningar, líkón, hönnunarmuni og heimildir um byggingar sem Einar hefur hannað í gegnum tíðina. Sýningarstjórar eru Guðmundur Oddur Magnússon og Pétur Ármannsson.

Einar Þorsteinn er þekktur hér á landi fyrir hönnun sína á kúlum; margir muna eflaust eftir þjóðhátíðartjaldi hans við Arnarhól í Reykjavík árið 1974 en Einar hannaði þó nokkur tjöld af slíkum toga. Undanfarinn áratug hefur samstarf hans við Ólaf Elíasson vakið athygli, ekki síst hönnun Einars á einingunum sem byggja upp glerhjúp tónlistarhússins Hörpu. Ferill Einars Þorsteins er að mörgu leyti einstakur og eins og Pétur Ármannsson hefur bent á er hann eini íslenski tengiliðurinn við geimöldina svonefndu á sjöunda áratugnum, þegar hönnunarmunurinn var mjög upptekinn af framtíðartækni. Hvers vegna höfðaði framræstefnan svona sterkt til hans?

„Ég er hálfgerð tímasekkja að því leyti að mér þykir þetta ekkert sérlega framúrstefnulegt. Hugmyndir eru það eina sem við eigum og ég hef meiri áhuga á að skoða hlutina í ákveðinni þróun. Ég er ekki ánægður með hvernig allt hefur þróast og legg þess vegna fram þessar hugmyndir mínar til að ýta hlutunum áfram í aðra átt. Svo er það undir öðrum komið hvort þeir vilja nýta sér þessar hugmyndir.“

Íslensk hús vitlaus byggð

Eitt af því sem Einari Þorsteini er hugleikið eru hugmyndir hans um framtíð íbúðarbyggðar og hönnun húsa, samanber kúlum á Ísa-

firði, við Kópasker, Hellu, í Höfn, Hafnarfirði, Vatnsdal og Vestmannaeyjum. Þau náðu þó ekki útbreiðslu, enda segir Einar Þorsteinn fólk almennt illa við nýjungar, jafnvel mun hófsamari en þær sem kúlum hús fólu í sér.

„Eitt það fyrsta sem Frei Otto, einn fremsti arkitekt Þjóðverja fyrr og síðar, kenndi mér þegar ég var að vinna fyrir hann er, að þegar þú ert að byggja eitthvað – ekki síst eitthvað nýtt – verðurðu að vita allt um byggingareðlisfræðina. Ef ég hanna hús er það á mína ábyrgð að það sé sem best úr garði gert, laust við leka og slík vandamál. Snemma á áttunda áratugnum var ég búinn að komast að því að íslensk hús eru vitlaust byggð: þau eru einangruð að innanverðu, sem þýðir að útteggurinn er alltaf berskjaldaður fyrir veðrun og eyðileggst. Ég spurði kollega mína: Af hverju gerist þið þetta svona? Og svarið var ávallt á þá leið að svona hefði þetta alltaf verið gert. Ruglið gekk svo langt að þegar ég teiknaði mitt fyrsta steinsteypa hús, Laugastein í Svarfaðardal 1974, var byggingunum neitað um lán þar sem húsið var einangrað að utanverðu.“

Einar Þorsteinn hannaði Hús verslunarinnar á áttunda áratugnum ásamt Ingimundi Sveinssyni, og lagði þá til að húsið yrði einangrað að utan.

„Verslunarmönnum fannst það of róttækt, þannig að næsta hugmynd var að gera húsið viðhaldsfrítt, sem það er. Í stað þess að mála húsið að utan var settur á það marmarasalli frá Noregi sem gerir að verkum að það hefur aldrei þurft að mála húsið. Hvað heldurðu að kosti að mála svona hús á þriggja ára fresti? Þetta má spara með tiltölulega einfaldri breytingu – að einangra hús að utan.“

Fólk á að ráða sér sjálft

Einar Þorsteinn segist þó aldrei hafa misst móðinn þótt hugmyndir hans hafi ekki hlotið brautargengi hér á landi.

„Ég trúi að fólk eigi það skilið sem það gerir. Ef það vill búa í lélegum húsum byggðum á ofurhraða verður svo að vera. Ef það vill skoða mínar hugmyndir og fara að ráðum mínum er það gleðilegt. En ef maður trúir, eins og ég geri, að fólk ráði sér sjálft, get ég ekki látið það draga úr mér kjarkinn þótt aðrir fylgi mér ekki að málum.“

Ég held að þetta snúist dálítið um hvernig þú lítur á sjálfan þig.



Snemma á áttunda áratugnum var ég búinn að komast að því að íslensk hús eru vitlaust byggð.

Ég sé sjálfan mig sem einn af þessum rúmlega sex milljórdum manna sem byggja þessa reikistjörnu og verð hér í 60-80 ár. Það er ekki langur tími og ég verð að reyna að gera eitthvað á meðan; reyna að ýta einhverjum steinum áfram við. Það þarf ekki að vera mikið, svo lengi sem það er í rétta átt.“

Vísindi og dulspæki

Á áttunda áratugnum fór Einar Þorsteinn einnig að fást við stærðfræðirannsóknir á þrívíddarformum og er í dag álitinn einn fremsti sérfræðingur heims í margflötunum, rýmisleikum eiginleikum þeirra og hvernig megi hagnýta þá. „Ef ég á að segja þér eins og er, þá held ég að ég hafi unnið að þessu áður – í fyrri lífi,“ segir hann og gengst fúslega við að hljóma eins og þversagnakennd blanda vísindamanns og dulspækings.

„Eflaust er ég það – en ef þú skoðar hvað er að gerast í vísindunum úti í hinum stóra heimi, þá eru þau að fara nákvæmlega í þessa átt. Þýski eðlisfræðingurinn Burkhard Heim kom með lausnina á þessu og hún er mjög einföld: við erum í mörgum víddum og líkaminn hefur bara skynfæri til að

skoða hvað gerist í einni þeirra. Stundum skarast þessar víddir og þá gerist eitthvað sem við skiljum ekki alveg, hugboð sem rætist og svo framvegis. Ég held að heimurinn hafi orðið af talsvert miklu með því að tileinka sér ekki hugmyndir Burkhard Heim.“

Sjálfur er ég að vinna í því sem ég kalla eðlisfræði mannlegs lífs. Ég skrifaði bók um þetta fyrir nokkrum árum. Fyrsta stig með-

Þetta hefur verið mjög farsælt samstarf. Það er 25 ára aldursmunur á okkur og stundum finnst mér eins og hann sé sonur minn. Við erum að vísu ólíkir; hann er rómantískur listamaður en ég vil bara kaldar staðreyndir og eðlisfræði. Stundum erum við ósammála um hlutina en það er ekkert sem leysist ekki. Nú er það að gerast að Ólafur er kominn meira út í arkitektúr og kvikmyndagerð, sem ég hef minni áhuga á. En ég býst við því að vinna eitthvað áfram fyrir hann.

Ánægður með Hörpu

Ein merkasta afurð rannsókna Einars á þrívíddum fornum er óreglulegur strendingur sem Einar kallar Gullfang og Ólafur Elíasson nýtti við hönnun glerhjúps Hörpu. Spurður hvernig honum þyki tónlistarhúsið, segist Einar sér líttast vel á það.

„Þetta kemur mjög vel út; ég var ekki sérstaklega bjartsýnn þegar ég sá þetta fyrir tveimur árum en húsið verður virkilega fallegt þegar því er lokið. Það sem ég finn helst að húsinu er staðsetningin; þetta er einn verst staðurinn fyrir svona glerhúsi. Af hverju heldurðu að leigubílstjórar aki aldrei Skúlagötuna í norðanátt? Það er út af saltfokinu. En ég vil helst ekki segja neitt neikvætt um húsið, það lítur vel út og vonandi verður menningarlífið í því öflugt.“

Einar Þorsteinn hefur búíð í Berlín undanfarinn áratug en á enn vinnustofu á Álafossi, sem hann ætlar að setja á sölu og kaupa litla íbúð í Reykjavík.

„Mig langar að vera hér meira og sinna vinnu minni. Samfélög á Vesturlöndum eru byggð þannig upp að fólk yfir sextugu er ýtt til hliðar og það missir gildi sitt. Þetta er sjokk sem geysilegur fjöldi fólks á mínum aldri upplifir. Ég er að fara yfir í þessa sálma í rannsóknum mínum og hef ákveðnar hugmyndir um hvernig þessi hópur geti nýtt reynslu sína áfram og haldið reisu sinni betur.“

Vinsælu tungusófarnir komnir aftur Frábær verð!



KD 6021 tungusófi; 255 x 160 cm
Áklæði: Brúnt og grátt
Verð 215.000,- m/25% stgr.afsl. 161.250,-

KD 6025 tungusófi; 262 x 2000 cm
Áklæði: Brúnt og grátt
Verð 185.000,- m/25% stgr.afsl. 138.750,-



KD 6030 sófi; 300 x 95 cm
Áklæði: brúnt og grátt
Verð 249.000,- rýmingarsöluverð m/40% stgr.afsl. 149.400,-



HTL 2776 tungusófi: 1x relax og tunga; 295 x 160 cm
Leður: grátt, brúnt og ljóst
Verð 599.500,- m/25% stgr.afsl. 449.625,-

Einnig til 2x relax með bakkaborði; 330 x 160 cm
Leður: svart og ljóst
Verð 695.000,- m/25% stgr.afsl. 521.250,-



HTL 2776 hornsófi: 2x relax, bakkaborð og tunga; 280 x 305 cm
Leður: svart og ljóst
Verð 1.062.000,- m/25% stgr.afsl. 796.500,-



MIKIÐ ÚRVAL AF
VEGGKLUKKUM

25% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11 - 16

HEIMA
HÚSIÐ

Ordragei mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLISAR

Brúnka getur verið lífshættuleg

Katrín Vilhelmsdóttir

greindist fyrst með sortuæxli á bakinu fyrir sex og hálfu ári. Fyrir rúmu ári uppgötvaðist fyrir tilviljun að hún var með sortuæxli innvortis sem hefur breiðst út. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Katrínu.

Katrín Vilhelmsdóttir er nýkomin frá Danmörku þegar blaðamaður Fréttablaðsins hittir hana. Ferðin var skemmtileg, ferðafélaginn æskuvinkona og þær stóllur áttu mjög góðar stundir í Kaupmannahöfn. Tilgangur ferðarinnar var þó ekki ánægjulegur. Katrín hafði greinst með sortuæxli sem margt benti til að væri búið að breiða úr sér. Í Kaupmannahöfn er að finna svokallaðan PET-skanna sem mælir mjög nákvæmlega innvortis mein. „Þetta er mjög nákvæmt tæki sem mælir alla frumuklasa og um leið og ég heyrði af því þá vildi ég fara utan,“ segir Katrín.

Nókkur dögum eftir mælinguna, daginn áður en við hittumst, bárust niðurstöðurnar. „Ég fékk niðurstöðurnar í gær og þær sýna að ég er eiginlega með sortuæxli frá hálsi og niður að þörmum. Það eru meinvörp í brjósti, eitlum í hálsi, æxli í miltanu og kviðarholinu, ég er með æxli á þörmunum,“ segir Katrín sem segir það vitaskuld mikið áfall að fá tíðindin.

„Ég hef sem betur fer ofboðslega mikið af góðu fólki í kringum mig, foreldrar mínir sem búa á Akureyri hafa verið hjá mér, maðurinn minn Snorri B. Arnar, stendur auðvitað 100 prósent með mér. Svo á ég frábærar vinkonur sem eru boðnar og búnar að gera allt fyrir mig,“ segir Katrín. „Ég er líka enn svo hress eftir Danmerkurferðina sem var mjög skemmtileg.“

Katrín er þegar byrjuð í lyfjameðferð. „Staðan er þannig að eftir sex vikur verð ég metin aftur og ef að meðferðin hefur skilað árangri þá held ég áfram á sömu lyfjum, annars



KATRÍN VILHELMSDÓTTIR Tekur einn dag í einu erfiðri lyfjameðferð þar sem takmarkið er að vinna bug á sortuæxli sem hún er með um stóran hluta líkamans.



Ég skil ekki þessa skinku og hnakkatísku þar sem verið er að hvetja fólk til að fara í ljós ...

verð ég sett á önnur lyf. Ef þau virka ekki heldur þá er ég í raun og veru dauðvona,“ segir Katrín og bætir við að hún ætli ekki að velta sér upp úr batahorfum, heldur taka einn dag í einu og vona hið besta. „Það fylgir voðalegt eirðarleysi lyfjagjöfunum en ég ætla að reyna að setja mér þau markmið að fara í Þjóðarþóklöðuna kannski þrisu í viku, ég hef verið í þroskaþjálfanami og á bara ritgerðina eftir. En annars skiptir hún engu máli, ég skila henni bara þegar ég er tilbúin.“

Eftirtektsamur sjúkrahjálfari

Sjúkrasaga Katrínar er orðin nokkurra ára löng. Hún greindist fyrst með sortuæxli fyrir sex og hálfu ári. Þá var hún hjá sjúkrahjálfa sem tók eftir grunsamlegum bletti á bakinu á henni. „Hann Ágúst Jörgensen hafði unnið í Ástralíu og kynnst sortuæxli um þar og var nokkuð viss um að ég væri með sortuæxli. Ég dreif mig til læknis fyrir hans orð en læknirinn sagði við mig að þetta væri í góðu

lagi. En sjúkrahjálfarinn hélt áfram að tuða og þegar ég fór aftur var bletturinn skorinn af, og við greiningu reyndist hann vera sortuæxli,“ segir Katrín.

Í framhaldinu var stærra stykki skorið úr bakinu eins og tíðkast að gera þegar sortuæxli finnst. Engar frumur fundust þar og því var meinið úr sögunni í bili. „Í fyrravor gerist það svo að ég fékk hálsbólgu, ég átti svo erfitt með að kyngja að ég hélt ég væri komin með streptókokka. Ég fór á Læknavaktina og þar leist þeim eitthvað illa á mig og ég var send í myndatöku á Landspítalann. Þá kom í ljós að ég var með lungnabólgu. Myndin sýndi hins vegar líka bólgin eartil undir vinstri hólhönd. Þannig má segja að ég hafi verið heppin að fá þessa lungnabólgu,“ segir Katrín.

Læknirinn sem framkvæmdi aðgerðina ákvað þegar á hólminn var komið að taka fleiri eitla en þennan eina og þegar sýni úr þeim var sent í ræktun kom í ljós að þeir voru illkynja. Eftir að sárið var gróið hófst

geislameðferð sem stóð í fimm vikur og svo lyfjameðferð sem Katrín hætti í eftir þrjá mánuði vegna slæmra aukaverkana. Í kjölfarið fór Katrín á Kristnes í endurhæfingu sem hún segir að hafi verið dásamleg. „Andlega hlíðin var ekki upp á sitt besta og svo var hreyfigetan skert. Þarna var mjög gott að vera,“ segir Katrín.

Hún fékk þó ekki langan tíma til að safna kröftum. Á vormánuðum fór hún að finna fyrir hnúð í brjóstinu. Í kjölfarið fór hún í brjóstamyndatöku og ástungu. Fyrstu niðurstöður bentu til að um brjóstakrabbamein væri að ræða. „Það var meira að segja farið að skipuleggja meðferð við brjóstakrabba. Svo var tekið stærra sýni og þá kom í ljós að um sortuæxli var að ræða. Það var náttúrulega mikið áfall.“


Sólin sterk þó að úti sé kalt

Henni finnst mikilvægt að deila sögu sinni til þess að fólk geri sér grein fyrir hvað sortuæxli getur verið alvarlegt mál. „Margir halda að sortuæxli séu bara blettir sem hægt er að taka af. Þannig er það í mörgum tilfellum en alls ekki alltaf. Og fólk getur dregið úr líkum þess að fá sortuæxli með því að verja sig fyrir sólinni og forðast ljósabekki. Margir virðast ekki vita það,“ segir Katrín og bætir við að hana langi stundum til þess að ganga að ljósa-brúnu fólki úti á götu og benda því á að fara ekki í ljós. „Ég skil ekki þessi skinku- og hnakkatísku þar sem verið er að hvetja fólk til að fara í ljós og þar með leggja líf sitt í hættu, það er eins og fólk skilji ekki að brúnkan drepur.“

Katrín, sem er 35 ára, segist sjálf hafa farið mikið í ljós á unglingsárum og mikið verið í sól. Hún er reyndar ekki með þessa dæmigerðu viðkvæmu húð sem brennur en þeim sem eru með þannig húð er hættast við að fá sortuæxli. „Fólk hér heima virðist ekki átta sig á því að það sé kalt þá er sólin sterk og þarf að bera sig sólarvörn af sterkustu gerð. Þeir sem endilega vilja fara í ljós ættu svo að nota sólarvörn. Ég er mjög fylgjandi því að sólbekki séu bannaðir fólki undir átján ára. Húðsjúkdómalæknirinn minn benti á að það að liggja í ljósum í 20 mínútur samsvarar því að vera allsber úti allan júlímánuð, það er ekkert smáræði,“ segir Katrín að lokum.

SORTUÆXLI Í HÚÐ

Árlegt aldursstaðlað nýgengi 1955-2009



Illkynja æxli upprunnið í húðinni

Dregur úr tíðni sortuæxla eftir stöðuga fjölgun undanfarin ár

Eins og grafið hér að ofan sýnir þá jókst tíðni sortuæxla hér á landi jafnt og þétt og náði hámarki um aldamótin. Heldur hefur dregið úr nýgengi undanfarin ár. Laufey Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskráningar sagði í fréttum Stöðvar tvö á dögunum að fækkun ljósabekkja og tíðari ferðir til húðsjúkdómalækna væru líklega meginþing þessarar jákvæðu þróunar. Grafið sýnir nýgengi á hverja 100.000, en árlega greinast um 50 manns með sortuæxli. Níu deyja að meðaltali af völdum sortuæxla.

Sortuæxli eru illkynja æxli sem eiga uppruna sinn í litafrumum húðarinnar. Þau geta myndast í fæðingarblettum sem fyrir eru eða komið í ljós sem nýir blettir. Þess vegna er fólki ráðlagt að hafa auga með slíkum blettum og leita læknis ef breyting verður á fæðingarbletti. Ef húð verður fyrir útfjólublárra geislun, annað hvort af sólarljósi eða úr lömpum, eykst hættan á illkynja æxlisvexti. Þetta á þó sérstaklega við um þá sem eru ljósir á hörund. Staðbundnið sortuæxlið er yfirleitt auðvelt að fjarlægja með skurðaðgerð. Ef þessi æxli ná hins vegar að dreifa sér til eitla og síðan annarra líffæra og mynda meinvörp geta þau verið með illvígari æxlum.

Heimild: Visindavefurinn, www.visindavefur.is

Mundu eftir að kjósa

Rafrænni atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR og FA, Félags atvinnurekenda, lýkur kl. 12:00 á hádegi 3. júní.

Nánari upplýsingar og aðgangur að atkvæðaseðli á vef VR, www.vr.is
Kjörstjórn VR



Opnum eftir endurbætur

Ný og betri BYKO Breidd!

Frábær



Frábær skemmtun fyrir alla!

Grillveisla, uppboð, hoppukastali, ís, vörukynningar, ráðgjöf og full verslun af spennandi tilboðum.

opnunarhátíð

alla helgina



20% afsláttur
af öllum reiðhjólum

Uppboð
í dag kl.
13:00 og 15:00

Dæmi um
vörur á uppboði!
Gasgrill, bíkerra,
golfsett, reiðhjól
og sláttuvél.

Ný ljósadeild

25% afsláttur
af öllum ljósum og perum

Uppákomur
á sunnudaginn!

- Ís fyrir börnin frá kl. 13:00*
- Kaka og kaffi frá kl. 13:00*
- Listmálari á staðnum
- Fóðurblandan veitir áburðarráðgjöf
- Ráðgjöf varðandi bílabón og hreinsivörur

* Gildir á meðan birgðir endast.

Skemmtilegar
uppákomur í dag!

- Grillum hamburgara frá kl. 12:00 - 15:00*
- Uppboð kl. 13:00 og 15:00
- Sérfræðingar frá Málningu veita ráðgjöf um viðhald á pallinum
- Fóðurblandan veitir áburðarráðgjöf
- Soda-Stream kynning
- Ráðgjöf varðandi bílabón og hreinsivörur

* Gildir á meðan birgðir endast.

Ný heimilsvörudeild

25% afsláttur
af öllum heimilsvörum

Ný gólfefnadeild

15% afsláttur
af öllu parketi og flísum

Ný hreinlætistækjadeild

15% afsláttur
af öllum hreinlætis- og blöndunartækjum

Tilboðin gilda í öllum
verslunum BYKO!

Full búð
af spennandi
sértílböðum!

HELGAR

**33%
AFSLÁTTUR**



THOMAS klappstóll
Góður klappstóll á frábæru verði!

**KLAPPSTÓLL
ÁÐUR: 1.495**
995

**32%
AFSLÁTTUR**



**TOP ROLLER
ÁÐUR: 2.495**

1.695

TOP ROLLER plastkassi
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum og með smelltu loki. Langt og gott handfang. Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.

**KODDI
ÁÐUR: 1.295**
695

MASCOT koddi
Góður koddi á frábæru verði!
Stærð: 50 x 70 sm.

**46%
AFSLÁTTUR**



mascot

Hlaupahjól
Flott 3ja hjóla hlaupahjól á frábæru tilboði!

**SPARIÐ
3.000**

**HLAUPAHJÓL
ÁÐUR: 7.995**
4.995



**ALLT AÐ
20%
AFSLÁTTUR**



**VERÐ ÁÐUR
FRÁ: 2.495**
1.995

CANVAS CASUAL skór
Mjög flottir strigaskór, hægt að fá lága eða uppháa. Nokkrir litir. Stærðir: 36-42. Lágir áður: **2.495** nú: **1.995**
Háir áður: **2.995** nú: **2.495**

**GARÐRÓLA
ÁÐUR: 16.990**
12.990

Garðróla
Góð 2ja sæta garðróla með gráu áklæði. Tilvalin í garðinn eða á veröndina!

**SPARIÐ
4.000**



**ROVENA
ÁÐUR: 3.495**
2.395

ROVENA sængurverasett
Mjög flott sængurverasett í skemmtilegum litum. Efni: 100% gæðabómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

**30%
AFSLÁTTUR**



**ALLAR SESSUR
FYRIR GARÐHÚSGÖGN**
**20%
AFSLÁTTUR**



FYGHILUTABLAÐTINNU



TINNA

Prjónablöð frá TINNU
Prjónablöð frá TINNU með 50% afslætti. *ATH. gildir ekki af nýjasta prjónablaðinu nr. 46.



TINNU PRJÓNABLÖÐ*
**50%
AFSLÁTTUR**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

SPRENGJA!

TILBOÐIN GILDA 28.05 - 29.05

Plastklossar
Flottir plastklossar með PHYLON sóla. Fást í nokkrum stærðum. Litir: Svartir, bláir og fjólubláir.



KERRA
ÁÐUR: 8.995

5.995

**SPARIÐ
3.000**

VALENCIA
regnhlífakerra
Góð regnhlífakerra með 5 punkta belt. Hægt að leggja alveg saman svo lítið fari fyrir henni.

ÖKKLASOKKAR
ÁÐUR: 1.295

795

3 PÖR

Ökklaskokkar
Góðir ökklaskokkar á frábæru verði!
3 pör í pakka.

**38%
AFSLÁTTUR**

**23%
AFSLÁTTUR**

1 PAR
ÁÐUR: 1.295

995



**HARÐVIÐAR-
OG TEKKHÚSGÖGN**

**20%
AFSLÁTTUR**

**SPARIÐ
500**

mascot

NIELSEN sæng
Sæng á frábæru verði!
Sæng með polyester-
trefjafyllingu. Þyngd
900 gr. Stærð: 135 x
200 sm.



SÆNG
ÁÐUR: 2.995

2.495

1 PAR
ÁÐUR: 1.195

995

**16%
AFSLÁTTUR**

BROOKE
flisteppi
Góð flisteppi úr
100% polyester.
Nokkrir litir
fánlegir. Stærð:
130 x 170 sm.

FLISTEPPI
ÁÐUR: 695

449



**35%
AFSLÁTTUR**

**SMART, ALFA
OG NAVIA**
ullargarn
Frábært tilboð aðeins
þessa helgi! 20% afsláttur
af SMART, ALFA og
NAVIA ullargarni.



**20%
AFSLÁTTUR**

navia

ALFA PRJÓNAGARN

NAVIA PRJÓNAGARN

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

ASADI sandalar
Mjúkir og góðir sandalar.
Litur: Svartur. Stærðir: 36-46.





23.5.2011 HROSS Í ÖSKUGRÁUM HAGA Öskufallið bitnaði líklega ekki eins illa á neinum og skepnunum, til dæmis þessu hestastóði sem hafði ekki í nein hús að vanda þegar öskufjúkið var sem mest. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



25.5.2011 HREINSUN HAFIN Sjálfbóðaliðar og heimamenn tóku þátt í hreinsunarstarfi sem hófst um leið og unnt var. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hreinsunarstarfið hafið

Eldgosið í Grímsvötnum var stutt og snarpt en olli íbúum í Skaftafellssýslum erfiðleikum og tjóni. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* voru á vaktinni og fylgdust með atburðum vikunnar.



23.5.2011 SVARTAMYRKUR UM MIÐJAN DAG Á Kirkjubæjarklaustri var skyggni lítið sem ekkert fyrstu dagana eftir gosið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



27.5.2011 HÚSIN ÞVEGIN Í gær var komið að því á Kirkjubæjarklaustri að spúla hús að utan enda ekki vanþörf á eftir vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BELID ljós í úrvali

Sænsk gæðahönnun á góðu verði



POLAR




PRIMUS II



SPIDER



PICASSO



CASANOVA



HARLEY



DA VINCI



APOLLO

Opið í dag laugardag frá kl. 11 - 16
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



PÁLL EINARSSON

Ólíkt Eyjafjallagosinu

Hver er munurinn á gosinu í Grímsvötnum nú og í Eyjafjallajökli í fyrra? Jarðeðlisfræðingur segir bæði mun á fjöllum sjálfum og veðuraðstæðum, en bæði gosin séu mjög lærdómsrík.

Aska úr Grímsvatnagosinu og truflanir á flugsamgöngum í Evrópu vegna öskufalls hafa orðið mörgum tilefni til þess að bera það saman við gosið í Eyjafjallajökli í fyrra. Þó að afleiðingarnar séu um margt líkar eru gosin þó talsvert ólík, að sögn Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði.

„Í fyrsta lagi eru þetta mjög ólík eldfjöll. Grímsvötn er basalteldfjall og eitt af virkustu eldfjöllum hér á landi. Það er á flekaskilunum sem liggja í gegnum landið og hefur gosið mjög oft. Það er eitt af okkar virkustu. Eyjafjallajökull er hins vegar eitt af latari fjöllum og hefur gosið mjög sjaldan og aldrei mjög dramatískt. Það eru ekki þekkt nein hamfaragos úr því eldfjalli.“

Páll segir kvikuna úr Eyjafjallajökli oft

vera það sem kallast þróuð kvika, sem hafi allt aðra eiginleika en basaltkvikan sem kemur úr Grímsvötnum.

„Hún er seigari og gasríkari og þess vegna miklu sprengjuvirkari, en það er helsti munurinn á þessum tveimur skepnum. Í gosinu í Eyjafjallajökli var askan miklu fínkornóttari vegna þess að sprengivirknin var miklu meiri og því fór askan í mun minni agnir. Það gerir hana erfiða viðfangs þar sem hún hangir mikið lengur í andrúmsloftinu en gerist með grófkorna ösku líkt og kemur frá Grímsvötnum.“

Páll segir að það sé ein af útskýringunum á því af hverju Grímsvatnagos hafði takmarkaðri áhrif á flugsamgöngur, en margt fleira komi þó til.

„Aðstæður í fyrra voru allt aðrar og það var samkrull af mörgum aðstæðum sem varð til þess að það gos olli svo miklu tjóni, meðal annars veðrið. Það var stífur vindur

á meðan á gosinu stóð þannig að askan fór beint þangað sem hún gat valdið mestu tjóni. Svo hélt það áfram óvenju lengi og dældi ösku dag eftir dag.

Gosið núna í Grímsvötnum byrjar með miklum látum og er miklu stærra gos í raun og veru, en stendur stutt yfir þar sem erfiðasti fasinn er sennilega nú um garð genginn þó að gosið sé ekki alveg búið.

Páll segir þó að Grímsvatnagosíð hafi ekki verið alveg eftir bókinni.

„Það sem kemur okkur verulega á óvart er hvað það er gríðarlega stórt, því að við höfðum frekar gert ráð fyrir að það yrði eins og í síðustu þremur Grímsvatnagosum, sem öll hafa verið frekar lítil og meinlaus. Það fór svolítið fram úr okkur þar.“

Hann segir þó ljóst að bæði gosin hafi verið afar lærdómsrík og hafi bætt miklu við þekkingu fræðimanna og viðbragðsaðila.

- Þj. Þeb


GRÍMSVATNAGOSIÐ SETT Í SAMHENGI

Gosmökkurinn náði 20 km hæð

Mökkurinn úr Eyjafjallajökli náði í 10-12 km hæð.

20 km

10-12 km



Eyjafjallajökull 2010

Grímsvötn 2011

Hallgrímskirkja 74,5 metrar

**ÞAÐ ÞYRFTI
50 MILLJÓNIR
TÓLF TONNA VÖRUBÍLA
TIL AÐ FERJA
GJÓSKUNA ÚR GOSINU**



JAFNGILDI ALLS
**PORSKAFLANS
KOM UPP ÚR
GOSINU**

1.212


SINNUM Á SÓLAR-
HRING AÐ MEÐALTALI




**ÞAÐ VÆRI HÆGT AÐ BÚA TIL
59 KÁRAHNJÚKASTÍFLUR
MEÐ GJÓSKUNNI ÚR
GRÍMSVÖTNUM**



Mesta rennsli sem hefur mælst í Gullfossi er 2.000 rúmmetrar á sekúndu



15 sekúndur af Gullfossi í mesta rennsli ná **einni sekúndu** af Grímsvötnum.



**STEYPUMAGNIÐ
SEM FÓR Í BYGGINGU
HÖRPU
VAR 30.000 m³
ÞAÐ TÓK GRÍMSVÖTN
3 SEKÚNDUR
AÐ NÁ ÞVI**

Gjóskuframleiðsla síðustu gosa

Þegar mest var komu um 10.000 rúmmetrar á sekúndu af gjósku úr gignum.



Grímsvötn 2011
*0,5 km³ af gjósku á 24-28 klukkustundum.

Eyjafjallajökull 2010
0,3 km³ af gjósku á 39 dögum.

* gróflaga áætlað

Grímsvötn 2004
*0,044 km³ af gjósku á 33 klukkustundum.

SAMSUNG

– bregst ekki aðdáendum sínum

Myndavélar frá SAMSUNG eru komnar á verðlaunapall



EX1

SAMSUNG · EC-EX1ZZBPB

10 milljón pixlar · 3" hreyfanlegur AMOLED Skjár · Smart Auto sjálfvirk stilling · Schneider Kreuznach linsa F: 1.8 og 24mm víðlina · Innbyggt flass · Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200(upp í 5M), 6400(upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhláða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) – VERÐ: 79.900,- KR



EISA verðlaun í október 2010.
SAMSUNG EX1 er valin
BESTA MYNDAVÉLIN
2010/2011 í flokknum
„Advanced Compact Camera“



SAMSUNG NX-100 er valin
BESTA MYNDAVÉLIN
af samtökum áhuga ljósmyndara árið 2011
og einnig **BEST HANNAÐA VÉLIN**

SAMSUNG · NX100 EV-NX100ZBAPDE

15.1 milljón pixlar · 3" (7.62cm) AMOLED Skjár · I Auto sjálfvirk stilling sem virkar · Face Detection, fyrir góðar andlitsmyndir · Innbyggt flass · Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200(upp í 5M), 6400(upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Tekur upp 720p (30fps & 15fps) Myndbönd (H.264) · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhláða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) · CMOS Sensor · Líftími hleðslu 210mín/420 myndir · Þyngd 340 gr með batterí · Litir Hvít og Svört. – VERÐ: 99.900,- KR



NX-100



NX11

SAMSUNG · NX11ZZBAB

14.6 milljón pixlar · 3" (7.62cm) AMOLED Skjár · I Auto sjálfvirk stilling sem virkar · Face Detection, fyrir góðar andlitsmyndir · Innbyggt flass, hægt að stýra þráðlausu flassi frá vél · Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200(upp í 5M), 6400(upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Tekur upp 720p (30fps & 15fps) Myndbönd (H.264) · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhláða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) · CMOS Sensor · Samsung NX Mount Linsa 18 x 55 · 28mm wide angle Samsvarar 35mm linsu í filmuvél · 123x87x39.8mm · Þyngd 353g (án rafhlöðu eða minniskorts) – VERÐ: 119.900,- kr



U20

SAMSUNG · HMX-U20BP

UPPTÖKUVÉL · Full HD 1920x1080i upptaka (H.264) · 3x Optical Aðdráttur 2" Skjár · 7,8M Pixla 1/2.3" CMOS Skynjari · 10m pixla ljósmyndun 4224 x 2376 · Notar SD/SDHC minniskort · Stærð: 15,6 x 52,5 x 104mm, þyngd 111g – VERÐ: 34.900,- kr

TILBOÐSVERÐ: 24.900,- kr

SAMSUNG · EC-ST65ZZBPS
14 milljón pixlar · 5x optical aðdráttur · Samsung linsa 4,9-24,5 (37-135mm) · Skjár: TFT LCD 2,7" 230K · Stafræn (DIS) hristivörn · ISO: Auto, 80-3200 · Video: Upptaka 1280x720 (30fps)H.264 · Notar Micro SD/Micro SDHC mest – VERÐ: 27.900,-



ST65

SAMSUNG · EC-ST30ZZBPB
STAFRÆN MYNDAVÉL · 10 milljón pixlar · 3x digital aðdráttur · Samsung linsa 4,1-12,3 (28-84mm) · Skjár: TFT LCD 2,4" 112K · Stafræn (DIS) hristivörn · ISO: Auto, 80-3200 · Vídeó: Upptaka 640x480 (30fps) · Notar Micro SD/Micro SDHC mest 2GB · Stærð: 82 x 51,9 x 16,9 mm · **Minnsta vél í heimi með zoom linsu!** – VERÐ: 19.900,- kr



ST30



SMX-F50BP

SAMSUNG · SMX F50

UPPTÖKUVÉL · Upplausn 720 x 480 (H.264) · 52x Optical Aðdráttur 2,7" Skjár · Auto eða manual fokus · Notar SD/SDHC minniskort · Stærð: 53,9 x 56,5 x 119mm, þyngd 219g – VERÐ: 44.900 kr.



HMX-H303

SAMSUNG · HMX-H303BP

UPPTÖKUVÉL · Full HD · Stafræn myndbandsupptökuvél · Innbyggt 8GB SSD minni · SDHC/SD minniskortarauf · Upplausn: 1920x1080/50i, 1280x720/50p, 720x576/50p · 5M (2880x1620) / 2M (1600x1200) JPEG Ljósmyndir · Schneider Kreuznach linsa · f = 1.8 (2.47mm ~ 74.1mm) - 34mm filter · Ljósæmni 3 lúx (frábær í næturmyndartöku) · BSI CMOS Sensor · 30x optical aðdráttur (300x Digital aðdráttur) · LCD skjár 3" 230k (Snertiskjár) · Hristivörn (OIS) – VERÐ: 84.900,- kr

VELDU BARA VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

ORMSSONLÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

Kertið hefur logað í fimmtíu ár

Mannréttindasamtökin **Amnesty International** halda í dag upp á fimmtíu ára afmæli sitt. Á þessum tímamótum eru félagar og stuðningsmenn samtakanna fleiri en þrjár milljónir í rúmlega 150 löndum og landsvæðum um allan heim, þar af ellefu þúsund á Íslandi. Þórunn Elísabet Bogadóttir kynnti sér sögu og stefnu einna stærstu mannréttindasamtaka heims.

Oþnaðu dagblaðið þitt – hvaða dag vikunnar sem er – og þú munt finna frétt einhvers staðar að úr heiminum um manneskju sem var fangelsuð, pyntuð eða tekin af lífi vegna þess að skoðanir hennar eða trú er óviðunandi í augum stjórnvalda. Með þessum orðum hófst blaðgreinin sem varð upphafið að stærstu mannréttindasamtökum í heimi, Amnesty International. Það var breski lögfræðingurinn Peter Benenson sem skrifaði greinina um gleymdu fangana og kallaði eftir sakaruppgjöf árið 1961. Hann hafði frétt af tveimur portúgölskum nemum, sem höfðu skálað fyrir frelsinu og verið fangelsaðir fyrir vikið. Benenson benti á þær þúsundir manna sem væru fangelsaðir með ólöglegum hætti og vildi berjast fyrir því að slíkum samviskuföngum yrði sleppt úr haldi eða þeir fengju að minnsta kosti réttlát réttarhöld. Ákallið var svo birt í öðrum dagblöðum víða um heiminn og í kjölfarið urðu samtökin til. Á alþjóðlega mannréttindadeginum, 10. desember, var kveikt á fyrsta Amnesty-kertinu en kertið hefur orðið að tákni samtakanna.

Beita sér víðar nú til dags

Allt frá stofnun hafa samtökin barist fyrir því að mannréttindi séu

virt og allir njóti verndar þeirra. Í upphafi voru þau fyrst og fremst fangasamtök eins og fyrr segir. Til dæmis hafa þau beitt sér fyrir afnámi dauðarefsingar og pyntinga frá áttunda áratugnum. Frá stofnun hefur margt breyst og samtökin beita sér nú víðar á sviði mannréttinda þó áfram sé lögð áhersla á fyrrgreind atriði.

Samtökin rannsaka mannréttindabrot og gáfu út fyrstu skýrslur sínar, þá um aðstæður fanga, árið 1965. Nú til dags gefa samtökin út stóra skýrslu árlega um mannréttindabrot víðs vegar í heiminum. Í skýrslu síðasta árs var greint frá mannréttindabrotum í 157 löndum og landsvæðum. Rannsóknarnefndir eru sendar til að skoða ástand þar sem þurfa þykir. Meginreglan er sú að deildir frá öðrum löndum eiga að rannsaka mál og þrýsta á videigandi aðila. Þetta er gert til þess að samtökin geti frekar viðhaldið ópólitískri stöðu sinni. Að sama skapi taka samtökin ekki við fjármagni frá opinberum aðilum og ekki af fyrirtækjum nema þau hafi sérstaklega verið skoðuð. Þannig vilja samtökin einnig vera óháð. Þau reida sig því að miklu leyti á fjárhagslegan stuðning félaga.

Samtökin hvetja til aðgerða þar sem þrýst er á stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðlegar


hreyfingar. Ýmsum aðferðum er beitt í þessum tilgangi, allt frá mótmælum og samkomum á opinberum vettvangi til bréfaferða og annarra herferða á netinu.

Í gegnum tíðina

Árið 1964 fékk Amnesty ráðgefandi stöðu hjá Sameinuðu þjóðunum og ári síðar hjá Evrópuráðinu. Tíu árum síðar samþykktu Sameinuðu þjóðirnar ályktun og síðar yfirlýsingu gegn pyntingum eftir herferð samtakanna.

Íslandsdeild Amnesty var svo stofnuð árið 1974, og er því meðal eldri deilda samtakanna. Frumkvæði að því áttu hjónin Sigrún Sigurjónsdóttir og Frank Veenkaas, sem höfðu starfað með Amnesty í Hollandi. Þau komu hingað til lands fyrri hluta ársins 1974 og viðruðu hugmyndina um að stofna deild hér. Líkt og Peter Benenson hafði gert komu þau málinu á framfæri í dagblöðum. Þar birtist lítil tilkynning um kynningarfund og í framhaldinu var stofnfundurinn haldinn í Norræna húsinu 15. september þetta ár. Nú hefur samtökunum vaxið fiskur um hrygg og telja ellefu þúsund félagar hér á landi.

Amnesty International hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1977 fyrir að styrkja stöðir frelsis og réttlætis, og þar með friðar í heiminum. Nokkrum árum fyrr hafði Sean McBride, formaður framkvæmdastjórnar samtakanna, hlotið sömu verðlaun. Þegar kom fram á níunda áratuginn höfðu samtökin hafið herferðir gegn dauðarefsingum. Þá höfðu sextán lönd afnumið slíka refsingu, en nú eru þau 96 talsins, auk þess sem önnur ríki stunda þær ekki þó enn sé heimild til þess í lögum. Félögnum hélt áfram að fjölga samhliða fleiri herferðum og árið 1992 voru þeir orðnir milljón talsins.



Árið 2010 vann Amnesty að málum í **89** löndum sem vörðuðu ólögleg höft á tjáningarfrelsi.

Sama ár voru pyntingar og ill meðferð í **98** löndum skráð og ósanngjörn réttarhöld í **54** löndum.

Mannréttindabrot voru skráð í **157** löndum.

GLEYMDU FANGARNIR Greinin eftir Peter Benenson sem Observer birti í maí árið 1961 varð upphafið að Amnesty International.

Fjórðum árum síðar hófst herferð fyrir alþjóðlegum sakamáladómstóli, sem var samþykkt að stofna árið 1998.

Síðustu tíu ár hafa verið viðburðarík í sögu Amnesty og samtökin hafa breytt stofnsamþykktum og sett efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi fólks inn í baráttuna. Í dag verður svo haldið upp á daginn með viðburðum um allan heim.

Golfmót VM

VM-mótið í golfi verður haldið á Keilsvellinum föstudaginn 3. júní kl. 12.

Mótið er fyrir félagsmenn **VM-Félag vélstjóra og málmæknimanna** og má hver félagsmaður bjóða með sér einum gesti.

Mótgjaldið er 6.850 kr. fyrir hvern þátttakanda. Matur og nestispakki á völinn er innifalinn í þátttökugjaldinu.

Umsjónarmenn mótsins eru: Ragnar Halldórsson, Hjálmar Þ. Baldursson og Steingrímur Haraldsson.

Skráning hefst 18. maí í síma 575-9800 eða á netfangið vm@vm.is

Skráningu lýkur 1. júní.

■ HVERNIG SNERTIR AMNESTY ÍSLENDINGA?



Vitum að dropinn holar steininn

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty

Í ellefu þúsund félagar auk þess sem fleiri taka þátt í aðgerðum og styðja samtökin.

„Upphaflega hugsunin í Amnesty var þessi alþjóðlega samstaða, að við gætum haft áhrif á líf fólks og hjálpað fólki þó að við hefðum aldrei séð viðkomandi og byggjum jafnvel í allt öðru landi.“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty. „Við höfum séð gífurlegar breytingar í heiminum. Við búum núna við miklu betra mannréttindakerfi og eftirlitskerfi en þegar samtökin voru stofnuð. Það hafa tugir þúsunda verið leystir úr haldi og fengið laus sinna mála vegna aðgerða Amnesty. En það eru náttúrulega enn óteljandi verkefni fram undan.“

Amnesty reynir að vera í takt

við tímann. Ný tækni skiptir máli í mannréttindabaráttunni segir Jóhanna, bæði í aðgerðum okkar hér á landi og einnig fyrir fólk sem stendur í ströngu í eigin réttindabaráttu eins og í Miðaustrurlöndum nú. „Upplýsingarnar sem við fáum frá þessum löndum koma í gegnum símana og netið.“

Þegar samtökin byrjuðu kom fólk saman og handskrifaði bréf vegna mannréttindamála. Sums staðar er það enn gert en tírnarir hafa þó breyst. „Við byrjuðum með hjálparaköll í gegnum tölvupóst, þar sem félagar fá upplýsingar um þrjú mál og tengil þar sem hægt er að nálgast tilbúið bréf, prenta það út og senda. Þegar við byrjuðum með þetta þá áttu allir borðtölvur og prentara tengda við þær.“ Í dag sé öldin önnur og fólk er hvar sem er með tölvurnar þegar það fær upplýsingar

um nýjar aðgerðir. „Núna í júní opnum við nýja aðgerðasíðu, netakall. Þá fær fólk tilkynninguna, og getur enn prentað út og gert þetta sjálf, en hefur líka möguleika á að skrifa bara undir á netinu. Við sjáum um að koma því áfram.“ Að auki hefur SMS-aðgerðanet komið sér vel, en þá fær fólk sms með upplýsingum um ákveðin mannréttindamál sem verið er að berjast fyrir. Það sendir skeyti til baka og hefur þar með sett nafn sitt á undirskriftalista.

„Félagarnir hjálpa til, hver á sinn hátt. En hver aðgerð skiptir máli. Við vitum það að dropinn holar steininn. Það sem við viljum núna er alþjóðlegt ákall um breytingar. Hver og einn einstaklingur getur haft áhrif og skiptir máli. Við búum ekki á eylandi – okkar velferð tengist því að aðrir njóti líka réttinda.“

Óttastu að þyngjast ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.



Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með piparmintu- og ávaxtabragði

Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Pungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



Evrópa nær öll í sama liði



Eitt helsta afrek **Evrópusambandsins** er hvernig það tók á móti stórum hluta Austur-Evrópu og gerði vestrænan. ESB hefur þróast úr friðar-tollabandalagi yfir í stofnun þar sem aðildarríkin hafa nánast ótakmarkaða möguleika á samstarfi. Almennigur hefur um leið orðið tortryggjarni gagnvart samrunanum. *Klemens Prastarson* skrifar.

Síðan kalda stríðinu lauk hafa flest ríki Evrópu orðið að samherjum innan Evrópusambandsins. ESB hefur umbreytt flestum fyrrverandi alræðisríkjum Austur-Evrópu í vestræn lýðræðisríki og engum dettur í hug að styrjöld brjótist út meðal þessara fyrrum fjenda.

Árin á undan höfðu skipst á skin og skúrir í Evrópusamrunanum. Fyrir viku var greint frá því hér í blaðinu hvernig Frakkar kældu ferlið um miðjan sjöunda áratuginn, hvort sem litid er á útvíkkun þess sem í dag heitir Evrópusambandið eða dýpkun þess. Þeir komu í veg fyrir útvíkkun þess með því að meina Bretum að ganga í það og þeir hindruðu það sem kallað er dýpkun Evrópusamvinnunnar (nánari yfirþjóðleg ákvarðanatáka) með því að koma því í gegn 1965 að hver þjóð gæti beitt neitunarvaldi við ákvarðanir með því að vísa til óskilgreindra „grundvallarhagsmuna“ sinna.

ESB þótti ekki lífvænlegt á átunda áratugnum. Tollabandalagið var frágengið og tilraun til myntsamstarfs hafði mistekist. Óvíst var um framtíðarhlutverk þessarar fordæmalausu tilraunar til alþjóðasamstarfs. Á þessum árum var samruninn helst keyrður áfram af ákvörðunum Evrópuþings, sem dæmdu aðildarríkin til að fara eftir því sem dómstóllinn túlkaði sem anda sáttmálanna.

Aftur af stað á níunda áratugnum

Um miðjan níunda áratuginn kom byr í seglin þegar evrópskt viðskiptalíf og stjórnmöld vildu koma á stórum evrópskum markaði sem gæti verið mótvægi við Ameríku- og Asíumarkaði. Þetta var viðbragð við alþjóðavæðingunni en um leið passaði þetta við tísku stjórnmálanna, nýfrjálsbyggjuna.

Einn helsti talsmaður frekari markaðssamruna Evrópu þessara ára var Margaret Thatcher, forsætisráðherra Breta, sem annars

tortryggði Evrópusamvinnu. Efasemdarmenn um ESB vildu þá, eins og nú, að viðkvæm mál svo sem skattar, heilbrigðismál og varnarmál yrðu alfarið á hendi aðildarríkjanna sjálfra. Enda hafa ríkin enn í dag lítið viljað deila þessum málaflökkum með Brussel. Þetta má kalla kjarna Evrópuþinginn: Hvort ESB eigi að vera markaður eða eitthvað meira.

En þegar hinn franski forseti framkvæmdastjórnar ESB, Jacques Delors kom í gegn einingarlögunum 1986 var innbyggð í þau ákveðin þróunaraðstoð til að hindra að sameiginlegur markaður færi illa með fátækari svæðin, sérstaklega Grikkland, Portúgal og Spán. Stuðla skyldi að sameitni lífskjara milli svæða bandalagsins með því að styrkja fátækari ríkin. Hægrimenn eins og Thatcher kyngdu þessari stefnu í þágu stóra markaðarins. Delors sannfærði ráðherra ríkjanna einnig um að hætta að notast við neitunarvald í ákvörðunum sem lytu að markaðsmálum, til að auðvelda ákvarðanatöku. Evrópuþingið var styrkt um leið til að gera ákvarðanatöku lýðræðislegri.

Múrinn fellur 1989

Það kom ESB á óvart þegar Austur-Evrópa og Sovétríkin gáfust upp gegn Nató og vestrinu. Ein af helstu forsendum varnarsamstarfs í vestri var brostin og ESB var ekki lengur jafn mikilvægt Bandaríkjunum. Hætta var á að stríðsátök brytust út í Austur-Evrópu, að þar næðu óæskilegir hópar völdum og að flóð flóttamanna skylli á ESB.

Þegar sameinað Þýskaland varð til 1990 hvatti það litlu ríkin til að styrkja stöðu sína innan ESB. Stór ríki eins og Bretar og Frakkar höfðu áhyggjur af nýja Þýskalandi. Frakkar, sem áður voru hikandi Evrópusinnar, urðu sérstaklega áhugasamir um að tryggja veru Þýskalands í ESB.

Nú var barist í Júgóslavíu og



AUSTUR-ÞÝSKIR LANDAMÆRAVERÐIR BRJÓTAST Í GEGN í nóvember 1989 urðu tímamót í sögu Evrópu þegar Berlínarmúrinn var loks rifinn niður. Ríki Austur-Evrópu tóku upp samstarf við ESB, undirbyggðu aðild og tíu þeirra hafa síðan gengið í sambandið. Stjórnmöld nær allra Evrópuríkja hafa sýnt inngöngu í ESB áhuga.

NORDICPHOTOS/AFP

fálmkennd viðbrögð ESB sýndu hve vanbúið það var (og er enn) til að fara með utanríkis- og öryggismál sameiginlega.

Maastricht-sáttmálinn 1992

Sáttmáli um Evrópusamband, röttæk endurskipulagning Evrópusamstarfsins, var undirritaður 1992 í Maastricht í Hollandi. Til að sameiginlegi markaðurinn borgaði sig betur skyldi búa til sameiginlega mynt, þrátt fyrir andstöðu Breta. Koma átti á takmörkuðu samstarfi við vísindarannsóknir og í umhverfis- og félagsmálum. Einnig í utanríkismálum og innviðis-öryggismálum. Tveimur árum eftir Maastricht-sáttmálan lýstu öll ríki nema Bretland því yfir að treysta skyldi réttindi launafólks með vinnuvernd, réttindum á vinnumarkaði og jafnrétti kynja. ESB var að verða meira en markaður. Um leið voru ríki farin í auknum mæli að velja og hafna eftir hentugleika hvaða verkefnum þau tóku þátt í.

Í Maastricht-sáttmálanum voru ákvæði um nálægðar- eða dreif-

ræðisreglu, sem þýðir að ákvarðanir skyldu teknar eins nálægt þeim sem hún hefur áhrif á og hægt er, til að mynda frekar í sveitarstjórn en á Evrópuþingi. Einnig varð til hugtakið um evrópskan ríkisborgararétt og Evrópuþingið fékk neitunarvald á ýmsum sviðum. En Maastricht-sáttmálinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu af Dönum, sem sömdu síðan um undanþágur frá honum.

Tilraunir 1995-2004

Í kjölfar höfnunar Dana, sem þótti til marks um áhyggjur evrópsks almennings af samrunahraðanum, hæðði aftur á samrunaferlinu. Reyndar var á þessum árum Schengen-samningurinn tekinn inn í ESB.

Árið 1999 sagði framkvæmdastjórnin af sér eftir að Evrópuþingið hótaði að reka hana vegna spillingsmáls. Þetta skaddaði ímynd ESB og Brussel um langan tíma en sýndi hve mikil völd þingsins voru orðin. Í lok sama árs, minnug vandræðagang sambandsins í Balkanskagastríðunum, samþykktu

aðildarríkin að setja á fót litla viðbragðssveit, að mestu til friðargæslu. Ríkin geta valið um hvort þau taka þátt í verkefnum hennar.

Í Nice árið 2000 var lokið við sáttmála þar sem birtist réttindaskrá Evrópuborgara. Sáttmálanum var hafnað af Írum, sem sömdu um hann að nýju. Evran birtist í fimmtán ríkjum 2002, sem var skýrt dæmi um sameininguna í Evrópu.

Austurstækkunin 2004 & 2007

Upphafsmenn Evrópusamvinnunnar höfðu í lok seinni heimsstyrjaldar gert ráð fyrir því að Austur-Evrópuríkin slægjust í hópinn með tíð og tíma. Þegar kalda stríðinu lauk átti að leiðrétta kloffing til áratuga. Fljótlega voru viðskipta- og samstarfssamningar gerðir, og svo sóttu mörg ríkin um fulla aðild.

Í Kaupmannahöfn 1993 var ákveðið hvaða skilyrði nýju aðildarríkin ættu að uppfylla: Þau áttu að státa af stöðugum stofnunum sem tryggðu lýðræði í löndunum. Þetta þurftu að vera réttarríki sem héldu mannréttindi og réttindi minnihlutahópa í heiðri. Einnig þurftu að vera þar virkt markaðshagkerfi sem gat þolað samkeppni innri markaðarins. Ríkin þurftu að geta tekið upp lög ESB.

Eftir inngöngu tólf nýrra landa 2004 og 2007 var ESB ekki lengur lítill klúbbur ríkja ríkja heldur má líta á austurstækkunina sem risavaxna tilraun í þróunaraðstöð, sem enn stendur yfir.

Ílla séðir stjórnarskrartilburðir

Í aðdraganda þess að Austur-Evrópuríkin slógust í hópinn var blásið til ráðstefnu um framtíð Evrópu. Ráðstefnan hafði umboð til að betrumbæta stofnanir og stjórnsýslu ESB, en ekki til stefnubreytingar. Hún samdi hins vegar drög að stjórnarskrársáttmála.

Aðildarríkin urðu ósammála um þennan sáttmála 2003 og útvötnuð útgáfa hans var felld af Frökkum og Hollendingum 2005. Dreigið var í land með Lissabon-sáttmálanum, sem var samþykktur 2007, nema hvað Írar felldu hann í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eftir að búið var að heita Írum ýmsu, meðal annars að ekki yrði fækkað í framkvæmdastjórn ESB, samþykktu þeir samninginn, sem gekk í gildi í desember 2009.

Í ljósi þess hve borgarar Evrópu eru gjarnir á að fella hugmyndir um frekari sameiningu er ólíklegt að stjórnmöld Evrópuríkja geri miklar samrunatilraunir næstu ár. Þó hafa yfirstandandi efnahagsvandræði þrýst á um samræmdari stefnu í efnahagsmálum.

Laus 50% framstíðarstaða stuðningsfulltrúa - leiðbeinanda á áfangaheimilinu Álfalandi 15.

Rekstur og starfsemi Álfalands 15 er samstarfsverkefni Geðverndarfélag Íslands og Geðsviðs Landspítala. Um er að ræða áfangaheimili þar sem einstaklingar eru undirbúnir fyrir sjálfstæða búsetu.

Eldhús sem er stórt og opið, vel búið tækjum frá Baumatic, liggur samhliða rúmgóðri borðstofu með gluggum í norð-austur sem snúa út að vatninu. Svefnherbergi eru þrjú í húsinu, tvö á efri hæð og eitt á neðri hæð. Baðherbergi eru þrjú í húsinu, öll innréttuð á vandaðan og smekklegan máta. Húsinu tilheyrir stór og góður bílskúr og rúmgóðar geymslur. Herbergi á neðri hæð er stórt með sér baðherbergi og séríngangi, einfalt væri að loka þar á milli og gera að sér íbúð.

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
0
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Sódóma Reykjavíkur
101 Reykjavík
Til sölu áhugaverður rekstur

Stærð: 0 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Fasteignamat: 0



Tónleika og skemmtistaður

Verð: tilboð óskast



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

RE/MAX SENTER KYNIR: Til sölu skemmtistaðurinn Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu 22 í hjarta Reykjavíkur. Skemmtistaður með leyfi fyrir allt að 240 manns. Vinsæll staður fyrir tónleika, framhaldsskólaböli og fleira. Um er að ræða yfirtöku á langtíma leigusamningi auk kaupna á lausamunum, húsgögnum, nýlegum tækjabúnaði, heimasíðu og fl. Miklir möguleikar í boði. Flott tækifæri fyrir áhugasama aðila sem vilja eignast sinn eigin rekstur.

Allar upplýsingar veitir Ástþór Reynir í síma 899-6753 eða á arg@remax.is.

sodoma.is
www.facebook.com/sodomareykjavik

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Daggarvellir 5
221 Hafnarfjörður
Séríngangur og sólpallur

Stærð: 128,9 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 23.450.000



Opið Hús

Sunnudaginn kl 17.00 til 17.30

Verð: 29.900.000

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Íbúðin er með fyrsta flokks sérsmíðaðar innréttingar frá Trésmíðjunni Borg. Forstofa með flisum á gólf og skápum. Sjónvarpshol er með eikarparketi á gólf og innfildum tækjaskáp í vegg. Eldhús með flisum á gólf, stáltækjum, granitborðplötu, ofn í vinnuhæð, háft og eyju. Þrjú herbergi með eikarparketi á gólfum, stórir skápar í hjónaherbergi. Glæsilegt, flísalað baðherbergi með sturtu og baðkari. Sérlega björt stofa með eikarparketi á gólf, kerta-arni og útgengi á stóran sólpall með skjólveg.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
0
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



■ Á SVALAVAKTINNI – Eftirminnilegar lýsingar frá Svala Björgvinssyni hin síðustu ár

„Þetta er náttúrulega Kárahnjúka-stykki. **Fullprosað karldýr**.”

„Vel gert hjá Howard. Þrjú víti í röð og kennir þeim að kaupa einhverjar aðrar **kartöflur** heldur en þessar.”

„Kemur ekki minn maður, penna-ninur til margra ára, setur niður þrist og honum finnst þetta ekki einu sinni fyndið. Hann bara setur þetta niður, segir namminamm og **takk fyrir tókall**.”

„Rasheed, það þarf einhver að setja **kælípoka ofan í stuttbuxurnar** hans til að róa hann. Það að jafnaði róar menn og dreifir huganum.”

„Fisher, minn maður, maður. Hvílikur gangster maður. Þvílíkt ofur-menni. Við erum að tala um **starfs-mann mánaðarins**, maður. Hann bara smellir upp, snarörvhentur maður, og setur niður þrist.”

„Þetta er maður fullhlaðinn af **tröllumjöli**.”

„Þetta er náttúrulega **alvöru keng-úra**. Algjörlega toppmaður.”
„Allir að hitta og þá eru þeir bara eins og góð kjötsúpa; full af kryddi og áhugaverðum bitum.”

„Þetta er að fara alla leið. **Alla leið á Bíldudal**.”

„Lakers-liðið, það er bara eins og þeir hafi farið í **vitlaus undirföt**. Þeir geta ekki neitt. Það þarf að hringja í þessa menn.”

„Það er engin vitleysa í þessu. **Enginn ísbjörn**. Og enginn tollur.”

„Þessi troðsla hjá Kevin Durant er alveg **fáránleg**. Það er í raun móðgun við þessa troðslu að reyna að lýsa henni.”

„Gasol ákveður að **setjast inn í teig**. Jafnan ekki góð ákvörðun.”

„Hann er eins og góð **afmælisterta** – mættur á svæðið.”

„Þessi maður getur ekki verið heimatilbúinn. Það þarf eitthvað **undraduft** í svona menn.”

„**Áhugavert** hvað hann er örvhentur.”

„Einhverra hluta vegna stendur hann þarna úti á miðjum velli eins og hann sé að bíða eftir **strætisvagni**.”

„Þetta er náttúrulega bara **vínarbrauð**.”

„Stojakovic stígur út af. Það má ekki í þessari íþrótt jafnvel þótt menn séu með **huggulegan skeggvöxt**.”

„Það eru forréttindi að hafa svona snjalla menn á bekknum, **hugaða og kurteisa**.”

„Nú fer hann bara upp af fullum krafti og kemur með **stóriðjutroð**. Ekkert majónes, bara fullur styrkur og fullt af kryddi.”

„Tapaður knöttur. Þetta er náttúrulega lögreglumál. Spurning um að fá **lögreglukórinn** í hálfleik til að taka eitt lag yfir þessu.”

„Þetta er ekki úr **Kolaportinu** – þetta er alveg rándýrt.”

Stóriðjutroð og ekkert majónes

Síðustu árin hefur **Svali Björgvinsson** hlotið mikla athygli fyrir frumlegar og bráðskemmtilegar lýsingar á körfuknattleiksleikjum í sjónvarpi. **Kjartan Guðmundsson** og **Stígur Helgason** ræddu við Svala og rifjuðu upp eftirminnileg ummæli hans úr lýsingum.

Það er hreinlega vegna barnslegrar ástríðu fyrir leiknum sem lýsingarnar grautast út með þessum hætti. En þetta eru engin vísindi. Ég er bara að lýsa körfubolta,“ segir Svali Björgvinsson, fyrrum landsliðsmaður í körfuknattleik, en lýsingar hans á körfuboltaleikjum á Stöð 2 hafa notið vinsælda síðustu ár og hlotið gríðarlega athygli. Þykir mörgum Svali öðrum fremri í að koma til skila spennunni sem fylgir leiknum með óvenjulegu og kjarnyrta orðfæri og jafnvel skáldlegum orðatiltækjum.

Svali bætir við að vissulega undirbúi hann sig vel fyrir beinu lýsingarnar og sá undirbúningur hafi í raun hafist þegar hann hóf að fylgjast með körfuknattleik fyrir 36 árum. „Ég hef líka reynt að átta mig á því hvað mér líkar og mislíkar í fari annarra lýsenda. Guðni Kolbeinsson, þýðandi og snillingur, var að mínu mati meistari lýsinganna. Guðni spilaði körfubolta með ÍR á sínum tíma og bar búninginn vel, og svo lýsti hann nokkrum leikjum þegar RÚV sýndi körfuboltaleiki í eldgamla daga. Það var þá sem ég fór að átta mig á því að hægt væri að skreyta lýsingarnar með skemmtilegri orðanotkun,“ segir Svali og nefnir sem dæmi að einn frasi frá Guðna sé í miklu uppáhaldi hjá sér; að ákveðin skot séu „býsna víðsfjarri“.

Leiðist þýddir hækjufrasar

Svali telur mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að tala hreint og kjarnyrta íslenskt mál í sínum lýsingum. Til að mynda leiðist honum hækjufrasar sem þýddir eru úr ensku á borð við „að stíga upp“, eða „step up“ á ensku. „Það er hægt að koma þessari hugsun eða fyrirbæri frá sér með einföldum hætti á íslensku. Það þarf ekki að klæmast með orðskrípi til þess.“

Hann segir einnig mikilvægt að lýsandinn sjálfur hafi gaman af því sem hann gerir, enda sé



ORÐATILTÆKI Svali Björgvinsson segir Guðna Kolbeinsson þýðanda hafa verið mikinn áhrifavald á íþróttalýsingar sínar. Frasinn „býsna víðsfjarri“ eigi til að mynda rætur sínar að rekja til Guðna.

það lykillinn að árangri í flestu sem mannskepnan tekur sér fyrir hendur. Hluti af því er að hafa ákveðið þema í hverjum leik sem hann lýsir. „Þessi þemu koma oft þegar ég er á leiðinni að lýsa og er að hugsa um daginn sem er að líða. Oft eru þetta hvorki miklar né djúpar greiningar og ég reyni að koma þeim frá mér án þess að það sé of skýrt. Raunar þarf sennilega áhugasaman bókmenntafræðing með mikið hugmyndaflug til að átta sig á þeim tengingum sem þar koma fram. Ég vil engum svo illt að ég hvetji fólk til að reyna að rýna í þær með vitrænum hætti um miðja nótt. En þemað gerir lýsinguna ögrandi fyrir mig,“ segir Svali og nefnir Lögreglukórinn, yfirlögrelþjóninn Geir Jón Þórisson, kattasmölun og Gunnars-majónes sem dæmi um þemu sem hann hefur bryddað upp á í lýsingum sínum.

Aðspurður segir Svali marga hafa haft samband við sig og lýst yfir ánægju með lýsingarnar og slíkt gleðji hans litla hjarta.

Margt óhollara en körfubolti

Síðustu árin hefur Svali lýst jafnt íslenskum sem erlendum körfuknattleiksleikjum í sjónvarpi. Hann segist finna fyrir auknum áhuga á íslenska boltanum síðustu ár, en auk þess sé þéttur hópur sem ávallt fylgist með bandarísku NBA-deildinni. „Fólk miðar oft við þann tíma þegar Michael Jordan var upp á sitt besta, sem var ákveðin hæð. En svo rísa önnur stórstirnir upp sem trekkja að, eins og LeBron James. Þetta er mjög skemmtilegt sjónvarpsefni og frá-bær íþrótt. Hver og einn verður að hafa sína fíkn og margt er óhollara en þessi fíkn.“

Lýsandinn spáir téðum LeBron James og félögum hans í Miami Heat sigri í NBA-deildinni í ár. „Við í ferða- og menningarfélaginu Ysa í orli, sem erum um tuttugu talsins, spáðum um úrslitin. Ég tippaði á Miami og geri enn. En ég vona samt að Dirk Nowitzki og Dallas Mavericks vinni þetta. Það væri gott fyrir boltann, því hann er ótrúlegur íþróttamaður,“ segir Svali.

TROÐKVARÐARNIR ÞRÍR

„Troð eru augljóslega þrívíddarfyrirbæri,“ segir Svali þegar hann er beðinn um að útskýra sum orðanna sem hann notar gjarnan yfir misvel heppnuð tilþrif körfuboltamanna. „Þau skiptast í kraft, viðhorf/skilaboð og fagurfræði. Þetta reyni ég að skilgreina á kvarða,“ útskýrir Svali. Hér á eftir fara kvarðarnir þrír, ásamt útskýringum Svala þar sem þær eiga við.

KRAFTUR:

- 1. Nudd/klapp**
- 2. Majónestroð** – „Kom þegar Gunnars-majónes var þema dagsins og lýsir vel slepjulegu troði sem er engum til sóma. Hvorki viðkomandi leikmanni, né fjölskyldu hans. En viðkomandi leikmaður telur sig vera að gera eitthvað uppbyggilegt, en safnar bara fitu til lengri tíma.“
- 3. Iðnaðartroð** – „Troðið meira af skyldurækni en af ástríðu. Leikmaður veit að fólk borgar sig á völinn til að sjá troð, en það vantar bæði kraft og viðhorf í allt fas viðkomandi. Viðkomandi uppfyllir troðskyldur sínar, en ekkert meira.“
- 4. Stóriðjutroð**
- 5. Kárahnjúkatroð**
- 6. Risaeðlutroð**
- 7. Fellibylur**


„Svo eru mörg fleiri orð sem hafa verið notuð, til dæmis eru Górlutroð og ruggustóllinn mjög lýsandi. Þetta skýrir sig allt sjálft, en með þessu er verið að fanga kraftinn í troðinu.“

VIÐHORF/SKILABOÐ:

- 1. Inniskórinn** – „Í raun ekkert viðhorf, maður í inn-skóm á ekki mikið að rífa kjaft.“
- 2. Umhverfisvænt troð** – „Ekki auka orka en samt alvöru.“
- 3. Ég-er-farinn troð** – „Dæmigert viðhorf hjá barni sem ætlar að koma einhverju til skila, en fer svo aldrei neitt.“
- 4a. Er-engin-heima troð** – „Þetta var þemað þegar virtur þingmaður sem kaus að tilkynna að hann yrði ekki heima á afmælisdaginn sinn.“
- 4b. Á-einu-augabragði troð** – „Lýsir því ef einhver veit ekki alveg hvað hann er að gera en reynir að böðlast í gegnum aðstæður.“
- 5. Sauðnautið** – „Villt troð og sjaldgæft, en ekki endilega falllegt.“
- 6. Gillzeneggertroð** – „Þegar leikmenn með mikla þörf fyrir athygli eru að reyna mikið en tekst ekki alveg. En ég ber samt virðingu fyrir því að viðkomandi sé að reyna. Ekki endilega aumkunarvert, en samt á mörkunum.“
- 7. Flautuketill/skinkutroð.**
- 8. Lögreglukórinn** – „Þegar öllu er tjaldað til, ekkert sparað.“
- 9. Mjólnir** – „Gamalt íslenskt orð yfir hamar Þórs.“

FAGURFRÆÐI/LISTFENGI

- 1. Snúður eða vínarbrauð** – „Vísar til upprunans.“
- 2. Þarf-eitthvað-að-ræða-þetta? Troð.**
- 3. Krydd**
- 4. Kameljónið** – „Einhver sem gerir eitthvað sem ég á ekki von á, aðlagast umhverfinu með undraverðum hætti.“
- 5. Hámenningartróð** – „Fagurfræðilega fullkomið og ætti að vera lokaatriði á Listahátíð.“



- með þér alla leið -

MIKLABORG

569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Ragna S. Óskarsdóttir
MBA og löggiltur
fasteignasali



Guðrún Pétursdóttir
skjalagerð



Ólafur Finnbogason
sölufulltrúi



Hilmar Jónasson
sölufulltrúi



Halldór Ingi Andrússon
löggiltur fasteignasali



Atli S. Sigvarðsson
sölufulltrúi



Heimir H. Eðvarðsson
sölufulltrúi



Davíð Jónsson
sölufulltrúi



Margrét Kjartansdóttir
ritari



Vesturströnd 170 Seltj Glæsilegt endaraðhús

254 m² á 2. hæðum
Frábært útsýni
Mikið endurnýjað
Sólstofa og heitur pottur

v. 59,5m



Kvistavellir 221 Hfj Ný og fullbúin endaíbúð

Vandaðar innrétti. og gólfefni
4ra herbergja + bílskúr
Alls 159 m²
Tilbúin til afhendingar

Gott verð



Bárugata 101Rvk 3ja herb

80 m² 3ja herb kjallari
Mikið endurnýjuð
2 góð svefnherbergi
Gott lán getur fylgt

v. 19,9m



Rósarími 112 Rvk 2ja herb

71 m² jarðhæð með verönd
Sér inngangur
Stutt í all þjónustu

v. 16,8m



Andrésbrunnur 13 Rvk Sérlega góð 4ra herb

119 m² í lyftuhúsi
Sérstæði í lokaðri bílageymslu
Gott skipulag
og vel umgengin eign

v. 26,8m



Hamarsbraut 220 Hfj Nýtt tvílyft einbýlishús

215 m² vel skipulagt
4-5 svefnherbergi
Gróið hverfi, fallegt útsýni
Tilbúin til innréttinga.

v. 55,0m



Birtingakvísl 110 Rvk Einstaklega vandað raðhús

Vel skipulagt
214 m² með bílskúr
Möguleiki á 5 svefnherb.

v. 45,0m



Samtún 105 Rvk Efri sérhæð

3ja -4ra herb.
í fallegu velviðhöldnu húsi
Sérinngangi
Lokaður garður
Laus strax

v. 20,5m



Sólvallagata 101 Rvk Hæð

106 m² hæð í 4 býli
Stórar stofur og eldhús
Nýlegir gluggar og gler
Frábær staðsetning

v. 24,9m



Espigerði 108 Rvk Útsýnisíbúð

Glæsileg 3ja herbergja
102 m² á 8. hæð
Falleg íbúð
Eftirsótt eign

v. 25,9m



Skildinganes 101 Rvk Einstök eign á einstakri sjávarlóð

304 m² með sólstofu
Tvær hæðir, sex svefnherbergi
Rúmgóð stofa
með stórum gluggum og arni
Æðisleg gróin og falleg sjávarlóð

Tilboð óskast

Skoðaðu Innlit
af þessari eign
á miklaborg.is

Við leitum að ...

... leigenda fyrir Espigerði.

Til leigu: 2ja herbergja, frábært útsýni, Laus strax
- Nánari upplýsingar veitir Jason Guðmundsson
í síma 899 3700 eða jason@miklaborg.is

... hæð á Seltjarnarnesi

með að lágmarki 3 svefnherbergjum og bílskúr í skiptum
fyrir 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á sama svæði.
- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason
í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

... 3ja herbergja í pósthúsi 101,105 eða 107.

- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson
í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

... 3ja-4ra herb. íbúð í Kópavogi eða Garðabæ.

Ekki verra ef áhvalandi lán geta fylgt.
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson
í síma 899 1178 eða atli@miklaborg.is

... umhverfis Háaleitisbraut,

að 4ra herbergja íbúðum með og án bílskúrs.
að 3ja herbergja íbúðum.
að íbúðum með miklum ákvílandi lánun.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrússon
í síma 897 4210 eða halldor@miklaborg.is

... 4ra herbergja íbúð í Hamrahverfi í Grafarvogi

með hugsanleg skipti í huga á 3ja herb. íbúð í sama hverfi.
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson
í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

... 3ja-4ra herb. íbúð í Grafar- eða Norðlingaholti

með bílskúr eða stæði í bílageymslu.
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson
í síma 899 1178 eða atli@miklaborg.is

... 2ja herbergja þjónustuíbúð í Reykjavík

- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason
í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

... 2ja-3ja herbergja íbúð í Garðabæ eða Hafnarf.

fyrir ákveðinn kaupanda.
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson
í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

... Rað, par eða einbýlishúsi í
Linda eða Salahverfinu í Kópavogi

Ákveðinn kaupandi, sterkar greiðslur.
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson
í síma 899 1178 eða atli@miklaborg.is


- með þér alla leið -



Sjónarhorn

Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

NÖTURLEGT Lítil lömb í öskubyl við bæinn Foss á Síðu skammt austan Kirkjubæjarklausturs. Askani reyndist ungiðinu erfið en þessi lömb virtust spjara sig ágætlega.



Bjartir tímar

Núna er rétti tíminn til þess að mennta sig í byggingagreinum, því bjartari tímar eru framundan.

Í Byggingatækniskólanum er hægt að læra:

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málun
- Múrsmíði
- Tækniteiknun
- Veggfóðrun og dúklagnir

Byggðu þína framtíð á starfsmenntun í byggingariðnaði.

Innritun stendur yfir á www.tskoli.is

Byggingatækniskólinn
Tækniskólinn





ADRIANNA
17 ára

ÞARF OFT AÐ ÞÝÐA
FYRIR FORELDRA SÍNA



HVERT BARN SKIPTIR MÁLI
-VERTU HEILLAVINUR

Adrianna flutti til Íslands frá Póllandi þegar hún var 13 ára. Á einu ári náði hún frábærum tókum á íslenskunni og hefur verið foreldrum sínum ómetanleg aðstoð. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að réttindum barna innflytjenda m.a. með því að skapa þrýsting á stjórnvöld að bæta þjónustu við þann hóp og sporna við brottfalli þeirra úr skóla. Öll börn á Íslandi eiga að njóta sömu réttinda og möguleika. Taktu þátt í að efla mannréttindi barna með því að vera heillavinur.

Farðu á barnaheill.is og vertu heillavinur með
1.000 kr. framlagi eða meira á mánuði.

Alexander Petersson **heillavinur**



Barnaheill
Save the Children Iceland



KYLIE MINOGUE söngkona er 43 ára

„Markmiðið með vinnu minni er að skemmta fólki og láta það líta út fyrir að vera auðvelt, svo ég býst við að það séu þeir þættir sem fólk sér sjaldnast sem gera mig stoltasta.“

Merkisatburðir

- 640** Severínus verður páfi.
- 1118** Ísleifur Gissurarson biskup deyr í Skálholti.
- 1357** Pétur fyrsti verður konungur Portúgals.
- 1871** Parísarkommúnan fellur.
- 1971** Saltvíkurhátíðin hefst en þar komu saman um tíu þúsund unglingar og skemmtu sér um hvítasunnuna.
- 1982** Fimmtán pólskir flóttamenn og átta börn koma til Íslands. Helmingur hópsins var farinn ári síðar.
- 1983** Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli en stendur stutt yfir. Norræn dagblöð létu í ljós ótta um að Vatnajökull myndi bráðna og suðausturhluti Íslands færi í kaf.

PETTA GERÐIST: 28. MAÍ 1967

Íþróttafélagið Fylkir var stofnað

Íþróttafélagið Fylkir var stofnað 28. maí árið 1967 í Árbæjarhverfi. Bar félagið reyndar í upphafi heitið Knattspyrnufélag Seláss og Árbæjar, KSÁ, en það nafn var talið óheppilegt og var því breytt í Fylkir eftir að félagsmenn kusu það fram yfir nafnið Elliði. Framfarafélag Seláss og Árbæjar vann að stofnun Fylkis sem íþróttareindreki félagsins, Theódór Óskarsson, gerði meðal annars í samvinnu við börn og unglinga í hverfinu. Fyrsta æfing félagsins var haldin undir leiðsögn Þórólfs Beck 11. júlí 1968 á

velli fyrir ofan Rofabæ. Sigurjón Ari Sigurjónsson, formaður Framfarafélagsins, sagði í samtali við Þjóðviljann tveimur dögum síðar að þetta væri upphafið að íþróttastarfi í hverfinu. Sigurjón tók fram að í Árbæjar- og Seláshverfið væru fluttir fjögur þúsund íbúar og drengirnir ættu óhægt um vik að stunda æfingar með sínum gömlu félögum. Skipulag starf félagsins fór hægt af stað. Félagið tefldi í fyrsta sinn fram liði í meistaraflokki árið 1972 og endaði í öðru sæti í þriðju deild.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Ólöf Ragnhildur Guðmundsdóttir

frá Streiti í Breiðdal, síðast til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík,

lést að kvöldi föstudagsins 20. maí síðastliðinn. Útför hennar verður frá Árbæjarkirkju mánudaginn 30. maí n.k. og hefst athöfnin kl. 13. Aðstandendur vilja færa starfsfólki deildar A3 á Hrafnistu í Reykjavík þakkir fyrir alúð og góða umönnun.

- | | |
|-------------------------|--------------------------|
| Dagný Stefánsdóttir | Magnús Jónsson |
| Unnpór Stefánsdóttir | Margrét Guðlaugsdóttir |
| Stefán Stefánsdóttir | |
| Gunnar Stefánsdóttir | Anna Þorgilsdóttir |
| Ása Björg Stefánsdóttir | Þórunn Jónsson |
| Jóhanna Ósk Breiðdal | Jóhann Sævar Kjartansson |
- og fjölskyldur þeirra



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Lárus Árnason

frá Ási, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi laugardaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd mánudaginn 30. maí klukkan 13.00.

- | | |
|--------------------------|-------------------------|
| Sigurlaug Jónsdóttir | Kristín Sigurðardóttir |
| Kári Sigurbjörn Lárusson | Ingimundur Bernharðsson |
| Guðrún Ásdís Lárusdóttir | |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar innlegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu og studdu okkur á þessum erfiðu tímum við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður, frænda og mágs

Eyþórs Stefánssonar

Stekkjargötu 3, Neskaupstað.

Guð blessi ykkur öll.

- | | |
|-------------------------|----------------------------|
| Hallbjörg Eyþórsdóttir | Stefán Pálmason |
| Pálmi Þór Stefánsson | Guðrún Björg Víkingsdóttir |
| Ingibjörg Stefánsdóttir | Ólafur Sveinbjörnsson |
- og fjölskyldur



EKID STRÆTÓ Í 40 ÁR Að sögn Jónasar voru strætóbílstjórar eins og hálfgerður þjóðflokkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

JÓNAS ENGILBERTSSON: HEFUR VERIÐ STRÆTÓBÍLSTJÓRI Í 40 ÁR

Voru kapteinar með kasketi

Jónas Engilbertsson heldur upp á fjöru-tíu ára starfsafmæli sitt hjá Strætó um þessar mundir. Hann varð strætóbílstjóri 1. júní 1971. „Ég byrjaði í sumar-afleysingum á leið tíu í Árbæ. Það er búið að vera sumar hjá mér síðan.“

Þegar Jónas byrjaði hét fyrirtækið SVR og voru vagnarnir að sögn oft smekktfullir. „Neðra Breiðholtið var komið og Árbærinn. Það var rétt byrjað að keyra upp í Fell, sendur bíll þangað á klukkutíma fresti,“ segir Jónas en borgin hefur stækkað mikið og vegalengdirnar orðnar mun lengri. „Þetta voru miklu styttri vegalengdir og jafnvel var farið heim í mat í hádeginu.“

Jónas hefur keyrt flestar leiðir síðan hann byrjaði. „Í dag eru menn endalaust að fara á milli leiða og vagna,“

segir Jónas og heldur áfram: „Þetta var mjög stabilt þegar ég byrjaði. Þá voru menn yfirleitt á sömu leiðinni og í sama vagni. Strætóbílstjórar voru eins og hálfgerður þjóðflokkur, kapteinar með sitt kasketi og þeir áttu bílana nánast,“ upplýsir Jónas og bætir við að þegar bílarnir fóru á verkstæði hafi bílstjórnarnir fylgt með. „Þeir héngu yfir verkstæðismönnunum og fylgdust með. Ég var reyndar aldrei svo slæmur. Ég spurði þá stundum af hverju þeir færu ekki bara með vagnana heim.“

En hvert er eftirminnilegasta atvikið sem þú hefur upplifað? „Á árunum 1977 og fram yfir 80 var Hallærisplan- ið samkomustaður unglínganna um helgar. Þarna voru einhver hundruð

krakka sem tóku yfirleitt síðasta strætó heim. Ég var þá á síðasta strætó upp í Breiðholt sem var leið þrettán. Vagnarnir voru alveg troðnir. Svo fóru þeir að rústa vögnunum, rúður voru brotnar, bjöllurnar voru rifnar niður og sætunum var ýtt fram. Þetta gerðist nokkur skipti,“ segir Jónas, sem gat ekkert annað en haldið áfram. „Það þýddi ekkert að bíða eftir lögreglu sem kæmi eftir fimmtán eða tuttugu mínútur.“

Jónas hefur starfað með mörgum í gegnum tíðina. „Sumir voru í lengri tíma en aðrir bara rétt millilentu. Ég er alltaf að hitta einhverja sem muna eftir mér. Það líður yfir þá þegar ég segi þeim að ég sé þarna enn þá.“

martaf@frettabladid.is



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Hilmar Ágústsson

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar mánudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 3. júní kl. 14.00.

- | | |
|------------------------|---------------------|
| Árný Friðgeirsdóttir | María Ketilsdóttir |
| Ágúst Hilmarsson | Birkir Már Ólafsson |
| Jóhanna Hilmarisdóttir | Rafn Magnússon |
| Hrönn Hilmarisdóttir | |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna fráfalls Ásgeirs okkar.

Dr. Erlendur Ásgeir Júlíusson

Studiegangen 13, Gautaborg, Svíþjóð.

- | | |
|----------------------|-----------------------------|
| Guðrún Stephensen | Jóhanna Ellý Sigurðardóttir |
| Jökull Ásgeirsson | |
| Júlíus Sigurðsson | Íris Guðrún Ragnarsdóttir |
| Hildur Júlíusdóttir | Kristín Inga Guðmundsdóttir |
| Júlíus Þór Júlíusson | |
| Davíð Júlíusson | |

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí álettrun
Fallegir legsteinar
á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is

Afmælisveislan er hafin

ENSKI STÓRU
LÍÐIN HITA UPP
FYRIR VETURINN

FRÁ 203 KR. Á DAG
FÆRÐU STÖÐ 2 SPORT, GOLF
CHANNEL, PLÚS- OG HLIDAR-
RÁSIR FYLGJA.

FRÁ 199 KR. Á DAG
FÆRÐU STÖÐ 2 SPORT 2,
MAN UTD TV, LIVERPOOL TV,
CHELSEA TV OG
HLIDARRÁSIR FYLGJA.

VALLTOR
BIKARINN

FORMÚLA 1

ÚRSLITAKEPPNI NBA
HVERJIR VERÐA MEISTARAR Í ÁR?



SUMARMÓTIN



COPA AMERICA
FÓTBOLTAVEISLA Á SPORT 2 Í JÚLÍ



MEISTARAEILDIN
HEFST Í ÁGÚST

TAKTU ÞÁTT Í FJÖRINU

S-AMÉRÍKA LOGAR Í COPA AMERICA, ÚRSLITIN
RÁÐAST Í NBA, FORMÚLAN BRUNAR ÁFRAM OG
PEPSI-DEILDIN TEKUR SÉR EKKERT FRÍ. SVO ER ÞAÐ
GOLFÍÐ, MEISTARAEILDIN OG ALLT HITT.

ÞAÐ ER ENGIN ÁSTÆÐA TIL AÐ MISSA AF
SJÓÐHEITU SPORTI Í SUMAR..



GOLF



PEPSI-DEILDIN

HORFÐU HVAR SEM ER
HVENÆR SEM ER

FÆRÐU ÁSKRIFTINA Í BÚSTAÐINN Á 0 KR.
HELGARÁSKRIFT Í BÚSTAÐINN Á AÐEINS 1.990 KR.

STÖÐ 2 PLÚS OG STÖÐ 2 FRELSI Á VOD FYLGIR.

STÖÐ 2 VILD

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT
+ 5% STÖÐ 2 PUNKTA AFSLÁTTUR

ÞÚ SAFNAR ALLT AÐ 1.280
STÖÐVAR 2 PUNKTUM Á MÁN.



ÞAÐ ER
ÖDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir

Ragnheiður Jóna Ármannsdóttir

Akraseli 6,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 25. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 3. júní kl. 11.00. Þeir sem vilja minnst hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

Trond Are Schelander
Ármann Schelander
Knut Egil Schelander
Jan Olav Schelander
Katrín Eyjólfsson
Eyjólfur Ármannsson
Synnøve Schelander Wang

Ármann Gunnlaugsson
Leif Ole Wang



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Konráð Páll Ólafsson

Asparási 2, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 25. maí. Útförin fer fram frá Víðalínskirkju föstudaginn 3. júní kl. 15.00.

Ingigerður St. Óskarsdóttir

Guðjón Árni Konráðsson
Jóna Ósk Konráðsdóttir
Guðmundur Kr. Konráðsson
Krittiya Huadchai Konráðsson
barnabörn og langafabörn

Teresita Ragmat
August Hákansson



Elsku litli strákurinn okkar og bróðir

Vilhelm Þór Guðmundsson

lést af slysförum 22. maí síðastliðinn. Útför hans fer fram 1. júní kl. 13.30 frá Selfoskirkju. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en við foreldrar hans viljum benda á styrktarrekning Vilhelms Þórs sem ætlaður er til tækjakaupa fyrir björgunar- og skyndihjálparstörf í Árborg. kt. 010581-5089 rkn. 0325-13-701205.

Elísa Björk Jónsdóttir

Guðmundur Friðmar Birgisson
Sóley Björk Guðmundsdóttir
Tómas Valur Bjarkason
Aníta Björg Benjamínsdóttir

Íris Rán Símonardóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Jóhanna Þórdardóttir Hansen

Ægisstíg 1, Sauðárkróki,

lést á Sjúkrahúsi Skagfirðinga sunnudaginn 22. maí síðastliðinn.

Jóhannes Friðrik Hansen

Kolbrún Hansen
Þóroddur Hansen
Elín Jósefína Hansen
Árni Hansen
Sigríður Ragna Hansen
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðni Pálmi Oddsson
Edda Lúðvíksdóttir
Ingimundur Tómasson
Ingimundur Ingvarsson

Fíladelfía fagnar á 75 ára afmæli

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía heldur upp á 75 ára afmæli sitt um helgina. Af því tilefni verður efnt til fjölskyldu-hátíðar, söngsamkomu, hátíðarsamkomu og gospelsónleika. Allir eru boðnir hjartanlega velkomnir í afmælið.

Farið verður í skrúðgöngu frá Fíladelfíu, Hátúni 2, klukkan 13 í dag og mun lúðrasveit leiða gönguna.

Göngunni lýkur á Klambratúni þar sem verður fjölbreytt dagskrá og boðið upp á tónlist, útileiki, ýmsar þrautir og andlitsmálun fyrir börnin. Ef veður er slæmt flyst dagskráin í Fíladelfíukirkjuna.

Að lokinni útidagskránni verður boðið upp á súpu í kirkjunni klukkan 17. Klukkan 19 hefst söngsamkoma þar sem lögð verður áhersla á sigilda sálma.

Sérstök hátíðarsamkoma verður síðan á morgun í Fíladelfíu. Að lokinni samkomunni verður samkomugestum boðið í afmæliskaffi. Á sunnudagskvöld, klukkan 20.00, verða haldnir vortónleikar Gospelkórs Fíladelfíu og saga kórsins rifjuð upp í tali og tónum.



HÁTÍÐ Í BÆ Hvítasunnukirkjan Filadelfía við Hátún 2 heldur upp á 75 ára afmæli sitt í dag og á morgun.

Mamma mía í Gaflaraleikhúsið

Leikfélag Vestmannaeyja hefur sýnt söngleikinn Mamma mía - Séns á skrens síðustu tvo mánuði við góðar undirtektir og hefur þegar slegið áratuga aðsóknarmet.

Í tilefni hundrað ára afmælis félagsins mun íbúum höfuðborgarsvæðisins gefast kostur á að sækja sýninguna en hún verður sýnd í Gaflaraleikhúsinu um næstu helgi. Söngleikurinn byggir á samnefndri kvikmynd sem naut gríðarlegra vinsælda fyrir nokkrum árum en verkinu hefur verið breytt og það staðfært til samræmis við íslenskan raunveruleika. Þegar er uppselt á sýninguna 27. maí en aukasýning verður 28. maí klukkan 15.

SÍVINSÆL Sýning Leikfélags Vestmannaeyja byggir á bíómyndinni Mamma Mia þar sem lög ABBA-flokksins eru liggja til grundvallar.



Ítölsk menningarhátíð í Salnum í Kópavogi

Ítalska félagið á Íslandi stendur fyrir hönnunar- og listasýningu í Salnum, Kópavogi. Sýningin verður opnuð á morgun, sunnudag klukkan 16 til 19 en hún er liður í hátíðahöldum í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá sameiningu Ítalíu í eitt ríki.

Þæði ítalskir og íslenskir listamenn og hönnuðir taka þátt í sýningunni. Þar á meðal húsgagnahönnuðurinn Fabio Del Percio með Hver? Design, fatahönnuðinn Malea Modarte, aðalfatahönnuður B!B!, listmálarnir Hulda Hlín Magnúsdóttir og Carmela Calimera, skartgripahönnuðurinn Puella og grafíski hönnuðurinn 7vicocrema.

Tónleikar Ítalsk/Íslenska tríósin Delizie Italiane hefjast klukkan 20 en boðið verður upp á fordrykk fyrir tónleikana. Klukkan 20.40 verður gert hlé og boðið upp á veitingar frá Calabria í Suður-Ítalíu. Klukkan 21 verður tilkynnt hvaða íslensku stuttmyndir munu taka þátt í alþjóðlegri stuttmyndahátíð í Róm og klukkan 21.15 hefst síðari hluti tónleikanna. Aðgangur er ókeypis.



ÍTALÍA Ítalska félagið á Íslandi stendur fyrir hönnunar- og listasýningu í Salnum á morgun í tilefni af því að 150 ár eru frá sameiningu Ítalíu í eitt ríki.

Brjóstgjöf í öndvegi

Fjórða Norræna Brjóstgjafarráðstefnan verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 31. maí og 1. júní. Hún er haldin annað hvert ár á Norðurlöndunum og er þetta í fyrsta skipti sem hún er haldin á Íslandi. Félag brjóstgjafarráðgjafa á Íslandi hefur umsjón með ráðstefnunni í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landlækniseimbættið og Háskóla Íslands.

Ráðstefnan er ætluð heilbrigðisstarfsfólki sem starfar við og hefur áhuga á brjóstgjöf. Aðalfyrirlesarar eru Catherine W. Genna frá Bandaríkjunum, höfundur bóka Supporting Sucking Skills in Breastfeeding Infants (2008) og Selecting and Using Breastfeeding Tools (2009) og Inga Þórsdóttir Dr. Med. Sci., próffessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Auk þess munu fyrirlesarar koma víðs vegar að og halda erindi. Kynntar verða nýjustu rannsóknir á sviði brjóstgjafar og fjallað um stöðu brjóstgjafar á Norðurlöndunum. Einnig verða kynntar nýjustu tölur um tíðni brjóstgjafar á Íslandi.



Eiginkona mín og elskeg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónasína Jónsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Reykjavík, áður Dvergabakka 32, Reykjavík,

lést mánudaginn 23. maí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. júní kl. 11.

Geir Þórðarson
Þór Geirsson
Örn Geirsson
Ásgeir Geirsson
barnabörn og barnabarnabörn

Dagbjört Berglind Hermannsdóttir
Vilborg Helga Júlíusdóttir
Ólöf Örvarsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Ástríðar H. Andersen


Gunnar P. Andersen
Þóra Andersen
Victoria Ástríður Andersen
Tiffany Louise Andersen
Eric Ian Andersen
Richard Vilhelm Andersen
Christopher og Alexander Farrington.

Margrét Kr. Gunnarsdóttir
Roger Schneider

Opið hús

laugard. og sunnud.

Laugardag 28. maí - kl. 10 - 16
Sunnudag 29. maí - kl. 10 - 16



Upplifðu verslun - sem léttir þér lífið með bílnum!

Verslunin er hluti af Mekonomen sem er stærsta fyrirtæki á Norðurlöndum í sölu á bílavörum og varhlutum.

Bílavörur - Varahlutir - Original hlutir - Boddyhlutir - Bílrúður - Rafgeymar - Pústkerfi - Dekk - Olíur - Aukahlutir - Sérpantanir

Fornbílaklúbburinn kemur við á laugardeginum kl. 14-16

Varahlutir í „original“ gæðum 15% opnunartilboð 3 ára ábyrgð á varahlutum 	Thule Pacific 700 Verð kr. 86.672,- Opnunartilboð kr. 73.671,- 	Global rafgeymar á frábæru verði Ekki skemmir 15% opunarafsláttur 15% Opunar-tilboð
Castrol Magnatec 5W-40 4L Syntetisk olía fyrir nútíma bíla Verð kr. 8.765,- Opnunartilboð kr. 7.450,- 	Facom verkfæri 15% Opunar-tilboð 	Thule hjólafesting á kúlu. Verð kr. 15.471,- Opnunartilboð kr. 13.150,-
Castrol Power1 GPS 1L Mótorhjóra olía Verð kr. 1.666,- Opnunartilboð kr. 1.416,- 	Bónvörur frá Sonax og Mekonomen 15% Opunar-tilboð 	Mekonomen 400 mm þurrkublað Verð kr. 1.067,- Opnunartilboð kr. 907,-
	Er barn í bílnum? Sætispúði Verð kr. 4.743,- Opnunartilboð kr. 4.032,- 	

OPNUNAR-TILBOÐ



Opnunartilboð alla helgina.

- Allar vörur með 15% afslætti
- Pantaðu vörur um helgina og þú færð 15% opunarafslátt
- Taktu með þér afsláttarkort og framlengdu opnunartilboðið um viku
- Opunarafsláttur á www.mekonomen.is út alla næstu viku.


Opnunartilboð á vefnum:

Jafnframt að opna verslunina í Garðabæ þá opnum við vefverslun á www.mekonomen.is.
Bílavörur og varahlutir, 183.000 vörutegundir.
Þú færð 15% afslátt í vefversluninni til 5 júní.

Okkur hlakkar til að sjá þig!



Verslun og verkstæði



Bilaverkstæði Hafsteins
Smiðsbúð 2
Sími 578 0858

Mekonomen

Við léttum þér lífið með bílnum

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 527 2300

Mekonomen

Fagaðilar



Mekonomen er brautryðjandi í þjónustu við fagaðila.

Allir fagaðilar í viðgerðum og rekstri á bílum og tækjum geta nýtt sér þjónustu okkar.

Hafðu samband og vertu með frá upphafi.

Sími 527 2300 eða gardabaer@mekonomen.is.

Meira en 12000 fagaðilar á Norðurlöndum nota MekoCat daglega.

MekoCat



Hvað er MekoCat

- Í MekoCat finnur þú:
Varahluti - Boddyhluti - Pústkerfi
Ljós - Spegla - Rúður
Olíur - Dekk - Dráttarbeisli
Verkfæri - Sérverkfæri - Rekstrarvörur, og margt fleira

- Þú getur séð hvaða vörur passa í hvern bíl fyrir sig.
- Þú sérð lagerstöðuna á Íslandi og í Svíþjóð og getur pantað vörur frá báðum stöðum beint úr MekoCat.
- Þú sérð verðið í íslenskum krónum.
- Við keyrum vörurnar út til verkstæða á Reykjavíkursvæðinu, sé þess óskað.
- Þú sparar þér tíma og peninga með því að versla beint á MekoCat
- MekoCat er öflugt hjálpartæki.
- Í gegnum MekoCat getur þú fengið aukin aðgang að þjónustuskoðunum, rafmagnsteikningum og nákvæmum tækniupplýsingum.

Þú getur skráð þig sem notanda á opunarhátíðinni. Hafðu samband ef þú sérð þér ekki fært að koma og við skráum þig. Skráning og notkun á MekoCat er þér að kostnaðarlausu.



Mekonomen

Við léttum þér lífið með bílnum

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 527 2300

Mekonomen



WWW.BUILDYOURWILDESELF.COM er skemmtileg síða þar sem krakkar geta búið til eigin furðuveru. Þau geta valið milli búks, andlitsdrátta, hárs og útlíma.

KONRÁÐ OG LISALOPPA fara í ferðalag

eftir Braga Halldórssón 21

Róbert var farið að lengja eftir vinum sínum sem seint virtust ætla að rata heim til hans.

Hver þrautin tók við af annarri. „Úff,“ dæsti Konráð. „Enn ein þrautin“ sagði hann og var alveg við það að gefast upp á þessu ferðalagi. „Svona, svona,“ sagði Lísaloppa hughreystandi. „Þegar við höfum leyst þessa krossgátu er ég viss um að við komumst á leiðarenda.“

Getið þið hjálpað Konráði og Lísuloppu að leysa gátuna?



Friðrik Dór tónlistarmaður er lítill þrakari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VILDI VERÐA BANKASTJÓRI

Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór ætlaði að verða bankastjóri þegar hann yrði stór. Hann er hættur við það og semur lög í staðinn. Uppáhalds maturinn hans er lasanja og hann gerir sjaldan þrakkarastrik.

Hvað ertu gamall? Ég er 22 ára.

Í hvaða grunnskóla varstu? Setbergsskóla.

Spilarðu á hljóðfæri? Já, ég spila á trommur en kann líka á gítar og píanó.

Hvað langaði þig að verða þegar þú yrðir stór? Þegar ég var lítill sagðist ég alltaf ætla að verða bankastjóri. Í dag hef ég samt engan áhuga á því!

Er gaman að vera frægur? Það er allavega gaman að vera ég.

Hver er uppáhaldstónlistarmaðurinn þinn? Úff, ég veit ekki. Ég ætla að segja Kanye West.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Ég á mér svo sem ekkert uppáhaldslag, en lag sem ég hlusta mikið á

Þó svo að tæknilega sé hvorugur þeirra litur, þá eru mínir uppáhalds „litir“ svartur og hvítur, FH litirnir. En ef ég yrði að nefna alvöru lit þá er yrði það blár, því varabúningur FH er blár.

Þessa dagana heitir Má ég koma heim og er eftir Blaz Roca.

Semurðu öll lögin þin sjálfur? Ekki alveg öll nei, en langflest.

Hefurðu lært söng? Nei, ég get ekki sagt það, en ég hef vissulega fengið tilsögn.

Í hvaða stjörnumerki ertu? Ég er Vog.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Lasanja finnst mér rosalega gott.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn? Þó svo að tæknilega sé hvorugur þeirra litur, þá eru mínir uppáhalds „litir“ svartur og hvítur, FH-litirnir. En ef ég yrði að nefna alvöru lit þá er yrði það blár, því varabúningur FH er blár.

Hvert er mesta þrakkarastrik sem þú hefur gert? Ég var rosalega lítið í þeim og er enn mjög lítið í þeim. Ætli mitt versta þrakkarastrik hafi samt ekki verið þegar ég og vinur minn á leikskóla tókum okkur til og fórum að henda steinum í bíla. Það var ekki sérlega sniðugt.

BRANDARAKISTAN

Kennari: Hvar er heimaverkefnið þitt?
Nemandinn: Ég tapaði því í slag við krakka sem sagði að þú værir ekki besti kennari skólans.

Kennari: Ef $1 + 1 = 2$ og $2 + 2 = 4$, hvað er þá $4 + 4$?
Nemandinn: Þetta er ekki sanngjarnt. Þú svarar auðveldu spurningunum og lætur okkur svara þeirri erfiðu.

Hvað er það versta sem þú finnur í skólamötuneyti?
Matinn.

Af hverju gengur þér ekki vel í sögu?
Af því kennarinn er alltaf að spyrja mig að einhverju sem gerðist áður en ég fæddist.

Hvernig ljós notaði Nói um borð í örkinni?
Flóðljós.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

2011

20. MAÍ – 5. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
www.listahatid.is

KRAKKAUPPSKRIFT

Köngulóarsamloka

Fyrir 1

- 1 rúnstycki að eigin vali
- 1 msk. sveppaostur
- 1 sneið spægipylsa
- 4-5 maisbaunir
- 8-10 strá af vorlauk
- 2 litlir bitar af gulrót, þunnst skornir

Aðferð: Skerið rúnstyckið í tvennt og smyrjið það með sveppaosti. Setjið spægipylsuna á milli og raðið vorlauknum ofan á pylsuna og látið hann skaga út fyrir brauðið báðum megin þannig að laukurinn komi út eins og köngulóarlappir. Lokið rúnstyckinu og skreytið loks andlit köngulóarinnar með því að raða maisbaunum í röð fyrir „tennur“ í miðju rúnstykkisins og notið gulrótartitana fyrir augu. Gott er að stinga maisbaunum sem og gulrótartitunum aðeins inn í brauðið þannig að það haldist betur.

HITT OG PETTA

AFMÆLIS-VEISLA Stöð 2 heldur heljarinnar veislu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag í tilefni af 25 ára afmæli sínu.

EKKI SNERTA JÖRÐINA Í Þjóðminjasafni Íslands stendur yfir sýningin Ekki snerta jörðina en þar má sjá hvernig tíu ára börn leika sér.

VOR-SÝNING FJÖLNIS Fimleikadeild Fjölnis stendur fyrir vorsýningu í Íþróttamiðstöðinni í Dalhúsum í Grafarvogi á morgun klukkan 11 og 13.



ÞAÐ ER
SPORT AÐ
SPARA



NIKE PARK II FG / TF
Fótboltaskór með gras- eða gervigrastökkum.
Stærðir: 39 - 46.

9.990



ADIDAS COPA MUNDIAL
Fótboltaskór úr mjúku kengúruleðri. Stærðir: 36 - 47^{1/3}.

25.990



ADIDAS F10 TRX FG
Fótboltaskór úr létu gerviefni. Stærðir: 40 - 46.

14.990



NIKE CTR360 LIBRETTO II FG
Fótboltaskór úr leðri. Stærðir: 40-46.

14.990



NIKE TIEMPO MYSTIC III FG
Fótboltaskór úr leðri. Stærðir: 39-47.

15.990



ADIDAS LITE
Fótboltalegghlífar.

2.290



NIKE TIEMPO PARK GUARD
Fótboltalegghlífar.

2.690



NIKE MERCURAL FADE
Fótbolti.

3.490



ADIDAS FINALE CAPITANO
Útlit boltans í úrslitaleik Meistaradeildarinnar 2011.

4.490

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ómskoðun, 6. gat, 8. forsögn, 9. þunnur vökví, 11. fyrir hönd, 12. dótarí, 14. viðburður, 16. frá, 17. skammstöfun, 18. magi, 20. samtök, 21. sál.

LÓÐRÉTT

1. líkami, 3. sjúkdómur, 4. skynja, 5. lík, 7. olíuvaxefni, 10. fálmi, 13. því næst, 15. útungun, 16. upphrópun, 19. til dæmis.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ómun, 6. op, 8. spá, 9. líp, 11. pr, 12. drasl, 14. atvik, 16. af, 17. ofl, 18. hit, 20. aa, 21. andl.
LÓÐRÉTT: 1. hold, 3. ms, 4. upplifa, 5. nár, 7. pærfinn, 10. paf, 13. svo, 15. klak, 16. aha, 19. td.

FRÁBÆRT
SAP STARF

Íslandspóstur leitar að forritara

Starfið felst í forritun, hönnun og viðhaldi á nýjum og eldri sérhönnuðum tölvukerfum í SAP og tengingar við önnur kerfi í samvinnu við aðra starfsmenn.

Hæfniskröfur:

- SAP ABAP forritunarkunnátta
- Góð þekking á SQL fyrirspurnarmálinu og reynsla í forritun
- Þekking á HTML, WML og vefforritun í .Net nýttist einnig

Leitað er að lausnamiðaðum sérfræðingi með metnað til árangurs í starfi. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilja og hæfni til að vinna í hóp.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ.

Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl.13–15. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is.



Íslandspóstur er

- Framsækið og kraftmikið fyrirtæki
- Áreiðanlegt fyrirtæki á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna
- Fyrirtæki með öflugum og uppbyggilega starfsmannastefnu

Íslandspóstur hf. • Stórhöfða 29 • 110 Reykjavík • Sími 580 1000 • www.postur.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Vor og hús

BAKPANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Það fer óneitanlega pínulítið í taugarnar á mér þegar Íslendingar dæsa og stynja af aðdáun á útlensku náttúrufræði. „Sjáðu hvað vorar snemma!“ „Sjáðu kirsuberjatrén í blóma!“ „Finndu hvað það er orðið heitt strax í maí!“ Mér finnst það satt best að segja ekkert merkileg uppgötvun að það sé hlýrra í veðri sunnar á hnettinum. Reyndar vil ég ganga lengra og segja að íslenskt vor sé mun undursamlegra fyrirbæri. Það er miklu stórfenglegri vitnisburður um sigur lífsins á dauðanum, sigur hins mjúka á hinu harða, þegar brothætt, íslensk grasnál byrjar að stingast upp úr miskunnarlausum freranum heldur en þegar hnausþykkur frumskógargróður dafnar í loftslagi þar sem varla er hægt að reka kústskaf í jörðu án þess að það laufgisti. Lítil og aumur geldingahnaupur vinnur miklu meira afrek með því að skjóta rótum í hrjóstruga, íslenska urð heldur en suðræn og litfögur lilja vinnur með því að blómstra við þau skilyrði sem jurtagróðri eru einmitt hve hagfeldust.



Það sama gildir um hús. Reykjavík er vissulega ósköp fátækleg og ómerkileg sé hún borin saman við miðaldabyggingar

evrópskra menningarborga. En mér finnst það eiginlega líka segja sig sjálf að valdhafar hafi getað bruðlað og sóað miklu meira í fburðarmikil glæsihýsi þar sem milljónir manna í gjöfulu og frjósömu landi voru arðrændar og kúgaðar öldum saman heldur en hér á mörkum hins bygglega heims þar sem nokkur þúsund sálir himdu við hungurmörk kynslóð fram af kynslóð og eina nýtilega byggingarefnið var jörðin undir fótunum á þeim.

Við ættum ekki að dást að konungshöllunum og dómkirkjunum sem reistar voru úr blóði og svita sveltandi alþýðu undir rassgati á fólki sem aldrei þurfti sjálf að dýfa hendi í kalt vatn fyrir munaðinn og hóglífið sem það naut. Ég efast um að það hafi verið ömurlegra hlutskipti að veslast upp úr hungri og vösbúð í íslenskum afdal heldur en í skítugri, erlendri stórborg á tröppum gullbryddaðra glæsihalla, ég tala nú ekki um meintra guðshúsa. Í Reykjavík er ekki mannlíf á bak við hvern múrstein, ekki tár og þjáning nafnlauss forföður á bak við hverja ufsagrýlu eða lágmynd á húsgafla. Reykjavík geymir fáar byggingar reistar á valdníðslunni sem kúguð alþýðan sætti öld fram af öld. Glæsihýsin sem kóngurinn byggði úr blóði og svita, tárur og þjáningu forfeðra okkar eru allar í Kaupmannahöfn.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fái góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:
ÍSAGA: Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - Verslanir BYKO - Atlantsólía, Kópavogsbraut

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:

Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. Vestmannaeyjar: Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. Reyðarfjörður: Landflutningar-Samskip, s. 458 8840. Ísafjörður: Þróstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.



DRENGIR SYNGJA Drengjakór Reykjavíkur heldur vortónleika sína í Hallgrímskirkju í dag. Á dagskrá verða meðal annars verk eftir Mozart og Pál Ísólfsón. Einnig verður flutt djassmessa eftir Bob Chillcot. Einsöngvari er Niels Bjarnason, meðleikari á orgel og píanó er Lenka Mátéová og Friðrik S. Kristinsson stjórnar. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og fást miðar við innganginn.

Störf fagstjóra í fræðigreinum laus til umsóknar

Listaháskólinn auglýsir eftir umsóknum um störf fagstjóra fræðigreina í tónlist, myndlist og hönnun/arkitektúr. Fagstjórar fræðigreina skipuleggja og fara með umsjón fræðikennslu innan viðkomandi deildar og bera ábyrgð ásamt deildarforseta á faglegri þróun námsins. Störfin fela í sér kennslu, stjórnun náms og stefnumótun, auk rannsókna. Fagstjórar fræðigreina verða metnir til starfstíls lektors.

Hæfniskröfur:

- Meistarapróf.
- Kennslureynsla í háskóla í fræðigreinum lista, miðlunar, og/eða menningar.
- Þekking á háskólastarfi og kunnátta í þróun náms á efstu menntastigum.
- Reynsla af rannsóknum er æskileg.

Áhersla er lögð á að fagstjórinn búi yfir þekkingu og reynslu af þverfaglegu starfi, og geti leitt verkefni og samstarf sem fer fram á milli námsbrauta og deilda skólans. Við mat á umsóknum verður jafnframt litið til hæfni umsækjanda til frumkvæðis og sjálfstæðis í starfi, og hvernig ætla megi að hann falli inn í samstarfshópinn sem fyrir er á sviðinu.

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um námsferil og störf umsækjanda, rannsóknir og ritsmíðar. Umsækjandi skal gera skýra grein fyrir kennslustörfum sínum og jafnframt veita upplýsingar um önnur störf sem hann hefur gegnt, þ.m.t. félags- og stjórnunarstörf. Þá er óskað eftir að umsækjandi leggi fram greinargerð um hugmyndir sínar um uppbyggingu fræðimenntunar innan skólans. Afrit af prófskírteinum og öðrum staðfestingum varðandi menntun skulu fylgja umsókn.

Rektor ræður í störfun í samræði við deildarforseta og stjórn að undangengnu mati dórnafndar sem dæmir um hæfi umsækjanda í samræmi við sérstakar reglur um veitingu akademískra starfa. Reglurnar eru birtar á heimasíðu skólans. Umsóknir skulu merktar viðkomandi starfi og sendar rektor, Hjálmari H. Ragnarsyni, Listaháskóla Íslands, Skipholti 1, 105 Reykjavík, eigi síðar en 20. júní næstkomandi.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
• ICELAND ACADEMY OF THE ARTS •



BRAGI ÁSGEIRSSON Sýning með nýjum verkum og gömlum verður opnuð í Gallerí Fold í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekkert til sem heitir að setjast í helgan stein

Bragi Ásgeirsson myndlistarmaður er áttæður í dag. Hann málur á hverjum degi enda vinna listamenn að sínum hlutum fram í andlátíð segir hann. Í dag opnar sýning með verkum hans í Gallerí Fold.

Verk Braga Ásgeirssonar eru þegar komin upp á vegg Gallerí Foldar þegar blaðamaður mætir til fundar við listamanninn. Bragi verður áttæður í dag og af því tilefni er efnt til sýningar á verkum hans í galleríinu. Þar gefur að líta ný verk en einnig fáein eldri, málverk, teikningar, grafík. Bragi vinnur að list sinni á hverjum degi. „Það er ekkert til sem heitir að setjast í helgan stein hjá okkur listamönnum. Við vinnum að okkar hlutum fram í andlátíð. Picasso var að mála myndir kvöldið sem hann dó. Hann gerði þá þrjár myndir á dag, sem er nokkuð gott. En var ekkert í samburði við þegar hann var upp á sitt besta,“ segir Bragi og brosir. Bragi viðurkennir að hann hafi sömuleiðis verið afkastameiri á sínum yngri árum. „Ég er ekki eins galvaskur og þegar ég var tuttugu ára,

MYNDLISTARMAÐUR, KENNARI, LISTRÝNIR

Bragi Ásgeirsson myndlistarmaður, myndlistarkennari, listrýnir og greinahöfundur er fæddur 28. maí 1931 í Reykjavík. Bragi stundaði nám í Handíða- og myndlistarskólanum, Fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn, Fagurlistaskólanum í Ósló, Listiðnaðarskólanum í sömu borg og Fagurlistaskólanum í München 1958-60. Hann dvaldi í Róm og Flórens við nám. Bragi hélt fyrstu einkasýningu sína í Listamannaskólanum við Kirkjustræti vorið 1955. Þar sýndi hann einnig 1960 og 1966. Frá þeim tíma hefur hann haldið fjölmargar einkasýningar héraðs og erlendis og tekið þátt í samsýningum sömuleiðis. Bragi Ásgeirsson var kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands árin 1956-96 með örfáum hléum. Hann var brautryðjandi í grafikkennslu á Íslandi. Bragi var listrýnir Morgunblaðsins frá 1966 ásamt því að rita ótal greinar um sjónlistir í blaðið en skrifaði einnig fjölda greina í erlend tímarit. Verk Braga eru í eigu allra helstu listasafna landsins og nokkurra erlendra, einnig fjölmargra stofnana og fyrirtækja, svo og einkaaðila og einkasafna víða um heim. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir starfa sinn, fyrir framlag sitt til íslenskrar menningar hlaut hann fálkaorðuna 17. júní 2001.

maður verður að vera í góðu líkamlegu formi til að mála,“ segir hann. Afrakstur undanfarinna ára er þó nokkuð mikill og kom Braga sjálfum á óvart þegar farið var að taka saman verk á sýninguna. „Ég geng til vinnu minnar á hverjum degi en vil ekki ofreyna mig. Ég var eiginlega hissa að sjá hvað þetta er mikið,“ segir Bragi sem er ánægður með sýninguna. „Hún hefur tekist vel, þetta er besta sýningin mín hér í galleríinu og sú sem er best sett upp,“ segir Bragi.

Ferill Braga er orðinn langur,

hann nam myndlist á fimmta og sjötta áratugnum og síðan þá hefur hann haldið fjölda sýninga hér á landi og utan landsteinanna. Hann var listrýnir við Morgunblaðið um áratugaskeið og kennari við Myndlista- og handiðaskólann sömuleiðis um áratugaskeið. „Ég fylgist ágætlega með því sem er að gerast hér, fer nokkuð reglulega á sýningar þó ekki eins mikið og áður fyrr,“ segir hann.

Sýning Braga í Gallerí Fold á Raudarárstíg opnar í dag og stendur í tvær vikur. sigrídur@frettabladid.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir.

vísir

ELDGOS & VIÐSKIPTI

Laugardagur til *lista*

Í dag laugardag, milli kl. 12.00 og 17.00, verður í höfuðstöðvum Arion banka Borgartúni 19 sýnd upptaka af fyrirlestri *Haralds Sigurðssonar* prófessors, eldfjallafræðings og forstöðumanns Eldfjallasafnsins - *viðskipti og vísindi*. Einnig eru til sýnis verk í eigu *Eldfjallasafnsins* í Stykkishólmi ásamt eldfjallaverki eftir Lawrence Wiener.


Arion banki

ICELANDAIR 

Icelandair styður GusGus og er í skýjunum yfir því af því að fengið að heimsfrumflytja nýja plötu þeirra í háloftunum.

Jon Jonsson

VÍSIR



GUSGUS - ARABIAN HORSE ÚTGÁFUTÓNLEIKAR NASA - LAUGARDAGINN 18. JÚNÍ

Forsala hefst á midi.is mánudaginn 30. Maí kl. 10:00

Vox feminae til Ítalíu

Kvennakórinn Vox feminae hitar upp fyrir söngferð til Ítalíu um miðjan júní með tónleikum í Dómkirkjunni á mánudag. Stjórnandi er Margrét J. Pálmadóttir og undirleikari Antonía Hevesi.

„Yl og trú andar þú“ er yfirskrift tónleikanna og á efnisskrá er úrval trúarlegra verk eftir jafnt íslenska sem erlenda höfunda. Kórar Margrétar hafa ferðast víða um Evrópu og oftar en ekki hefur leiðin legið til Ítalíu, þar sem hún var við sögnám. Árið 2000 vann Vox feminae til silfurverðlauna í alþjóðlegri kórakeppni sem haldin er á vegum Vatíkansins og tileinkuð tónskáldinu Palestrina.

Verkin sem nú verða flutt í Dómkirkjunni eru þau sem hljóma munu í kirkjum og tónleikasölum Verona, Piacenza og Feneyja. Vox feminae mun syngja við messu í Markúsarkirkjunni og koma fram á tónleikum og fjölda annarra tilefna.

Tónleikarnir á mánudag hefjast kl. 20, miðasala er við innganginn og miðaverð er 2.000 krónur.

W. A. MOZART

TÖFRA FLAUTAN

FRUMSÝNING 22. OKTÓBER 2011

MÍDASALA HEFST
Á MÁNUDAG KL. 12
Í HÖRPU,
Á WWW.HARPA.IS
OG Í SÍMA 528 5050

ÞÓRA EINARSDÓTTIR
FINNUR BJARNASON
GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON

JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
AUÐUR GUNNARSDÓTTIR
SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SNORRI WIUM

VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR
KOLBEINN JÓN KETILSSON
VIÐAR GUNNARSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON

LEIKSTJÓRI: ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR



ÍSLENSKA ÓPERAN

Tönnum læst í drauma

Bækur ★★★

Kafbátakórinn

Steinunn G. Helgadóttir

Uppheimar

Steinunn G. Helgadóttir hlaut ljóðstaf Jóns úr Vör 2011 fyrir ljóðið Kaf, en hafði fram til þess verið þekkt fyrir myndlist. Kafbátakórinn er hennar fyrsta ljóðabók og það leynir sér ekki að hér fer skáld með myndræna sýn á veruleikann. Hér er málað með orðum, dregnar upp smámyndir af innri og ytri veruleika, augnablikum og áratugum:

Sjónhverfing

Heitt myrkrið
ilmar eins og
appelsína.

Indigóbláur
vatnslitæðar
teikna götur
og útlínur
veggja, sem
leysast upp
og hverfa.

Eins og títt er um fyrstu ljóðabækur höfunda sem komnir eru af unglingsárum ber bókin þess nokkur merki að ljóðin eru ort á löngu tímabili og nokkurs ósamræmis gætir í gæðum þeirra. Þeim virðist þó ekki raðað í tímaröð, sem kannski hefði verið betra



upp á að lesandinn greindi betur þróun skáldsins og hvernig hún öðlast styrkari tök á forminu. Engum blöðum er þó um það að fletta að Steinunn er skáld sem á fullt erindi við lesendur. Hér er ort af næmni og tilfinningu um ástir, einmanaleika, samskiptaleysi og dauða, en einnig um feegurð, friðsæld og drauma, sem blómgast á meðan „hárið er þungt af sói“. (bls. 37) Kafbátar eru aftur og aftur notaðir sem myndlíkingar fyrir þær tilfinningar sem undir liggja og grunn-

tónn bókarinnar sá að yfirborð og undirdjúp mannshugans eigi harla fátt sameiginlegt. Tónlist er annað gegnumgangandi þema, litir sömuleiðis, og svo er vitnað í „þjóðskáldin“ á dálítið meinlegan hátt:

Íslands þúsund ár

Eilíbbð Eilíbbð
Declare independence!
Eilíbbð Eilíbbð

Ljóðin í Kafbátakórnum túlka ljófum höndum horfinn heim úr þorpum liðinnar aldar og dægurmenningu nútímans. Vísanir í snýrtivörumerki, dægurlög, mannréttindaforkólfa og skáld staðsetja ljóðin í tíma um leið og þær gefa þeim víðari skírskotun og vitna um það áreiti sem á manneskjunnar skellur úr öllum áttum. Einmanaleikinn, sem gjarnan er tengdur skáldlegri vitund, vomir hér yfir og allt um kring en skapar ekki það myrkur sem oft vill taka völdin í slíkum ljóðum. Vonin er hér, þrátt fyrir allt, fegurð náttúru og mannlífs vegur upp samskiptaleysi og „Fjallkonan elskar mig enn“. (bls. 25) Steinunn G. Helgadóttir á sterka innkomu á ljóðasviðið og það er tilhlökkunarefni að eiga von á fleiri ljóðum frá henni.

Fríðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Vel ort og myndræn ljóð sem draga upp sterkar myndir, en eru óþægilega misjöfn að gæðum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 28. maí 2011

→ Tónleikar

16.00 Drengjakór Reykjavíkur heldur vortónleika sína í dag kl. 16. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangseyrir er kr. 2.000. Frítt fyrir 12 ára og yngri.

16.00 Söngsveitin Fílharmónía heldur tónleika í Skálholti í dag kl. 16. Aðrir tónleikar sveitarinnar fara fram í Áskirkju þriðjudaginn 31. maí kl. 20. Frítt er á tónleikana í Skálholti en aðgangseyrir kr. 1500 í Áskirkju.

22.00 Þungarokksveitirnar Skálmöld, Atrium og Darknote spila á Sódóma í kvöld kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 Margrét Guðrúnardóttir og Bandið hans pabba halda tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da í kvöld kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

→ Opnanir

14.00 Sýningarnar „Samruni“ og „Leikur með línu“ opna í Kaolin gallery í dag kl. 14. Báðar standa þær til 14. júní. Opið er mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18 og frá kl. 10-15 á laugardögum.

14.00 Í tilefni átræðisafmælis Braga Ásgeirssonar, listmálara, opnar Gallerí Fold sýningu með verkum listamannsins. Sýningin opnar kl. 14 í dag. Sýningin stendur til 12. júní.

17.00 Claus Carstensen opnar sýningu sína í Kling & Bang gallerí í dag kl. 17.

Sýningin er á dagskrá Listahátíðar Reykjavíkur. Sýningarstjóri er Úlfur Grönvold.

→ Myndlist

14.00 Sýningin „Never Ending Skaga“ opnar í Mjólkurbúðinni og Boxi, sal Myndlistarfélagssins í dag kl. 14. Sýningin verður aðeins opin þessa einu helgi. Opið verður á milli kl. 14-17.

→ Markaðir

11.30 Kór Kristskirkju í Landakoti heldur flóamarkað að Hávallagötu 16 í dag. Markaðurinn hefst kl. 11.30 og stendur til kl. 17, bæði laugardag og sunnudag. Allur ágóði rennur til starfsemi kórsins.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 29. maí

→ Tónleikar

14.00 Kammerklúbburinn heldur tónleika í Gerðubergi í dag kl. 14. Kammerklúbbinn skipa 20 ungir tónlistarmenn. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Kvennakórinn Embla heldur tónleika í Fella- og Hólakirkju í dag kl. 16. Fjölbreytt efnisskrá.

20.00 Kvennakórinn Vox feminae heldur tónleika í Dómkirkjunni mánudagskvöldið 30. maí. Aðgangseyrir á tónleikana er kr. 2.000.

→ Opnanir

16.00 Ítalska félagið á Íslandi stendur fyrir hönnunar- og listasýningu í Salnum í Kópavogi. Sýningin opnar í dag kl. 16. Aðgangur ókeypis.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður í kvöld frá kl. 20-23. Dansleikurinn verður að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassik leikur danslög við allra hæfi.

→ Uppistand

20.00 Listahátíð Reykjavíkur býður til uppistands í Tjarnarbíó í kvöld kl. 20. Uppistandið verður í kringum Íslendingasögurnar. Fulltrúar Íslands eru Bergur Ebbi, Halldór Halldórsson og Uglu Egilsdóttir. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

→ Tónlist

16.00 Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag kl. 16. Gestur verður bandaríski trompetleikarinn, stjórnandinn, tónskálið og útsetjarinn Daniel Barry. Aðgangur ókeypis.

→ Leiðsögn

15.00 Í tilefni aldarafmælis Barböru Árnason, opnaði yfirlitssýningu með verkum hennar í apríl. Guðbjörg Kristjánsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna í dag kl. 15.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Ertu "enn á leiðinni" í jóga?
Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?

KUNDALINI JÓGA
ÚTI OG INNI

Orkugefandi - Markvisst - Umbreytandi

SUMARTILBOÐ
TVEIR FYRIR EINN 1. JÚNÍ – 25. ÁGÚST

Mánud. og miðvikud. kl 7.00 - 8.15
Þriðjud. og fimmtud. kl 17.45 - 19.00
Útjóga, miðvikud. kl. 17.30 - 18.30

Skráning og nánari upplýsingar:
www.jogasetrid.is
Auður Bjarna 846 1970

Lótus Jóga Setur - Borgartúni 20, 4. hæð

TJARNARBÍÓ

28

FRÖNSK BARNASÝNING
Rebhasaga

29

ÍSLENSKAR SÖGUR Í ÖVENTU LÍOSI
Bændur flugust á

30

TÓMAS R. EINARSSON
MATTHÍAS HEMSTÖCK
Strengur

31

FRUMFLUTNINGUR SEX
TÓNLEIKUR Á DANS- OG TONVERKA
Sex þör

FRAMUNDAN:
9. JÚNÍ
Varsjárbandalag

UTGAFU
TÓNLEIKAR

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

SAMRÆÐUR VIÐ LÍFIÐ

Listskýning í tilefni
áttæðisafmælis

Braga Ásgeirssonar

í Gallerí Fold
28. maí til 12. júní

Opnun kl. 14, laugardag
Allir velkomnir



Móðir og dóttir



Sumar, 2010



Flug með Sundun, 2000



Innrömmun Gallerís Foldar

**15% afsláttur
í allt sumar**

Fullkomnasta
rammaverkstæði landsins
Fjöldaframleiðum karton

Vefuppböð nr. 5

28. maí – 6. júní

LISTMUNIR

Listmunauppböð hefst
laugardaginn 28. maí



Ásgrímur Jónsson

Hægt er að skoða verkin og bjóða í á vefnum www.uppbod.is

Vefuppböð nr. 6

28. maí – 7. júní

ANTÍK

Antíkuppböð í
samstarfi við
Antíkbúðina Hafnarfirði
hefst 28. maí



Bing og Grøndal



31 milljón Bandaríkjamanna horfði á Fox-sjónvarpsstöðina þegar Scotty McCreery var kjörin Idol-stjarna ársins. Þetta er talinn vera mikill sigur fyrir nýju dómnafndina, þau Jennifer Lopez, Steven Tyler og Randy Jackson.

Ekki fyrir hjónaband

Leikkonan Eva Mendes gefur lítið fyrir hjónaband og segir það ekki nógu persónulegt fyrir sinn smekk. Mendes hefur verið með kvikmyndagerðarmanninum George Augusto í áratug en segir hjónabandið sjálft vera fremur óromantíska stofnun. „Hjónaband er eitthvað svo yfirdrifið og formfast og ég hef engan áhuga á að taka þátt í því.“



EKKI FYRIR HJÓNABAND Eva Mendes ætlar ekki að láta festa sig í gömlum reglum og hefðum.

FLOTTAR EFTIR FIMMTUGT

- Helen Mirren** þykir flottasta konan af þeim sem eru komnar yfir fimmtugu.
- Twiggy** vermir annað sætið á listanum yfir fallegustu konurnar yfir fimmtugu.
- Joanna Lumley** Bond-gellan þykir enn hafa mikinn þokka.



HELEN MIRREN ÞYKIR FEGURST

Helen Mirren hefur verið valin kynþokkafyllsta konan yfir fimmtugu. Á listanum eru gamlar kynbombur, fyrrverandi ofurfyrirsæta og ein söngkona.

Helen Mirren hefur sjaldan eða aldrei verið jafn vinsæl og um þessar mundir; hún fór á kostum í hlutverki Elísabetar drottningar í The Queen og er nú á toppi lista sem smásöluvirktekið isme.com lét taka saman. Á honum eru konur yfir fimmtugu sem þykja hvað flottastar og halda sér í toppformi þrátt fyrir að aldurinn séð farinn að færast yfir. Elstar á listanum eru Sophia Loren og Judi Dench en yngst var Emma Thompson.



Cheryl Cole í uppnámi

Samkvæmt götublaðinu The Sun átti poppsöngkonan Cheryl Cole ekki von á uppsögn úr bandarísku útgáfunni af X Factor. Simon Cowell sagði henni ekki upp augliti til auglits og gaf enga ástæðu fyrir uppsögninni. Samstarfsfólk Cowells hefur á móti sagt að hann hafi tjáð henni fyrir nokkrum dögum að hún væri ekki að virka sem dómari. Hún virtist órugg í áheyrnarprufunum og óttuðust framleiðendur að hún næði ekki til bandarískra áhorfenda. Cole hafði áður dæmt í bresku útgáfunni af X Factor ásamt Cowell við góðar undirtektir.

Brottreksturinn setur strik í reikninginn hjá Cole, sem hugðist hefja sólóferil í Bandaríkjunum. Ætlaði hún að syngja dúett með Rihönnu og Usher með aðstoð umbodsmanns síns Will.i.am. úr Black Eyed Peas. Talið er að Cole ætli að snúa aftur í breska X Factorinn og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.



X FACTOR Cheryl Cole ásamt fyrrverandi samstarfsmönnum sínum í X Factor. NORDICPHOTOS/GETTY

ORTLIEB WATERPROOF

Reiðhjólátöskur!

5 ára ábyrgð framleitt í Þýskalandi

	Back Roller Classic: Kr. 23.900,-		Front Roller Classic: Kr. 19.900,-
	Back Roller City: Kr. 17.900,-		City Biker: Kr. 20.900,-
	Bike Shopper: Kr. 14.900,-		Ultimate 5 stýristaska: Kr. 15.900,-

Hirzlan ÚTILÍF

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
Holtagörðum Sími 545 1569

ELD FÆRIN

Viðskiptavinum í Vildarklúbbi Íslandsbanka býst 20% afsláttur á allar sýningar í maí ef greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðsölu Borgarleikhússins

Baugnagrasíó í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnr: Góa og Þröst Leó í Ávintýrunum

Barnasýning með öllum töfrum leikhússins

Sýnt alla laugardaga og sunnudaga

BAUNA | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

SUPERSUB

-50% af lambasamlokum gegn framvisun auglýsingar

Nýbýlavegi 32 - S: 577 5773 - supersub.is

1. Landsmót UMFÍ 50+

24.-26. júní Hvammstanga Húnaþingi vestra
www.landsmotumfi50.is

EGF HÚDDROPAR

„Mér er illa við að nota orðið kraftaverk til að lýsa snyrtivöru, en húddroparnir komast ansi nálægt því.“
British Beauty Blogger

www.sifcosmetics.is

40 ára BROKEY Siglingafélag Reykjavíkur

Við kennum í Nauthólsvík á kænur og á Ingólfsgarði á kjölbáta (við Hörpu)

10 TIL 15 ÁRA SIGLINGANÁMSKEIÐ

Skráning er hafin á eftirfarandi námskeið:

- 30. maí - 3. júní
- 6. júní - 10. júní
- 20. júní - 24. júní
- 27. júní - 1. júlí
- 4. júlí - 8. júlí

Einnig: Kjölbátanámskeið fyrir fullorðna í allt sumar brokey.is

www.brokey.is



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



Kr. 2.790

Hlýra toppur,
margir flottir litir.



Kr. 2.790

Peysa/golla
Margir
fallegir litir



Kr. 7.590

Blúndubolur,
3 fallegir litir.



Kr. 7.790

Sumarkjöll, 2 flottir litir

Sumartískan

FÆST Í GULA HÚSINU



Kr. 3.290

Hvítur bolur, hneptur



Kr. 8.490

Hvítur og svartur jakki

Kr. 1.999

Afabolurinn
til í nokkrum
litum



Kr. 4.999

Kvartbuxur,
til í nokkrum
litum og
gerðum



Kr. 12.490

Köflóttur herrajakki



Kr. 9.590

Köflóttur
púffkjöll



Jogginggallar
Bæði til fyrir
stráka og stelpur

Kr. 4.490



Kr. 2.999

Rósakjöll,
tveir litir

Hettupeysa frá
Fruit of the
Loom.

Kr. 5.990

Kvartbuxurnar
í öllum
stærðum
og gerðum.

Kr. 2.490



**BOLA-
BRJÁLÆÐI!**


Vinsælu bómullarbolirnir
aðeins kr. 499 stk.

Kr. 499



Kr. 9.990

Svartur herrajakki



GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

ÓDÝRT & GOTT

Opið 11-19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12-17 / Sími 534 4451

Til sölu

Hús til upplyftingar

Til sölu eru timburhús til flutnings. Þau hafa verið notuð sem kennslustofur við Norðlingaskóla. Einnig er til sölu skúr til flutnings frá Hólmsheiði.

Leitað er tilboða í þessar eignir hverja fyrir sig í því ástandi sem þær eru.

Nánari upplýsingar um eignirnar eru á vefslóðinni www.reykjavik.is/fer

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | 411 1111




STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR & DANIEL BARRY

SUÐUR-AMERÍSK STÓRSVEITARARSVEIFLA



Gestur Stórsveitar Reykjavíkur á þessum tónleikum er trompetleikarinn, stjórnandinn, tónskáldið og útsetjarinn Daniel Barry frá Seattle í Bandaríkjunum. Tónlist hans er afar fjölbreytt, en hann leggur meðal annars áherslu á margvíslega Suður-ameríska tónlist og blöndur slíkrar tónlistar og jazztónlistar. Á efnisskrá tónleikanna verður nýleg stórsveitarstónlist eftir Daniel Barry, að verulegu leyti undir suður-amerískum áhrifum.

Ráðhús Reykjavíkur
Sunnudag 29. maí. kl. 16:00

Aðgangur ókeypis



Tónlistarsjóður

Þýska þjóðin hituð upp

Sagnararfur og þjóðardramb Íslendinga er á meðal þess sem sex listamenn velta fyrir sér í ljóða-, leikhús-, sagna- og tónlistarsýningunni Bændur flugust á sem verður flutt í Tjarnarbíói á morgun.

Verkið er hluti af Listahátíð í Reykjavík og listamennirnir sem um ræðir eru Bergur Ebbs Benediktsson, Halldór Halldórsson, Ugly Egilsdóttir ásamt Þjóðverjunum Noru Gomringar, Finn-Ole Heinrich og Hannes Wittmer sem er einnig þekktur sem Spaceman Spiff.

Í sýningunni velta listamennirnir meðal annars fyrir sér hvort Íslendingasögurnar séu heimild um stór-

mennsku Íslendinga á miðöldum eða Eurovision-framlag síns tíma. Þá er velt fyrir sér hvort útlingar hafi einhvern áhuga á Íslendingasögum eða hvort það þurfi að tjúna sögurnar upp með álfum og einhyrningum til að þær passi inn í þá ímynd sem þeir hafa af Íslandi.

Ísland verður heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt í október næstkomandi. Íslenskar bókmenntir hafa löngum notið vinsælda í Þýskalandi og nú er væntanleg ný heildarþýðing Íslendingasagna á þýsku. Verkinu Bændur flugust á er ætlað að hita þýsku þjóðina upp fyrir Bókasýninguna í Frankfurt og verður sýnt víðs vegar um Þýskaland fram á haust.



GÓÐUR HÓPUR Bergur Ebbs Benediktsson, Halldór Halldórsson og Ugly Egilsdóttir ásamt Þjóðverjunum Noru Gomringar, Finn-Ole Heinrich og Hannes Wittmer.

Heimili Bonds og Batmans

Ridley Scott er áhugasamur um að taka upp tvær kvikmyndir hér á land: Reykjavík og geimverutryllinn Prometheus. Íslenskt landslag hefur áður verið notað sem leikmynd fyrir Hollywood en þó sjaldnast sem Ísland sjálft. Fréttablaðið rifjaði upp helstu Hollywood-smellina sem hafa verið teknir upp hér á landi.



LARA CROFT: TOMB RAIDER (2001) Sennilega í fyrsta og eina skiptið sem karpeningurinn hefur hrópað húrta yfir heimsókn Hollywood-stjörnu. Angelina Jolie og Daniel Craig komu hingað til lands og dvöldust við Jökulsárlón í tvær vikur. „Þetta er einn minnstæðasti tími lífs míns,“ rifjaði Craig upp seinna meir í viðtali við Fréttablaðið.



FLAGS OF OUR FATHERS (2006) Stærsta kvikmyndaverkefni Íslandssögunnar. Hátt í þúsund manns fengu vinnu hjá sjálfum Clint Eastwood þegar hann lagði Sandvík undir sig fyrir stríðsmyndina sína. Íslenskt landslag hefur aldrei verið jafn áberandi í nokkurri kvikmynd. Kvikmyndatimaritíð Variety greindi síðan frá því að í þessi fimm ár, 2001-2006, höfðu kvikmyndagerðarmenn frá Hollywood eytt fimm milljörðum íslenskra króna hér á landi.



DIE ANOTHER DAY (2002) Enn og aftur varð Jökulsárlón fyrir valinu og enn og aftur var James Bond mættur til leiks. Að þessu sinni var það Die Another Day með Pierce Brosnan og Halle Berry. Og loksins fékk Ísland sinn sess, vonði karlinn með demantsandlitíð var nefnilega með íshöll á Íslandi og Bond reyndi að hafa hendur í hári hans. Magnaður bílaeltíngaleikur á lóninu stendur upp úr annars slappri Bond-mynd.



BATMAN BEGINS (2005) Svínafellsjökull varð fyrir valinu hjá Christopher Nolan þegar hann hugðist kvikmynda upphaf Leðurblökumansins og stranga þjálfun hans í Tibet. Íslenska landslagið varð mun fyrirferðarmeira en menn höfðu búist við og áhorfendur supu hveljur þegar þeir sáu sjálfan Bruce Wayne í æsilegum slag á Íslandi.

A VIEW TO A KILL (1985) Margir Íslendingar ráku upp stór augu þegar bandarískt tókulið tók sér bólfestu við Jökulsárlón og sjálfur James Bond skíðaði niður jökulinn. Atriðið, sem hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu, var fremur stutt en íslenska þjóðarstoltið fékk eitthvað fyrir sinn snúð. Framleiðandi myndarinnar upplýsti reyndar að flestir leikararnir hefðu verið staðgenglar.



HOSTEL II Ekki er hægt að ljúka þessari upptalningu án þess að minnst á hryllingsmyndaleikstjórnann Eli Roth. Hann hefur alltaf talað fallega um Ísland, fékk hugmyndina að Cabin Fever hér á landi og lét eina persónu í Hostel I tala íslensku. Bláa lónið í Grindavík fékk að njóta sín í framhaldinu.

Ekki kærustupar

Bandarískir fjölmiðlar hafa velt sér mikið upp úr því hvort Idol-þátttakendurnir Lauren Alaina og Scotty McCreery séu par. Þau eru þó aðeins nánir vinir að sögn McCreery.

„Við erum bara nánir vinir. Ég hittir hana strax fyrsta daginn í Hollywood-víkunni og með okkur hefur tekist mikil vinátta. Við vorum einnig í sama skóla þannig að við þekktumst aðeins áður, en við erum ekki par,“ sagði hinn

ungi Idol-sigurvegari á úrslitakvöldinu. Söngvarinn mun nú vinna að sinni fyrstu hljómplötu og segist McCreery ætla að vanda til lagavalsins. „Ég vil fá nokkur góð lög á plötuna, það skiptir mestu máli núna. American Idol er aðeins stökkpallur út í tónlistarbransann, ég þarf að sjá um rest.“

EKKI PAR Idol-þátttakendurnir Lauren Alaina og Scotty McCreery eru ekki par. NORDICPHOTOS/GETTY



Laugardagur til lukku!



Til í orange, svörtu ofl. | 6.990,-



mjög klæðilegur | 7.990,-



25% afsláttur
um helgina
af völdum vörum í
smáralind, Kringlunni
og Laugavegi



Gráir/svartir | 6.990,-



Gráir/svartir | 10.990,-



Svartir / gráir | 6.990,-



Gráir/bláir | 8.990,-



Hvítir/svartir | 6.990,-



Svartir/silfur | 7.990,-



KRIGLUNNI,
SMÁRALIND OG
LAUGAVEGI 25



MÖRG TÁRVOT AUGNABLIK Lokastundin var dramatísk hjá tárvotri Oprah Winfrey en þáttur hennar hefur ófáum sinnum grætt bæði hana og áhorfendur. NORDICPHOTO/AFP

Oprah kveður eftir 25 ár

Ákveðnu tímabili er lokið í bandarískri sjónvarps-sögu með brotthvarfi Oprah Winfrey af skjánum. Saga eins vinsælasta spjall-þáttastjórnanda í heimi er í líkingu við Öskubusku-ævintýri en hún snýr sér nú að því að byggja upp eigin sjónvarpsstöð.

„Þið og þessi þáttur eruð ástin í mínu lífi,“ sagði tárvot Oprah Winfrey þegar hún kvaddi sjónvarps-áhorfendur í hinsta sinn eftir 25 ára dvöl á skjánum. Þar með er ákveðnu tímabili lokið í banda-

rískri sjónvarps sögu og eru þeir margir áhorfendurnir sem kveðja spjallþáttinn og þá ekki síst stjórnandann með miklum söknuði.

Til að slá botninn í 25 farsæl ár var þriggja þátta lokasyrpa þar sem stjórnurnar kepptust við að hylla Winfrey. Stjórnur á borð við Tom Cruise og Katie Holmes, Madonna, Tom Hanks, Halle Berry, Beyoncé og Dakota Fanning voru meðal þeirra komu fram í þáttunum.

Fyrsti þáttur af The Oprah Winfrey Show fór í loftið árið 1986 og hefur þátturinn á þessum árum þróast úr því að vera slúður-spjallþáttur fyrir konur í vandaðan umræðuþátt með menning- arumfjöllunum og viðtölum við

stórstjórnur í bland við stór samfélagsleg vandamál í Bandaríkjunum.

Oprah fæddist ekki með silfur-skeið í muninum. Fátæk, einstæð móðir ól hana og flakkaði Oprah á milli fósturfjölskyldna og ættingja og var æska hennar enginn dans á rósum. Hún hefur verið hrein-skilin við áhorfendur gegnum tíðina um æsku sína og í þætti sínum árið 1986 sagði hún frá því að hún hefði orðið fyrir misnotkun.

Árið 1995 komst Oprah Winfrey inn á lista Forbes yfir 400 ríkustu einstaklinga heims og hefur verið fastagestur á þeim lista síðan. Árið 2010 voru auðæfi Oprah Winfrey metin á 314 milljarða íslenskra króna. alfrun@frettabladid.is

OPRAH Í MÁLI OG MYNDUM

1954 Oprah Winfrey fæddist hinn 29. janúar. Hún hét Oprah Gail Winfrey en breytti nafni sínu.

1985 Oprah Winfrey hefur ekki farið leynt með baráttu sína við aukakílóin og hér er hún í sjónvarps- verinu í morgunþættinum á WLS TV í stellingum fyrir framan ísskáp.



1985 Oprah Winfrey vekur athygli fyrir leik sinn í mynd Stevens Spielberg, The Color Purple. Winfrey var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkona í aukahlutverki.

1986 Hinn 8. september fer þátturinn The Oprah Winfrey show í loftið og er syndur um öll Bandaríkín. Leiðin liggur bara upp á við eftir það.

1993 Tímamótaviðtal Oprah Winfrey við poppkonunginn Michael Jackson slær áhorfsmet en um 36,5 milljónir manna sátu fyrir framan skjáinn.



1999 Besta vinkona Winfrey, Gayle King, ritstýrir blaðinu O, The Oprah Magazine. Uppi hafa verið sögu- sagnir þess efnis að þær tvær séu par en Winfrey og King hafa alfarið neitað því.

2000 Winfrey kemst á stall með konum á borð við Hillary Clinton, þegar hún er sögð vera ein valdamesta kona veraldar og áhrifamesti blökkumaður tuttugustu aldar, af bandaríska tímaritinu Life.

2006 Tom Cruise hoppar í sófanum í þætti Oprah Winfrey til að lýsa yfir ást sinni á Katie Holmes. Atvikið vekur mikla athygli.

2007 Stúlknaskóli Oprah Winfrey í Jóhannesborg í Suður-Afríku hefur starfsemi sína.



2006-2008 Oprah Winfrey lýsir opinberlega yfir stuðningi við forsetaframbjóðandann Barack Obama. Stuðningur hennar er talinn hafa skilað Obama yfir milljón atkvæða og sumir hafa tekið svo sterkt til orða að eigna Winfrey heiðurinn að sigri hans í forseta- kosningunum.

2011 Hinn 25. maí endar sjónvarps- tíð The Oprah Winfrey Show og hin valdamikla spjallþáttadrottning hefur störf á sinni eigin sjónvarps- stöð, OWN.

Hreinn sparnaður!

FJÖLDI ÞVOTTA FYRIR HVERJAR 1.000 KR*:



MILT FYRIR ALLAN ÞVOTT
22 kr. hver þvottur

NEUTRAL STORVASK
43 kr. hver þvottur

ARIEL BIOLOGICAL
50 kr. hver þvottur



ÞVOÐU OFTAR MEÐ MILT FYRIR ALLAN ÞVOTT

- Sérþróað gæðapvottaefni fyrir íslenskt vatn
- Án efna sem sitja eftir í tauinu
- Án fosfata
- Nægir að þvo á 40–60°C

Flestir þvottar fyrir færstar krónur!

mjöll frigg

– hreinlega sterkari

Staupaði sig fyrir meðferð

Söngkonan Amy Winehouse er farin enn eina ferðina í meðferð. Á leiðinni á meðferðarstofnunina kom söngkonan þó við í verslun og keypti sér vodkafloösku sem hún drakk á staðnum.

Viðskiptavinur verslunarinnar segist hafa orðið hissa að sjá Winehouse kaupa sér sterkt áfengi svo snemma morguns. „Hún leit ekki vel út og var þvoglumælt. Ég var hissa að sjá hana kaupa áfengi svo snemma morguns og varð enn meira hissa þegar ég sá hana staupa sig í versluninni,“ sagði viðskiptavinurinn í samtali við The Sun.

Winehouse mun að þessu sinni dvelja á meðferðarheimilinu The Priory, en þangað hafa stjörnur á borð við Lily Allen, Susan Boyle, Pete Doherty, Courtney Love, Kate Moss og Robbie Williams leitað sér aðstoðar.



Í MEÐFERÐ Amy Winehouse fékk sér vodka áður en hún hélt af stað í meðferð. NORDICPHOTOS/GETTY



BÆTIR ENGU VIÐ Annar hluti Hangover-ævintýrisins reynir um of að sjokkera áhorfendur.

Bíó ★★

The Hangover: Part II

Leikstjóri: Todd Phillips

Leikarar: Bradley Cooper, Ed Helms, Zach Galifianakis, Justin Bartha, Ken Jeong, Jeffrey Tambor, Jamie Chung, Paul Giamatti

Reynir of mikið, en samt ekki nóg

Kvikmyndin The Hangover kom út árið 2009 og malaði gull. Ég man hreinlega ekki eftir gamanmynd frá fyrsta áratug aldarinnar sem hlaut meiri athygli og vinsældir en hún. Myndin sagði frá nokkrum félögum sem vökn-uðu timbraðir eftir steggjun eins þeirra og mundu ekki bofs. Einn þeirra var týndur, annar hafði misst tönn og í lokin tókst þeim í sameiningu að púsla saman atburðum kvöldsins áður, sem hafði svo sannarlega verið rosalegt.

Nú er komin framhaldsmynd sem ber hið ágæta nafn The Hangover: Part II (smellin Godfather-tilvitnun geri ég ráð fyrir). Söguþráðurinn er sá sami, en nú eru okkar menn staddir í Tailandi. Tilvonandi brúðgumi fyrri myndarinnar er enn á ný að fara að kvænast, strákarnir steggja hann duglega og morguninn eftir vakna þeir í Bangkok og enginn man neitt.

Fyrri myndin var ekki jafn sprenglægleg og margir vildu meina, og þessi er eins, nema að því leyti að hún fer lengra yfir strikið. Húmorinn er groddalegri og persónurnar eru orðnar ýktari. Eins og til dæmis Alan (Zach Galifianakis), sem er ekki lengur krúttlega furðulegur og spúki, heldur hallærislega heimskur og á köflum bara hreinlega leiðinlegur.

Þessi annar hluti Hangover-ævintýrisins bætir engu við fyrri myndina og reynir um of að sjokkera áhorfendur með neðanbeltishúmor. Útkoman virkar því þvinguð og neistaflug milli leikara er af skornum skammti. En aðdáendur seriunnar þurfa þó ekki að örvaenta því að það er nokkuð fyrir-séð að The Hangover: Part II mun raka inn seðlum og verða ein vinsælasta mynd ársins. Hvar ætli þeir vakni næst?

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Ósköp rislitið og fyrirsjáanlegt. Aðdáendur Billy Joel fá nokkra óvænta glaðninga.

KK og Maggi spila í kvöld

Tónlistarmennirnir KK og Maggi Eiríks halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld og stíga þeir á svið kl. 22. Þar spila þeir ýmis lög sem hafa notið vinsælda á löngum ferli þeirra. Í Fréttablaðinu í gær kom ranglega fram að tónleikarnir hefðu verið í gærkvöldi og bedist er velvirðingar á því. KK og Maggi eru báðir heiðursmeðlimir Blúsfélags Reykjavíkur og hafa gefið út sex plötur saman, þar á meðal þrjár vinsælar Ferðalaga-plötur. Þeir hafa spilað reglulega á Rosenberg um árin enda líður þeim ákaflega vel þar.



KK OG MAGGI Halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld kl. 22. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forréttir

Ravioli Fritti

Stökkt ravioli með fjögurra osta fyllingu og bragðmikilli arrabbiata sósu.

Hvítlauksbakaðir humarhalar

Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.

Prosciutto með truffluolíu

Ekta ítölsk Prosciutto með karamelluðum furuhnetum, baby mozzarella, hægelduðum tómatar og truffluolíu.

Bruschetta Mozzarella

Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

Carpaccio classico

Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettsalati, parmesanosti og klettsalatspestó.



Eftirréttir

Amaretto súkkulaði Brownie

Með vanillu gelato.

Lakkrissprengja

Blandaður gelato með fullt af lakkrís og svo meiri lakkrís – fyrir þá sem elska lakkrís.

Kókossprengja

Blandaður gelato með kókósbollu, ferskum jarðarberjum, rjóma og súkkulaðisósu.

3ja rétta matseðill aðeins 2.990 kr.

Þú velur 1 rétt úr hverjum flokki. Gildir sunnudaga, mánudaga og þriðjudaga út maí.



Aðalréttir

Humar og risarækju Linguini

Linguini pasta með risarækjum, humri, klettsalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

Túnfisk Rigatoni

Rigatoni pasta með tonno all'olio d'oliva, tómtum, chili og ferskri basilíku í arabbiasósu. Bragðbætt með sítrónu og ólífuolíu.

Kjúklinga Tagliolini

Tagliolini pasta með steiktum kjúklinga-bitum, sveppum, spinati og pancetta í hvítvinsrjómasósu.

Svakalegt kjúklingasalat

Stökktur kjúklingur, fersk basilíka, tómatar, mangó, cous-cous, karamellaðar furuhnetur og UNO dressing.

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is

HÚSMÓÐIRIN

NÝR ÍSLENSKUR
GLEÐILEIKUR

„Svo fyndin að maður missir
andlitið og gapir“ K.H.H. Fréttatíminn

Vesturport

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Ósottar pantanir seldar daglega!

ÖLL TRIXIN Í BÓKINNI
OG NOKKUR TIL

Borgarleikhúsið



E.B. Fréttablaðið

midí.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

FRÁBER SPENNUMYND MED ÍSLENSKU STÓRSTJÓRNUNNI ANÍTU BREIM

PAUL

Gnómíó & Júlía 3D ÍSLENSKT TAL

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.


LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
DYLAN DOG	5.50, 8 og 10.10
PAUL	5.50, 8 og 10.10
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL	2(950 kr) og 4
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL	2(700 kr) og 4
FAST & FURIOUS 5	7 og 10
HOPP - ISL TAL	2(700 kr) og 4

Adele sú valdamesta í tónlist

Söngkonan Adele hefur verið nefnd valdamesta manneskjan í breska tónlistariðnaðinum í dag. Hljómplata Adele, 21, var mest selda platan í fimmtán löndum og hefur selst í yfir sex milljónum eintaka.

Dómnefndin sagði Adele vera hreinræktaðan tónlistarmann sem stýddist ekki við búninga, eldglæringar eða kynþokka til að selja tónlist sína. Í öðru sæti voru forstjórar útgáfufyrirtækjanna Universal Music Group og Universal Music UK, sem eru með tónlistarfólk á borð við Lady Gaga, Justin Bieber og Rolling Stones á sínum snærum. Á hæla þeirra kom Simon Cowell, útgefandi og fyrirverandi dómari sjónvarpsþáttanna American Idol.

Aðrir sem komust á topp tíu listann voru George Ergatoudis, útvarpsstjóri BBC Radio, og Chad Hurley, Steve Chen og Jawed Karim, stofnendur Youtube.



VALDAMIKIL Söngkonan Adele var nefnd valdamesta manneskjan í breska tónlist í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

SAMBÍÓINN

★★★★★ Times out new york

HANGOVER PART II

ÞESSI MYND Á EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ VELTAST UM AFHLÁTRI

★★★★★

PIRATES OF THE CARIBBEAN ON STRANGER TIDES

Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffrey Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

SAMBÍÓINN	ALFABAKKA	EGILSHÖLL	
HANGOVER 2 1-3:20-5:40-6:50-8-9-10-10:20-11:20	12	HANGOVER PART II 3:20-4-5:40-6:20-8-9-10:20-11:20	12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 1-2(20)-5:40-8-10:20	VIP	PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D kl. 4.30-5-8-10	10
SOMETHING BORROWED kl. 1(20)-2(30)-4(20)-5(30)-7(20)-8(30)-10(20)-11(30)	10	SOMETHING BORROWED kl. 7.30	L
DÝRAFJÖR M/isl.Tali kl. 2(20)-4(20)	L	THOR 3D kl. 11	12
SOMETHING BORROWED kl. 1:30-3:40-5:50-8	L	ANIMALS UNITED 3D kl. 2	L
FAST FIVE kl. 10:20	12	RIO kl. 2	L
AKUREYRI		HANGOVER PART II kl. 1 (ADEINS SUNNUDAG)	L
ANIMALS UNITED kl. 2-4	L	ÆVINTYRI SAMMA kl. 10-12 (ADEINS GRAF-LAUGARDAG)	L
HANGOVER 2 kl. 6-8-10:20	12	ÆVINTYRILEGUR FLÓTTI kl. 10-12 (ADEINS GRAF-LAUGARDAG)	L
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 3-6-9	10	DÝRAFJÖR kl. 10-12 (ADEINS GRAF-LAUGARDAG)	L
SELFOSS		GEIMAPAR 2 kl. 10-12 (ADEINS GRAFARVOGS-LAUGARDAG)	L
THE HANGOVER 2 kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:20	12	KRINGLUNNI	
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5-8-10:50	10	THE HANGOVER 2 kl. 1 (laugardag) - 1:30(sunnudag)	12
ANIMALS ÚT M/isl.Tali kl. 2	L	2:20-3:40-4:40-5:50-6:50-8-9-10:20-11:20	12
		PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 3(30)-6(30)-9(30)	10
		DÝRA FJÖR 3D M/isl.Tali Sýnd kl. 1(30)	L

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH 700 KR. ATH 900 KR. Í 3D.

AVINTYRI OLINT ÖLLUM ÖÐRUM AVINTYRUM.

Gnómíó & Júlía 3D SÝND KL.2 ATH 700 KR. SÝND KL.2

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSBÍÓ

SMÁRA BÍÓ real D 3D

TILBOÐSBÍÓ - LAUGARDAG OG SUNNUDAG

PIRATES 4	KL. 1 (TILBOÐ)	10
GNÓMÉÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	L
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L

midí.is facebook /smarabio

TILBOÐSSÝNINGAR

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

HANGOVER PART II

PIRATES OF THE CARIBBEAN

ANIMALS UNITED 3D

SÝND MED ISL. TAL

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

real D 3D FULLKOMIN GÆÐI!

"BESTA 'PIRATES' MYNDIN" - M.P. FOX TV

★★★★★ PH. BOXOFFICEMAGAZINE

PIRATES OF THE CARIBBEAN

10 LÚXUS STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND

14

PAUL

FAST & FURIOUS 5

Gnómíó & Júlía 3D

midí.is

TILBOÐSBÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ 3D

TILBOÐSBÍÓ - LAUGARDAG OG SUNNUDAG

WATER FOR ELEPHANTS	KL. 3 (TILBOÐ)	L
GNÓMÉÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 4 (TILBOÐ)	L
HÆVNEN	KL. 3 (TILBOÐ)	12
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L

midí.is facebook /haskolabio

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	NÁNAR Á MIÐLIS
PIRATES 4 3D KL. 1 (TILBOÐ)	- 2 - 4 - 8 - 10 - 11	10
PIRATES 4 3D Í LÚXUS	KL. 2 - 5 - 8 - 11	10
PRIEST 3D	KL. 8	16
GNÓMÉÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 6	L
FAST FIVE	KL. 10.30	12
THOR 3D	KL. 10.30	12
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
SUNNUDAGUR - ANNAÐ ÖBBREYTT FRÁ LAUGARDEGI		
PIRATES 4 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 2 - 4 - 5 - 8 - 10 - 11	10
PRIEST 3D	KL. 6 - 8 - 10.30	16
FAST FIVE	KL. 8 - 10.40	12
THOR 3D	KL. 8	12
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	
DYLAN DOG	KL. 5.40 - 8 - 10.20	14
WATER FOR ELEPHANTS	KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30	L
GNÓMÉÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 4 (TILBOÐ) - 6	L
HÆVNEN	KL. 3 (TILBOÐ) - 5.40 - 8	12
HANNA	KL. 10.20	16
PRIEST 3D	KL. 8 - 10	16
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L
BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	
DYLAN DOG	KL. 8 - 10	14
PAUL	KL. 3.40 (TILBOÐ) - 8 - 10	12
FAST FIVE	KL. 5.40	12
GNÓMÉÓ & JÚLÍA 3D	KL. 4 (TILBOÐ)	L
PRIEST 3D	KL. 5.50	16

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFE

LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR

INCENDIES	18:00, 21:00
IDI I SMOTRI	20:00
HUR MÁNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN?	18:00, 20:00, 22:00
OKKAR EIGIN OSLÓ	18:00
ROUTE IRISH	22:30
DUGGHOLUFÓLKID (MED ENSKUMTEXTA)	18:00
MÝRIN (MED ENSKUMTEXTA)	20:00
ROKLAND (MED ENSKUMTEXTA)	22:00

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

MÖRKUM NÝ SPOR Í SÖGUFRÆGU HÚSI VIÐ LAUGAVEG

Í dag opnar Timberland sína fyrstu sérhæfðu skóverslun á Íslandi í sögufrægu timburhúsi á Laugavegi 6. Fyrir um hundrað árum voru einnig seldir skór í þessum húsakynnum því að Moritz W. Biering hóf skósölu og skósmíðar í vestari stofu hússins rétt eftir aldamótin 1900. Á svipuðum tíma hóf stofnandi Timberland, Natan Swartz, að læra skósmíði í Boston (MA) í Bandaríkjunum með góðum árangri. Í dag er Timberland eitt stærsta skó- og útiverumerkið í heiminum með verslanir í meira en 130 löndum. Og nú markar Timberland spor sín á Laugaveginum.

Í nýju Timberland skóversluninni finnur þú gott úrval af vönduðum dömu-, herra- og barnaskóm. Það er full ástæða til að kíkja í heimsókn, máta nýja skó og setja sig í spor forfeðranna. Verið velkomin!

OPNUNARTILBOÐ

30% AFSLÁTTUR



Ossipee 2,0
Herraútvistarskór
Gore-Tex

áður ~~19.990~~
kr. 13.993

30% AFSLÁTTUR



Ossipee 2,0
Dömuútvistarskór
Gore-Tex

áður ~~19.990~~
kr. 13.993

30% AFSLÁTTUR



Trailscape Ex
Barnaskór

áður ~~8.990~~
kr. 6.293

30% AFSLÁTTUR



Trailscape Ex
Barnaskór

áður ~~8.990~~
kr. 6.293

Stattu traustum fótum með Timberland



TIMBERLAND KRINGLUNNI

Kringlunni 8-12 · 103 Reykjavík · Sími 533 2290
kringlan@timberland.is · timberland.is

TIMBERLAND LAUGAVEGI

Laugavegi 6 · 101 Reykjavík · Sími 533 2291
laugavegur@timberland.is · timberland.is





ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ í handbolta mætir ógnarsterku liði Svía í tvígang næstu daga. Fyrst á morgun klukkan 16.00 og svo á mánudagskvöldið klukkan 19.30, en báðir leikir fara fram í Vodafone-höllinni. Svíþjóð varð í öðru sæti á EM í desember en Ísland er nú að búa sig undir leiki gegn Úkraínu í undankeppni HM í Brasilíu.



HLYNUR GEIR Stigameistari á móta-röðinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN GARDARS

Eimskipsmótaröðin í golfi: Vertíðin hefst á Garðavelli í dag

GOLF Keppnistímabilið hjá afrekskyllingum landsins hefst með formlegum hætti í dag. Leiknar verða 36 holar eða tveir hringir á Eimskipsmótaröðinni og fer fyrsta mótið fram á Garðavelli á Akranesi og nefnist það Örninn golfmótið.

Hlynur Geir Hjartarson úr GK varð stigameistari í fyrra í karlaflokknum og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni hefur titil að verja í kvennaflokknum.

Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson er ekki á meðal keppenda en hann er að keppa í Belgíu. Góð þátttaka er á mótinu, um 140 kyllingar, og stigameistarar síðasta árs eru að sjálfsgöðu á meðal keppenda.

Golfsambandið mun leggja mikla áherslu á að miðla upplýsingum um gang mála í keppninni á vefnum og er hægt að fylgjast með skori keppenda í farsímum á slóðinni golf.is/skor eða m.golf.is/skor.

VALITOR-BIKARINN

FH og KR drógust saman

Dregið var í 16 liða úrslit Valitor-bikarkeppni karla í gær. FH og KR lentu saman en þessi tvö lið voru þau einu sem þurftu að slá Pepsi-deildarlið úr leik í 32 liða úrslitunum. Valur mætir ÍBV og Íslandsmeistarar Breiðabliks fara á Vestfirði þar sem þeir leika við BÍ/Bolungarvík. Frekari upplýsingar má finna á íþróttavef Vísis.

Höfum lagað mistökin frá 2009

Úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld en þá eigast við Manchester United og Barcelona. Stjórar liðanna eru sparir á stóru orðin og bera greinilega virðingu fyrir styrkleika andstæðingsins.

FÓTBOLTI Hápunktur knattspyrnuvertíðarinnar verður í kvöld, þegar Manchester United og Barcelona eigast við í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu á Wembley-leikvanginum í Lundúnum. United er að spila sinn þriðja úrslitaleik á fjórum árum en liðið tapaði einmitt fyrir Barcelona þegar liðin mestust í úrslitaleiknum árið 2009.

Sparkspekingar telja margir hverjir að Börsungar séu líklegir til að endurtaka leikinn nú. En Sir Alex Ferguson, stjóri United, þolir ekki að tapa og vill allra síst lúta öðru sinni í gras gegn spænska risanum.

United byrjaði vel í úrslitaleiknum fyrir tveimur árum en þegar Samuel Eto'o skoraði fyrir Barcelona á tíundu mínútu tóku þeir spænsku öll völd í leiknum. Paul Scholes, leikmaður United, er staðráðinn í að láta það ekki endurtaka sig.

„Þetta var ekki skemmtilegt kvöld og sumarið leið mjög hægt. Í þetta skiptið ætlum við í það minnsta að leggja okkur almennilega fram.“

Ferguson segir þó að leikurinn í dag snúist ekki um að ná fram hefndum. „Það voru okkur vonbrigði að tapa leiknum en það er ekki aðalmálið. Þetta snýst um stolt okkar,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær. „Við erum einbeittir í þetta skiptið og undirbúningurinn hefur verið betri. Ég held að við höfum gert ein eða tvö mistök í undirbúningnum síðast. Ekki núna.“

United tryggði sér

Englandsmeistaratilinn fyrir tveimur vikum og fékk því nægan tíma til undirbúnings. „Það skipti máli og hjálpaði okkur. En það sem mestu skiptir er að leikmenn hafi trú á eigin getu og treysti hver öðrum – vegna þess að ég treysti þeim,“ sagði Ferguson.

Ferguson hrósaði kollega sínum, Pep Guardiola, fyrir þann árangur sem hann hefur náð með liði Barcelona. „Hann hefur náð frábærum árangri, einkum miðað við hvað hann er ungur,“ sagði Ferguson. „Það er hægt að sjá hvernig liðið hefur þroskast síðan það vann okkur í Róm fyrir tveimur árum. Hann hefur breytt því hvernig liðið spilar og hefur mjög sterka nærveru.“

Liði Barcelona hefur margsinnis verið hampað sem einu besta liði heims, ef ekki einu því besta frá upphafi. Því er Guardiola ósammála.

„Við erum ánægðir ef fólk nýtur þess að horfa á okkur spila. En við verðum að bera virðingu fyrir liðum eins og Brasilíu, Liverpool, Manchester og jafnvel Real Madrid þegar það var upp á sitt besta,“ sagði Guardiola.

„Það er mjög erfitt að bera svona lagað saman. Það er ómögulegt að leggja mat á það hvaða leikmaður sé besti knattspyrnumaður allra tíma – Pele, Maradona, Messi eða

TÖFRAMENN Lionel Messi og Andrés Iniesta, leikmenn Barcelona, munu hafa mikið að segja um hvernig leikurinn þróast í kvöld.



LEGGUR Á RÁÐIN Sir Alex Ferguson stýrir æfingu með Manchester United fyrir leikinn mikilvæga gegn Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY

Beckenbauer. En allir þessir leikmenn hafa lagt sitt af mörkum til að gera knattspyrnuna betri en hún var áður.“

Þó eru flestir sammála um að fá lið standi Barcelona snúning þegar leikmenn liðsins ná að sýna sitt besta. „Við viljum reyna að halda boltanum og spila honum hratt á milli okkar. Við ætlum að sækja hratt á þá og skapa okkur færi. Við vitum nefnilega að það gæti reynst hættulegt að missa boltann því Manchester getur gert okkur erfitt fyrir.“

